## SÓLBLÓMAFRÆ FYRIR SYKURSJÚKA ÞJÓÐ

Sverrir Guðjónsson og Telma Tómasson setjast á Rökstóla



RÖKSTÓLAR 18

## MARC JACOBS HANNAR FYRIR LOUIS VUITTON



TÍSKA 38

## SÆLKERAMÆÐGUR Í PARÍS

BÓK SEM FJALLAR UM MATARVERSLANIR, MARKAÐI, VEITINGAHÚS OG ELDAMENNSKU BORGARINNAR




FERÐALÖG Í MIÐJU BLAÐSINS


# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

23. maí 2009 — 122. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



HELGARVIÐTAL 22



Árni Páll Árnason um niðurskurð og skuldir heimila

SAKAMÁL 24

Blóðslóðir og CSI- vísindi

VIÐTAL 26

Kjánalegur húmor er skemmtilegur


TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG






STOFUSTÁSS Fullt var á stofutónleikum tónlistarkonunnar Ólafar Arnalds sem haldnir voru í gær á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Margir gestanna höfðu flogið sérstaklega til landsins vegna tónleikanna. Ólöf lék á margvíslega gítara og strengjahljóðfæri eins og sést á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ríkisbankar sagðir hindra samkeppni

**Forstjóri Office 1 segir samkeppni ógnað með rekstri ríkisbankanna á gjaldþrota félögum undir nýjum kennitölum. Viðskiptaráðherra segir málið áhyggjuefni.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það verður erfiðara og erfiðara fyrir þau félög sem eftir eru einkarekin á markaði að taka þátt í eðlilegri samkeppni þegar búið er að breyta rekstrarforsendum með þessum hætti,“ segir Kjartan Örn Sigurðsson, forstjóri Office 1.

Kjartan skrifar grein í Fréttablaðið í dag um stöðuna á ritfangamarkaði eftir að bankar yfirtóku A4 skrifstofuvörur og Pennann sem urðu gjaldþrota í byrjun apríl. Bankarnir héldu rekstrinum áfram undir nýjum kennitölum.

Kjartan segir ný félög í eigu ríkisbankanna geta losnað við ýmsar skuldbindingar meðan einkafyrirtækin séu föst í gerðum samningum. „Ekki nóg með að það hafi verið lagað til í lánasafni þessara félaga heldur er þeim líka gefið ákveðið samkeppnisforskot á þá sem eftir eru,“ útskýrir hann.

> Þetta er tvímælalaust eitthvað sem er rétt að hafa áhyggjur af.
>
> **GYLFI MAGNÚSSON**
> VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra bendir á að eftir hrunið í haust hafi Samkeppniseftirlitið gefið út tilmæli um hvernig standa eigi að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. „Bankarnir hafa allir, eftir því sem ég best veit, lýst yfir vilja til að fara eftir því,“ segir Gylfi sem kveður það auðvitað erfitt fyrir fyrirtæki sem standa höllum fæti að keppa við fyrirtæki sem séu rekin af bönkum eða á framfæri þeirra. „Þetta er tvímælalaust eitthvað sem er rétt að hafa áhyggjur af,“ segir ráðherrann sem býst við að einhver mál af þessum toga séu komin á borð Samkeppniseftirlitsins. Ekki tókst að fá það staðfest í gær. - gar / sjá síður 2 og 16

María Lind dúxaði í Kvennó:

## Fékk 10 í öllum lokaprófunum

**FÓLK** „Ég er ekkert sérstaklega skipulögð og á ekki einu sinni dagbók,“ segir María Lind Sigurðardóttir, dúx Kvennaskólans í Reykjavík. María útskrifaðist í gær af náttúrufræðibraut, líffræðilínu, með 9,61 á stúdentsprófi en frá því hún byrjaði í skólanum hefur hún árlega verið með hæstu einkunn og var með tíu í einkunn á öllum lokaprófum þessa árs. Hún situr ekki auðum höndum utan skóla, því frá barnsaldri hefur hún æft körfubolta með Haukum sem urðu nýlega Íslandsmeistarar og spilar á píanó í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. - ag / sjá síðu 50



MARÍA LIND SIGURÐARDÓTTIR

Þrír íslenskir hönnuðir:

## Hönnunarvika í New York

**MENNING Þrír íslenskir hönnuðir; Kristín Birna Bjarnadóttir, Dagur Óskarsson og Jón Björnsson, tóku nýverið þátt í hönnunarvikunni í New York, nánar tiltekið á hátíðinni Meatpacking District Design.**

**Boð um þátttöku á sýningunni kom í kjölfar HönnunarMars sem Hönnunarmiðstöð stóð fyrir í lok mars.**

**Þrjú verka þeirra voru til sýnis og vöktu nokkra athygli; lampinn Illuminant eftir Kristínu Birnu, vasarnir Flower Eruption eftir Jón, sem eru búnir til úr íslenskum sandi, og Dalvíkursleði Dags.**

- sg / sjá Heimili & hönnun










## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, var þetta skot fyrir neðan belti?*

„Já, frá lélegri skyttu.“

Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, sagðist í Fréttablaðinu í gær halda að Sigurður Ingimundarson hafi ekki haft pung til að taka við þjálfarastöðunni hjá meistaraflokki félagsins.

Íbúar við Hringbraut krefjast aðgerða í kjölfar banaslyss til móts við Hólavallakirkjugarð í Reykjavík:

# Hringbrautin eins og rússnesk rúlletta

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er eins og rússnesk rúlletta og það hlaut að koma að því að banaslys yrði hér. Það var ekki fyrr búið að þrífa Hringbrautina eftir slysið en bílarnir voru aftur byrjaðir að spyrna. Ég trúði varla mínum eigin augum,“ segir Sigríður Pétursdóttir, íbúi á Hringbraut 44. Maður lést í umferðarslysi á mótum Hringbrautar og Birkimels á fimmtudagskvöld.

Sigríður segist ekki vita nákvæmlega hvernig banaslysið bar að. Hins vegar hafi ofsaakstur á Hringbrautinni verið viðvarandi vandamál eftir að brautin var breikkuð. „Þetta er þriðja alvarlega umferðarslysið á einu ári á þessum slóðum. Við höfum ítrekað varað við þessu, sent fyrirspurnir til borgaryfirvalda, lögreglunnar, umferðareftirlits og fleiri, en fengið fá svör.“

Sigríður segir marga íbúa við Hringbraut krefjast aðgerða strax. Hún bendir á að mögulegt sé að setja upp hraðahindranir sem hamli spyrnuakstri en trufli þó ekki eðlilega umferð. Einnig sé nauðsynlegt að setja upp umferðarmyndavélar.

Að sögn Guðbrands Sigurðssonar, aðalvarðstjóra umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, hafa farið fram miklar hraðamælingar á Hringbrautinni og margir verið sviptir ökuleyfi í kjölfarið. Sú hafi þó einnig verið raunin áður en brautin var tvöfölduð. Erfitt gæti reynst að koma upp hraðahindrunum á Hringbraut því um stofnbraut sé að ræða.

Ólafur Bjarnason hjá Samgönguskrifstofu borgarinnar segir að öll banaslys séu tekin sérstaklega fyrir í samstarfi við lögregluna. **- kg**



**BANASLYS** Maður lést í umferðarslysi á Hringbraut á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Lést í umferðarslysi

Maðurinn sem lést í umferðarslysi á mótum Hringbrautar og Birkimels í Reykjavík á fimmtudagskvöld hét Árni Ragnar Árnason. Hann var fæddur árið 1972 og lætur eftir sig 11 ára son.

Dómur genginn í deilumáli:

## Greiða 18 milljarða í Icesave

**VIÐSKIPTI Hollenska ríkið var dæmt til að greiða 106 milljón evrur, eða um 18 milljarða íslenskra króna, til hollenskra Icesave-innstæðueigenda á miðvikudag.**

**Dómstóll í Hollandi, sem hefur það hlutverk að dæma í málum er varða greiðslu á almannafé, komst að þessari niðurstöðu. Þessi upphæð er hærri en hollenski fjármálaráðherrann hafði gefið upp. Hann gerði ráð fyrir 92 milljónum evra eða um 16 milljörðum króna.**

**Samkvæmt samningi sem hollenska ríkið gerði við það íslenska átti Ísland að tryggja innistæðueigendum fyrstu 20.887 evrurnar eða um 3,5 milljónir.** **- vsp**

### UMFERÐARSLYS

**Harður árekstur í Auðbrekku**

Einn var fluttur á slysadeild eftir harðan árekstur milli fólksbíls og jeppa í Auðbrekku í Kópavogi á sjöunda tímanum í gærkvöldi. Meiðsli hans munu ekki vera alvarleg. Báðir bílarnir eru mikið skemmdir.

### GRÆNLAND

**Ekki líkur á hernaðarvæðingu**

Hverfandi líkur eru á að Norðurheimskautssvæðið verði hernaðarvætt á næstu 20 árum, þrátt fyrir að loftslagsbreytingar og bráðnun íss opni aðgengi að nýjum auðlindum, segir í nýrri danskri skýrslu.

# Húsleitir vegna gruns um milljarðamisferli

**Húsleitir á tólf stöðum vegna rannsóknar á kaupum hlutabréfa í Kaupþingi rétt fyrir fall bankans. Grunur um markaðsmisnotkun og brot á hegningarlögum. Leitað á heimilum fyrrum stjórnenda bankans. Hátt í tuttugu yfirheyrðir.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þessi flétta hefur meira og minna öll sést áður, en við getum ekki farið nánar út í smáatriði málsins,“ segir Ólafur Hauksson, sérstakur saksóknari. Níu húsleitir voru framkvæmdar á vegum embættis Ólafs vegna rannsóknar á kaupum félagsins Q Iceland Finance ehf. á 5,01 prósents eignarhlut í Kaupþingi. Þrjár slíkar leitir til viðbótar voru framkvæmdar á þriðjudag.



**ÓLAFUR HAUKSSON**

Til rannsóknar er grunur um meinta markaðsmisnotkun og brot á auðgunarbrotakafla hegningarlaga í tengslum við kaupin, sem fóru fram í lok september 2008, skömmu fyrir fall Kaupþings.

Félagið Q Iceland Finance er í eigu Sheik Mohamed Bin Khalifa Al-Thani, fjárfestis frá Katar. Kaupþing veitti Ólafi, sem á þeim tíma var annar stærsti hluthafi bankans, lán fyrir helmingi kaupverðsins í gegnum félag hans sem skráð er á Jómfrúreyjum. Ólafur endurlánaði svo Al-Thani upphæðina. Alls námu viðskiptin um 25 milljörðum króna að þávirði.

Húsleitir voru meðal annars gerðar hjá Samskipum og Kjalar, fjárfestingarfélagi Ólafs Ólafssonar, og á heimili Ólafs og fleiri fyrrum stjórnenda Kaupþings. Einnig hjá Arion verðbréfavörslu, dótturfélagi Kaupþings, og Consolium, ráðgjafarfyrirtæki þeirra Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, og Ingólfs Helgasonar, fyrrum forstjóra bankans á Íslandi.



**KAUPÞING** Til rannsóknar er grunur um meinta markaðsmisnotkun og brot á auðgunarbrotakafla hegningarlaga í tengslum við kaup Q Iceland Finance ehf. á fimm prósenta hlut í Kaupþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Ólafs Haukssonar verða hátt í tuttugu manns yfirheyrðir vegna málsins, en yfirheyrslur eru þegar hafnar. Nokkrir hafa réttarstöðu grunaðra en aðrir eru vitni. Hann segist ekki geta gefið upp hverjir hafi verið og verði yfirheyrðir. „Við þurfum að fá upplýsingar hjá þeim sem hafa vitneskju um málið og þennan gjörning til að hann upplýsist. Það segir sig því í raun sjálft hverjir eru þar efstir á blaði,“ segir Ólafur.

Ólafur vill ekki gefa upp hvort eitthvað hafi komið fram í yfirheyrslum sem staðfesti grun embættisins. Farið hafi verið vel í gegnum öll gögn áður en ráðist var í aðgerðirnar.

Finnur Sveinbjörnsson, forstjóri Nýja Kaupþings, staðfestir það eitt að gerð hafi verið húsleit hjá bankanum og þar leitað að gögnum. „Það er ekkert við það að athuga. Við viljum gjarnan vinna vel og dyggilega með stjórnvöldum að því að rannsaka alla þætti sem upp kunna að koma,“ segir Finnur.

Í gær náðist hvorki í Ólaf Ólafsson né þrjá helstu stjórnendur Gamla Kaupþings, þá Sigurð Einarsson stjórnarformann, Hreiðar Má Sigurðsson forstjóra og Ingólf Helgason, forstjóra Kaupþings á Íslandi.

kjartan@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

Ráðherra varar bankana við:

## Ekki má lama keppinautana

**STJÓRNSÝSLA** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir að á sama tíma og ríkisbankarnir reyni að fá sem mest út úr sínum kröfum og gera yfirtekin fyrirtæki lífvænleg megi þeir ekki ganga svo langt að við það verði keppinautarnir ekki samkeppnishæfir.



**GYLFI MAGNÚSSON**

Samkeppniseftirlitið gaf út leiðbeiningar fyrir slíkar yfirtökur eftir bankahrunið. „Ég tel alveg víst að það séu einhver mál af þessum toga komin til Samkeppniseftirlitsins enda hafa ýmsir forsvarsmenn fyrirtækja rætt við mig og boðað að þeir sæju ekki aðra lausn sinna mála heldur en að láta reyna á hvort samkeppnislög hafi verið brotin. Það er sjálfsagður réttur þeirra,“ segir Gylfi. **- gar**

Iðnskólinn í Hafnarfirði:

## Eiga inni vangoldin laun

**DÓMSMÁL Kennarar í Iðnskólanum í Hafnarfirði eiga inni vangoldin laun hjá skólanum fyrir árin 2004 til 2008. Félagsdómur hefur úrskurðað um þetta.**

**Árið 2004 breyttist kennslufyrirkomulag skólans á þann hátt að að slegið var saman tveimur fjórutíu mínútna kennslustundum, með fimm mínútna hléi á milli, í eina sem stóð í 75 mínútur án hlés. Styttingin var dregin af launum kennara.**

**Kennarar töldu það brot á kjarasamningi og höfðuðu mál. Félagsdómur úrskurðaði að launaskerðingin hafi verið óheimil, þar sem ekki var samið um þessar breytingar við kennara.** **- kg**






Hörð gagnrýni frá forstjóra Office 1 sem telur félögum í skjóli ríkisbanka hyglað:

# Ríkiskaup sögð blessa kennitöluflakk

**STJÓRNSÝSLA** Kjartan Örn Sigurðsson, forstjóri Office 1, segir Ríkiskaup hygla nýjum félögum í eigu banka á kostnað einkaframtaksins.

Rammasamningar sem Ríkiskaup höfðu við gamla A4 og gamla Pennann voru framseldir nýja A4 og nýja Pennanum. Þetta hefur Office 1 kært til kærunefndar útboðsmála.

„Ríkiskaup hefur með þessu lagt blessun sína yfir kennitöluflakk ríkisbankanna,“ skrifar Kjartan í grein í Fréttablaðinu í dag.

Í svari Ríkiskaupa til kærunefndar útboðsmála vegna kæru Office 1 segir hins vegar að framsal samninga gömlu fyrirtækjanna til þeirra nýju hafi meðal annars verið samþykkt til að tryggja viðskiptahagsmuni ríkisins varðandi næga samkeppni á markaði og vöruval. Slíkt framsal sé heimilt.

Kjartan segir rök Ríkiskaupa ekki halda. Office 1 sé einnig aðili að umræddum rammasamningi og gæti auðveldlega fullnægt þörfum ríkisins. „Þá bendi ég á að til þess að mega taka þátt í útboði hjá Ríkiskaupum þurfa fyrirtæki að hafa staðið í rekstri í minnst sex mánuði. Það hafa þessi nýju félög auðvitað ekki gert,“ segir hann.

Félag íslenskra stórkaupmanna hefur einnig gagnrýnt ákvörðun Ríkiskaupa í þessu máli. „Ríkiskaupum er eins og öðrum óheimilt að beita ólögmætum aðferðum við að ná fram lögmætum markmiðum sínum,“ segir í ályktun félagsins.

Sjá síðu 16 **/- gar**



**KJARTAN ÖRN SIGURÐSSON** Forstjóri Office 1 segir fyrirtækið hafa getað uppfyllt þarfir ríkisins fyrir ritföng og skrifstofuvörur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# TAX FREE!

um helgina!

# TAX FREE!




# ÖLL GARÐHÚSGÖGN

## ÁN VIRÐISAUKASKATTS







**Gildir í verslunum**
**Húsasmiðjunnar um land allt**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 22.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,47 | 127,07 |
| Sterlingspund | 200,59 | 201,57 |
| Evra | 176,63 | 177,61 |
| Dönsk króna | 23,721 | 23,859 |
| Norsk króna | 19,814 | 19,930 |
| Sænsk króna | 16,858 | 16,956 |
| Japanskt jen | 1,3442 | 1,3520 |
| SDR | 195,12 | 196,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**216,0312**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Brimborg á lægsta tilboðið í rekstur Bílamiðstöðvar lögreglunnar:

# Sex buðu í bílaflota lögreglu

**STJÓRNSÝSLA** Sex fyrirtæki buðu í rekstur Bílamiðstöðvar lögreglunnar á opnunarfundi á miðvikudag. Lægsta boðið er frá Brimborg og hljóðar upp á tæpar 355 milljónir króna á ári.

Í verkinu felst viðhald og endurnýjun allra ökutækja lögreglunnar, sem samtals eru 159, næstu sex ár. Enn fremur þarf samningsaðili að kaupa öll ökutækin, sem metin eru á 550 milljónir, gegn láni frá ríkinu sem síðan er skuldbundið til að kaupa flotann aftur endurverðmetinn að samningstíma liðnum.

Önnur fyrirtæki sem buðu í verkið eru AKA ehf., Vélamiðstöðin, Vari, Frumherji og N1. Boðin eru ekki öll samanburðarhæf, þar eð misskilningur varð þess valdandi að Frumherji og AKA skiluðu ekki inn heildarboði í allan bílaflotann, heldur einungis samanlögðu boði í rekstur eins ökutækis úr hverjum flokki. Heildarupphæðin er því ekki gefin upp, en sjá má af boðunum að þau eru talsvert hærri en lægsta boð Brimborgar. Boðin eru öll tekin til greina.

Komið hefur fram að engu tilboði verður tekið nema það leiði til hagræðingar frá því sem nú er. Landssamband lögreglumanna hefur lýst áhyggjum sínum af því að einkavæðing kunni að stefna öryggi lögreglumanna í voða. **- sh**



**LÖGREGLUBÍLL** Lögreglan á 159 ökutæki sem verða hugsanlega brátt komin í einkaeigu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sænskur þingmaður:

# Umsókn um ESB er gleðileg

**SVÍÞJÓÐ** Sænski þingmaðurinn Carl B. Hamilton, sem meðal annars hefur skrifað grein um Ísland og ESB í Fréttablaðið, fagnar því að Íslendingar ætli að sækja um aðild að ESB í sumar.

„Þessi skilaboð eru að sjálfsögðu ánægjuleg og mikilvæg fyrir Íslendinga en þau eru líka mjög gleðileg fyrir okkur hin," segir hann í fréttabréfi sínu.

„Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott!" heldur hann áfram og bendir á að fjármálakreppan á Íslandi hafi orðið til þess að þjóðin einbeiti sér nú að framtíðinni. **- ghs**

Moore undirbýr nýja mynd:

# Tekur fjármálakreppuna fyrir

**KVIKMYNDIR** Óskarsverðlaunaleikstjórinn Michael Moore vinnur nú að nýrri heimildarmynd um fjármálakreppuna. Myndin hefur ekki enn fengið nafn en kemur út 2. október.



MICHAEL MOORE

„Þeir ríku, á einhverjum tímapunkti, ákváðu að þeir ættu ekki næga peninga. Þeir vildu meira, miklu meira, svo þeir fóru skipulega í það að reyna að ná peningum af fólki. Af hverju? Þetta er það sem ég ætla að skoða í myndinni," sagði Michael á blaðamannafundi í Los Angeles.

Michael hefur meðal annars leikstýrt myndunum Fahrenheit 911 og Bowling for Columbine. Fyrir þá síðarnefndu fékk hann Óskarsverðlaun árið 2003. **- vsp**

## ÁLFTANES

**Ný sundlaug opnuð**

Hátíðardagskrá vegna opnunar Álftaneslaugar verður haldin í dag klukkan 11.00. Í kjölfarið verður svo laugin opnuð almenningi klukkan 12.00.

## BÍLAR

**GM gjaldþrota**

Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun gera bílarisann General Motors, GM, gjaldþrota í síðasta lagi í lok næstu viku. Þetta kemur fram í Washington Post á miðvikudag. Haft er eftir heimildarmönnum að ríkið stofni fyrirtæki sem kaupi hluta úr þrotabúi fyrirtækisins.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt gærdagsins um málefni Byggingafélags námsmanna var fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, Friðrik Guðmundsson, ranglega nefndur Sigurður aftarlega í fréttinni.

# Óttast að smábátar yfirtaki grunnslóð

**Smábátasjómenn fagna ákvæðum stjórnarsáttmálans um verndun grunnslóðar og segja áratuga baráttu bera árangur. Útvegsmenn telja eiginhagsmuni geta spilað þar inn í og óttast að togbátum verði úthýst af grunnslóð fyrir smábáta.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Á meðal brýnna aðgerða sem kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum er að vernda grunnslóð. Kanna á möguleika á að takmarka veiðar afkastamikilla skipa þar og inni á fjörðum frá því sem nú er. Þannig verði grunnslóðin treyst sem veiðislóð fyrir smærri báta og umhverfisvænni veiði.

Friðrik J. Arngrímsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), segist óttast að önnur sjónarmið en verndunarsjónarmið geti spilað þar inn í. Friðrik segir útvegsmenn áfram um að ekki séu notuð veiðarfæri sem valdi meiri áhrifum á umhverfið en ásættanlegt er. LÍÚ hafi lengi stutt að ákveðnum svæðum verði lokað fyrir ákveðnum veiðarfærum. Menn óttist hins vegar að aðrar hvatir búi að baki en verndunarsjónarmið.

„Sumir vilja hafa veiðislóðina fyrir sig og hleypa ekki öðrum að. Flatfiskur er nánast bara veiddur með dregnum veiðarfærum, botnvörpu og snurvoð, og það er allt í góðu lagi. Samt vilja menn útiloka skip frá veiðum því þeir vilja sjálfir sitja að þessu."

Arthúr Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda (LS), segir ákvæðið í stjórnarsáttmálanum hljóma afskaplega vel í þeirra eyrum. Í 24 ár hafi sambandið ályktað í þessa veru og hingað til hafi árangurinn verið rýr, því stór svæði hafi undanfarið verið opnuð fyrir togurum.



**SMÁBÁTAR** Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um veiðar afkastamikilla skipa verði takmarkaðar á grunnslóð og hún treyst sem veiðislóð fyrir smærri báta.



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON



ARTHÚR BOGASON

„Þrýstingur frá LÍÚ hefur orðið til að stór svæði hafa verið opnuð og þeir hafa haft Hafró sér til fulltingis, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á beina skaðsemi veiðanna. Það verður seint gert ef þær eru ekki rannsakaðar. Á sama tíma og við höfum viljað ýta stórum togveiðiskipum út af grunnslóð, höfum við ályktað um nauðsyn viðamikilla rannsókna á afleiðingum þeirra veiða."

Arthúr segir LA vilja að grunnslóð verði lokað fyrir mestallri togveiði. „Við erum þó ekki svo einstrengingslegir að við skiljum ekki að ýmsar tegundir megi veiða innan slóðar með snurvoð og rækjuveiði inni í fjörðum verður seint stunduð á línu."

Friðrik segir útvegsmenn búa við miklar lokanir í dag og eigi að auka á þær verði faglegar forsendur að búa að baki. „Ef fara á varlega í þetta styðjum við það. Það er ekki flókið. En þessi nálgun um að banna botnvörpu þvert yfir og banna dragnót algjörlega gengur ekki." **kolbeinn@frettabladid.is**

Réttarhald herforingjastjórnar:

# Búist við sakfellingu Suu Kyi

**BÚRMA, AP Vegatálmar sem hafa verið fjarlægðir úr götu Aung San Suu Kyi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Búrma (Myanmar), þykja benda til þess að hún verði sakfelld fyrir brot á skilmálum stofufangelsisvistar sinnar með því að hýsa Bandaríkjamanninn John Yettaw.**



AUNG SAN SUU KYI

**Herstjórnin í Búrma hefur nú ásakað stjórnarandstöðuna um að hafa skipulagt heimsókn Yettaw til þess að niðurlægja herstjórnina og skaða sambönd þess við Vesturlönd.**

**Gagnrýnendur hafa hins vegar sakað herstjórnina um að hafa notað heimsókn Johns Yettaw sem átyllu til að halda Suu Kyi frá kosningum sem eiga að fara fram á næsta ári.** **- hds**

Hrefnuveiðar hefjast:

# Jóhanna fer á hrefnuveiðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrefnuveiðar hefjast líklega á þriðjudag, að sögn Gunnars Bergmanns Jónssonar, formanns Félags hrefnuveiðimanna. Verið er að gera bátinn kláran en það er Jóhanna ÁR 206 sem fer fyrstu túrana. Liggur hún við bryggju í Njarðvík en lokið verður við að mála dekk hennar um helgina.

Gunnar segir stefnt að því að um helmingur kjötsins verði seldur til Japans meðan hitt verði fyrir innanlandsmarkað. Ekki skorti eftirspurnina þar úti en hins vegar sé erfitt að fá markaðsaðila til náins samstarfs meðan ekki sé hægt að tryggja það að þeir geti fengið hrefnukjöt næstu árin. **- jse**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HORFUR UM HELGINA**

Núna með morgninum eru úrkomuskil að ganga inn á sunnanvert landið og má búast við rigningu sunnan og vestan til en úrkomulítið verður lengst af nyrðra og víða bjart í fyrstu. Í kvöld verða skilin yfir Norðurlandi og þá má búast við nokkurri vætu þar en þá léttir til suðvestanlands. Víða verður væta á morgun.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 19° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 18° |
| Eindhoven | 22° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 18° |
| New York | 27° |
| Orlando | 28° |
| Osló | 17° |
| París | 19° |
| Róm | 31° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Elvisborgari
## að hætti Las Vegas - fyrir 4

* Fleiri frábærar kjúklingauppskriftir á www.holta.is *

***Ferskar kjúklingabringur eru í eftirlæti hjá Íslendingum, ekki síst þegar þær eru grillaðar. Þessi réttur er kenndur við Las Vegas þar sem er vart þverfótað fyrir spilakassaverjum og Elvisum á öllum aldri. Kjörið er að smella konungi rokksins á fóninn og grilla sér þennan ljúffenga borgara í sólinni.***

4 Holta kjúklingabringur
½ flaska Mesquite Smoked Chili sósa (helst The Hot Spot)
1 heilt brauð (fínt að splæsa í mjög gott brauð)
2 vænir, þroskaðir tómatar
1 jöklasalatshaus
Súrar gúrkur, ólívur, kirsuberja-tómatar (eða annað ætilegt skraut til að þræða upp á pinnann)
Grillpinnar

**Sætar kartöflur**
2 stórar sætar kartöflur
½ dl balsamikedik
2 tsk broddkúmen (cumin)
Salt og pipar

**Heimahrært majónes**
2 eggjarauður
3 hvítlauksrif
2 msk sítrónusafi
2 dl ólívuolía
Salt

FARIÐ SVONA AÐ: Þeytið majónesið með þeytara eða töfrasprota. Æskilegt er að rauðurnar séu við stofuhita. Setjið rauðurnar í skál, kreistið hvítlauksrifin og bætið sítrónusafa við. Hellið olíunni í mjórri bunu og þeytið þar til majónesið er hæfilega þykkt. Sneiðið kartöflurnar í báta, penslið með balsamikediki og stráið salti og broddkúmen yfir. Bakið í ofni í 20 mínútur við 180 gráður. Bringurnar eru kryddaðar með salti og pipar, steiktar á grilli eða pönnu og penslaðar með sósunni af og til. Brauðið er skorið í þykkar sneiðar og grillað lítillega. Setjið kálblöð og tómatsneið ofan á eina brauðsneið, svo kjúklingabringu, sósu og aðra brauðsneið. Skreytið að vild! **Uppskriftin er úr Holtabæklingnum „Umhverfis heiminn í 14 réttum með Áslaugu Snorradóttur".**

***HOLTA byggir á áratugalangri reynslu, leggur mikinn metnað í gæðastjórnun og er stöðugt að auka fjölbreytni í vöruúrvali. Íslenskir neytendur hafa í viðhorfskönnunum valið Holta kjúkling sem vinsælasta ferska kjúklinginn.***










JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Holta KJÚKLINGUR

Grunnur að góðri máltíð

KJÖRKASSINN



*Á að frysta launahækkanir?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,7 % |
| Nei | 65,3 % |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Er nægt eftirlit með að reglum um gjaldeyri sé fylgt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Frumvarp um eignaumsýslufélag til umræðu í efnahags- og skattanefnd:

# Þarf að tryggja virka samkeppni

**ALÞINGI** „Breytingarnar allar eru til bóta,“ segir Hannes Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um nýtt frumvarp um stofnun eignaumsýslufélags ríkisins, en Hannes fundaði með efnahags- og skattanefnd í gær. Hann segir að með nýju frumvarpi verði það aðeins örfá fyrirtæki sem endi hjá slíku eignaumsýslufélagi. „Þetta er mun betra en var, en við óskum þess að það komi ekki til að þetta félag hafi nokkuð að gera,“ segir Hannes.

Meðal athugasemda sem fram komu á frumvarpið var að skýra þurfi hvernig tryggja á virka samkeppni. Þá þurfi að leggja frekari áherslu á að fyrirtæki verði seld úr slíku félagi, meðal annars til að styrkja uppbyggingu hlutabréfamarkaðar. Þá var það gagnrýnt að ráðherra væri veitt of mikil heimild til að útfæra lögin í reglugerð.

„Breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu [um eignaumsýslufélög] til að mæta ýmissi gagnrýni á fyrra þingi,“ segir Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar. „Þetta er mjög stórt og flókið verkefni sem um ræðir og talsverð vinna í að tryggja gagnsæi og jafnræði,“ segir Helgi. **- ss**



**HANNES SIGURÐSSON** Aðstoðarframkvæmdastjóri SA segir breytingar á nýju frumvarpi um eignaumsýslufélag allar til bóta.

Reykjanesbær:

# Hættir pólskukennslunni

**REYKJANESBÆR** Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ hafa ákveðið að leggja niður kennslu í pólsku í skólum bæjarins en ríflega 900 Pólverjar voru búsettir í bænum um síðustu áramót, að sögn VF.

Ákvörðunin hefur verið harðlega gagnrýnd. Sveindís Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi A-lista, spurði hvort lagalega væri heimilt að fella niður þessa kennslu. Guðbrandur Einarsson, A-lista, spurði hvaða rök lægju að baki. Garðar Vilhjálmsson, bæjarfulltrúi sjálfstæðismanna, sagði engin lög skylda bæinn til að sjá erlendum börnum fyrir kennslu í þeirra móðurmáli. **- ghs**





**Ríkisvíxlasjóður** er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun verðbréfasjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna sem nálgast má á www.kaupthing.is/sjodir.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki kveðið á um gildistíma, en yrði hún felld úr gildi þá tæki við lágmarksvernd samkvæmt lögum nr. 98/1999, sem greinir frá að ofan. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum verðbréfasjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.


# Kirkjan hafnar kröfum um bótakostnað

**Ítarleg skýrsla um ofbeldis- og misnotkunarbrot kirkjunnar manna á Írlandi gegn skólabörnum á liðnum áratugum hefur eflt kröfur um að kirkjan greiði sjálf stærri hluta bóta sem samið var um að fórnarlömbin hlytu. Hún hafnar því.**

**ÍRLAND, AP** Forsvarsmenn kaþólsku kirkjunnar á Írlandi og stofnunum hennar stóðu í gær fastir á því að ekki kæmi til greina að kirkjan greiddi stærri hluta þeirra bóta sem samið hefur verið um að þær þúsundir Íra eigi tilkall til sem á liðnum áratugum sættu ofbeldi og misnotkun á bak við luktar dyr kirkjuskóla sem reknir voru fyrir ríkisfé.

Reiknað er með að írska ríkið muni þurfa að greiða meira en 1,1 milljarð evra, andvirði um 188 milljarða króna, í lögfræðikostnað og miskabætur til um 14.000 Íra, sem voru beittir kynferðislegu ofbeldi, barðir eða ofsóttir í umsjá kirkjunnar manna á tímabilinu frá því um 1930 til aldamóta.

Málið er gamalt hneyksli, sem lengi lá í þagnargildi en er nú í brennidepli umræðunnar á Írlandi í kjölfar birtingar ítarlegrar rannsóknarskýrslu. Skýrslan sú telur alls 2.600 síður, en hún var birt á miðvikudag.

Samkvæmt skilmálum umdeilds samkomulags, sem gert var milli írskra stjórnvalda og kirkjunnar árið 2002 – þegar kirkjan vísaði enn á bug öllum ásökunum um að þjónar hennar hefðu nokkuð til saka unnið – var kveðið á um að setja þak á fjárhagslega ábyrgð kirkjunnar vegna þessara mála við 128 milljónir evra. Nú lítur út fyrir að sú fjárhæð verði aðeins um tíundi hluti heildarreikningsins, þegar þessi mannréttindabrot verða gerð upp.

Pat Rabbitte, þingmaður írska Verkamannaflokksins sem er í stjórnarandstöðu og hefur lengi gagnrýnt samkomulagið frá 2002, sagði það vera öfugsnúið ef skattborgararnir – þar á meðal fórnarlömb brota kirkjunnar manna – ættu að axla kostnaðinn af ætlun sem raunar er hönnuð til þess að vernda kirkjunnar menn frá því að verða sóttir til saka fyrir brot sín.



**HEITAR TILFINNINGAR** Kevin Flannagan (í miðju) og fleiri úr samtökunum Survivors of Child Abuse (SOCA) á blaðamannafundi rannsóknarnefndarinnar sem kynnti lokaskýrslu sína í Dublin á miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP



**SKÝRSLAN** Lokaskýrsla rannsóknarnefndarinnar um brot gegn börnum í ríkisfjármögnuðum kirkjuskólum 1930-2000 er hátt í 2.600 blaðsíður. NORDICPHOTOS/AFP

Hverju fórnarlambi sem þiggur bótagreiðslu er gert að falla frá rétti sínum til að sækja hvort sem er ríkið eða kirkjuna til saka. Meðalbótagreiðslan sem áætlunin gerir ráð fyrir að falli í hlut hvers fórnarlambs nemur um 65.000 evrum, andvirði rúmlega ellefu milljóna króna.

Brian Cowen forsætisráðherra hefur sagt að ríkisstjórnin geti ekki neytt kirkjuna til að greiða meira.

Um 900 milljónir evra hafa samkvæmt áætluninni frá 2002 nú þegar verið greiddar út til um 12.000 fórnarlamba. Giskað er á að heildarreikningurinn muni áður en upp er staðið ná á bilinu 1,1 til 1,3 milljörðum evra, það er allt að andvirði 225 milljarða króna.

**audunn@frettabladid.is**

Þingflokksformaður segir þingflokksherbergi tilfinningamál Framsóknar:

# Við erum ekki hústökufólk

**ALÞINGI** „Við erum ekki hústökufólk, þetta er ekki þannig. Við viljum hins vegar að allt sé reynt áður en við förum úr herberginu sem hefur fylgt flokknum í áratugi,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Flokkurinn hefur verið beðinn að rýma herbergið fyrir Vinstri grænum, sem er orðinn stærri flokkur.



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

Gunnar Bragi viðurkennir að um tilfinningamál sé að ræða, en telur að hægt sé að leysa málið á auðveldan hátt. „Auðvitað er þetta tilfinningamál fyrst og fremst fyrir okkur, við drögum ekki dul á það. Okkur finnst þetta hins vegar óþarfa brölt ef hægt er að leysa málið á annan hátt eins og við teljum að sé.“ Gunnar vísar þar til þess að herbergi sé laust í þinghúsinu sem rúmi þingflokk Vinstri grænna.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segir ekkert herbergi laust í húsinu. Hún segir ákvörðun fyrirrennara síns enn í fullu gildi, en hún muni skoða hvort hægt sé að finna lausn á málinu fyrir haustið þannig að menn geti orðið sáttir.

Gunnar Bragi segir að málið verði leyst í rólegheitunum og undrast þá fjölmiðlaathygli sem það hefur fengið. „Okkur finnst merkilegt að stjórnarflokkarnir séu að þvæla um þetta í fjölmiðlum í staðinn fyrir að einbeita sér að þeim stóru málum sem bíða.“ **- kóp**

## HEFUR ÁÐUR GERST

Að minnsta kosti einu sinni áður hefur það gerst að þingflokkur hefur ekki viljað yfirgefa herbergi sitt þrátt fyrir beiðni þar um. Það var líka Framsóknarflokkurinn.

Eftir kosningarnar 1999 var 17 manna þingflokkur Samfylkingar í því herbergi sem nú er talið of lítið fyrir 14 þingmenn Vinstri grænna. Þá stóð til að flytja Samfylkinguna í herbergi Framsóknarflokksins, sem neitaði að fara. Lausn fannst ekki fyrr en nýi skálinn var tekinn í notkun árið 2002 og Samfylkingin fékk herbergi sem ætlað var í fyrirlestra og móttökur.

# Hver man ekki eftir RALEIGH

## Raleigh hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi

- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum

RALEIGH
**Patrol**
- Stærð: 20"
- Gírar: 6 gírar, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: m/ dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

Vnr. 751791

**34.999kr**



RALEIGH
**Butterfly**
- Stærð: 20"
- Gírar: 6 gírar, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: m/ dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

Vnr. 751792

**34.999kr**



RALEIGH
**Crystal Boy**
- Stærð: 24"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: m/ dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, dempari í stelli, glitauga að framan og í pedölum, standari

Vnr. 751787

**35.999kr**



RALEIGH
**Crystal Girl**
- Stærð: 24"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: m/ dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, dempari í stelli, glitauga að framan og í pedölum, standari

Vnr. 751788

**35.999kr**



RALEIGH
**Tibet**
- Stærð: 26"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: m/ dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

Vnr. 751790

**39.999kr**



RALEIGH
**Sidney Cruiser**
- Stærð: 26"
- Gírar: 3 gírar, Shimano Nexus Gripshift
- Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan
- Litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, glitauga að framan og í pedölum, standari

Vnr. 751793

**49.999kr**



24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




Lagadeild

www.lagadeild.hi.is

Kennarar við lagadeild Háskóla Íslands skrifa nánast allar kennslubækur í lögfræði sem notaðar eru í landinu. Við byggjum framsækið og krefjandi nám á 100 ára hefð við langöflugasta háskóla landsins.

**Engin skólagjöld**

**Skrásetningargjald aðeins kr 45.000**

**Umsóknarfrestur til 5. júní**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS



**LISTAMENN** Elín, Daníel, Guðrún og Katrín, sem eru í leikskólanum Fálkaborg í Breiðholti, eiga verk á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sýningin „Hvernig er að vera barn á Íslandi?“ var opnuð í Gerðubergi í gær:

# Börn koma hugmyndum á framfæri

**MENNING** Söngelskir krakkar úr leikskólanum Fálkaborg í Breiðholti sungu Maxímús Músíkús þegar sýningin „Hvernig er að vera barn á Íslandi?“ var opnuð í Gerðubergi í gær. Á sýningunni, sem haldin er á vegum Umboðsmanns barna, eru þrjú þúsund verk frá leik- og grunnskólanemendum. Verkin gefa innsýn í hugarheim barnanna og þeirra sýn á lífið í dag.

„Ef þú spyrð einhvern krakka, hvað við getum gert til að bæta samfélagið, þau skilja það ekkert. En þá notum við annan máta til þess að skilja þau,“ sagði Viktoría Sigurðardóttir, 15 ára nemandi úr Austurbæjarskóla.

„Og að því leyti er þetta mjög sniðugt,“ sagði Hjalti Vigfússon, 15 ára nemandi úr Snælandsskóla.

Þó nokkur munur er á verkum yngri og eldri barnanna en þau yngri voru duglegri að teikna myndir en hin eldri komu sínum hugmyndum á framfæri í formi texta og ljóða.

„Þetta er eitthvað sem þau eru að hugsa um og þau eru að tala um og maður finnur alveg fyrir áhrifunum frá þeim,“ sagði Viktoría.

Sýningin stendur til 28. júní.

- hds



**FLUTTU ÁVARP** Hjalti Vigfússon og Viktoría Sigurðardóttir hvetja alla til þess að mæta á sýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

OPIN KYNNING

LOKAVERKEFNI Í TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HR

WWW.HR.IS

Mánudagur 25. maí - Lokaverkefni í samstarfi við fyrirtæki

11:00 - 11:35 Stofa: K-5
BIRTA - UPPLÝSINGAKERFI
Samstarfsaðili: HugurAx
Nemendur: Heiða Ingvadóttir, Sindri Bjarnason og Stefán Örn Finnbjörnsson

11:45 - 12:20 Stofa: K-3
SITEWATCHMOBILE
Samstarfsaðili: Samsýn ehf.
Nemendur: Guðjón Ingi Magnússon og Viktor Guðnason

12:30 - 13:05 Stofa: K-5
BATTLE DRAWN
Samstarfsaðili: Gogogic ehf.
Nemendur: Ari Þór Arnbjörnsson, Egill Antonsson, Eiríkur Heiðar Nilsson og Hafþór H. Helgason

13:15 - 13:50 Stofa: K-3
HRFAR
Samstarfsaðili: Háskólinn í Reykjavík
Nemendur: Helgi Ólafsson, Jóhanna Sif Gunnarsdóttir og Sigurður Rafn Borgþórsson

14:00 - 14:35 Stofa: K-5
UMSÝSLUKERFI SAMNINGA
Samstarfsaðili: Íslandsbanki
Nemendur: Franz Eric Leósson, Helgi Möller, Hrafn Ingvarsson og Kolbeinn Ólafsson

Þriðjudagur 26. maí - Lokaverkefni með rannsóknaráherslu

11:00 - 11:35 Stofa: K-5
NAFNAÞEKKJARI FYRIR ÍSLENSKU
Nemandi: Aðalsteinn Tryggvason

11:45 - 12:20 Stofa: K-3
NOTKUN ICENLP Í KENNSLUHUGBÚNAÐI
Nemendur: Hlynur Sigurþórsson og Pétur Sigurðsson

12:30 - 13:05 Stofa: K-5
OPENBEAT: TEXT TO ANIMATED SPEECH BEHAVIOUR
Nemendur: Árni Hermann Reynisson, Eiríkur Ari Pétursson og Guðleifur Kristjánsson

13:15 - 13:50 Stofa: K-3
WEB SERVICE ANALYSIS USING REBECA
Nemandi: Yekaterina Gerassimova

14:00 - 14:35 Stofa: K-3
ANALYSIS OF SOFTWARE TESTING IN ICELANDIC SCRUM PROJECTS
Nemandi: Emma Rún Bjarnadóttir

14:45 - 15:20 Stofa: K-3
USER INVOLVEMENT IN THE ICELANDIC SOFTWARE INDUSTRY
Nemendur: Bright Agnar Mikkelsen og Ólöf Una Haraldsdóttir

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




## GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

*Við gróðursetningu sumarblóma:*

*Gott að blanda vatnskristöllum í moldina svo ræturnar nái í raka. Strá smávegis af blákorni yfir moldina eftir útplöntun eða vökva með blómaáburði blönduðum í vatn 3svar á viku yfir vortímann*

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

## GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:



Mappan fyrir

750kr



**ÁKALL TIL RÆNINGJA** Ættingjar og vinir Andres Torres, blaðamanns og starfsmanns blaðamannaskólans í Hondúras (CPH), gengu honum til stuðnings í dag, en honum var rænt í höfuðborg landsins 15. þessa mánaðar. Mannræningjarnir hafa ekki enn sett fram kröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bæjarstjóri í Garðabæ segir ríkið ekki hafa sýnt Strætó bs. mikinn áhuga:

# Rekstur Strætós óforsvaranlegur

**SAMGÖNGUR** „Reksturinn hefur verið óforsvaranlegur undanfarin ár og það er margt í honum sem taka þarf til endurskoðunar," segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, um rekstur Strætós bs.



GUNNAR EINARSSON

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að skuldir Strætós bs. næmu um 1.750 milljónum í fyrra. Greiðslur til ríkisins námu um 300 milljónum. Hugmyndir hafa verið uppi um að ríkið komi að einhverju leyti til móts við þær greiðslur.

„Við höfum verið í viðræðum við ríkið og það hefur verið greinilegt að það hefur engan áhuga á almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu," segir Gunnar og telur ríkið ekki hafa sýnt neinn samstarfsvilja.

Gunnar ber von til þess að menn nái tökum á rekstri Strætós sem fyrst með nýjum leiðum. Auk þess vonast hann til þess að settar verði ákveðnar leikreglur um að einstakir pólitískir fulltrúar geti ekki leikið pólitíska einleiki.

„Verkefni eins og frítt í strætó voru vanhugsuð að mínu mati. Þetta voru pólitískt einleiksverkefni Reykjavíkurborgar," segir Gunnar. Fargjöldin dekki engan veginn útgjöldin. - vsp



**Á BIÐSTÖÐINNI** Strætó er í eigu sjö sveitarfélaga, Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Álftaness. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Svínaflensutilfelli á heimsvísu:

## Staðfest dauðsföll eru alls 86

**HEILBRIGÐISMÁL** Staðfest tilfelli svínaflensu, eða inflúensu A (H1N1), voru alls 11.168 í heiminum í gærmorgun. Þeim hafði þá fjölgað um 54 á einum degi, samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Flest flensutilfellanna hafa komið upp í Bandaríkjunum, eða 5.764. Staðfest dauðsföll vegna inflúensunnar eru nú 86, langflest þeirra í Mexíkó, eða 75 talsins. Níu dauðsföll eru staðfest í Bandaríkjunum, eitt í Kanada og eitt í Kosta Ríka.

Tilkynningar um viðbúnað vegna flensunnar eru birtar á influensa.is, bæði á íslensku og ensku, og á almannavarnir.is. - kg



**Í VIÐTALI** Ban Ki-Moon svarar spurningum fjölmiðla um borð í flugvél á leið til Srí Lanka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ban Ki-moon fer til Srí Lanka:

## Kallað eftir þjóðareiningu

**SRÍ LANKA, AP** Háttsettur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Vijay Nambiar, kallaði eftir þjóðareiningu á Srí Lanka eftir að borgarastríði við Tamílatígrana lauk. Nambiar nefndi einnig að til skoðunar væri að efna til rannsóknar á meintum stríðsglæpum.

Nambiar, sem er á Srí Lanka til að undirbúa komu Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra SÞ, sagði að við lok borgarastríðsins þyrfti einnig að koma til móts við lögmætar kröfur tamíla, auk annarra minnihluta. „Það er mikilvægt að sigurinn verði sigur allra Srí Lankabúa," sagði Nambiar á föstudag. Hann sagðist hafa flogið yfir átakasvæðið á fimmtudag, og það hefði verið hrollvekjandi að sjá hversu fátt fólk væri þar á lífi. - ss

# Eldur rétt við höfuðborgina

**Eldurinn í Heiðmörk var á tveggja fermetra svæði þegar fólk bar að, en breiddist hratt út. Um 400 fermetra svæði brann. Einnig brann sumarbústaður í Kjós en þar hélt fólk eldinum í skefjum með garðslöngu.**

**BRUNI** „Þegar við komum að þá er eldur á um það bil tveggja fermetra svæði í kringum grillið," segir Eggert Ingólfsson sem var með þeim fyrstu til að koma auga á eldinn í Heiðmörk um kvöldmatarleytið í fyrrakvöld. Um 400 fermetra gróðurlendi varð eldinum að bráð eftir að einnota grill var skilið þar eftir.

„Ég hljóp aftur niður í bíl og náði í sprite-flösku og hellti yfir, það virkaði ekki neitt, ég hellti síðan úr vatnsflösku, það virkaði ekki neitt og svo var maður þarna með eitthvert slökkvitæki og það virkaði ekki neitt heldur. Það var allt svo þurrt að það logaði upp í öllu aftur jafnóðum." Hringt var strax í slökkviliðið og telur hann að um tíu mínútur hafi liðið áður en það kom. „Þá var eldurinn kominn upp í tré og eldurinn orðinn mjög útbreiddur." Hann er viss um að aðkoman hefði þó verið mun verri fyrir slökkviliðsmenn hefðu hann og félagar ekki verið búnir að eiga við eldinn.

Hann segir að grillið hafi verið skilið eftir á mosa. Hann veit þó ekki hver gerði það. „Við sáum einhvern bíl vera að fara þegar við vorum að koma en við vorum ekkert að spá í það."

Ólafur Erling Ólafsson skógarvörður segir að ávallt hafi verið eftirlitsmaður á svæðinu þar til í vor en þá var hætt við það vegna fjárskorts. „Það er alveg ljóst að þegar einhver er á svæðinu þá gengur fólk betur um," segir hann og telur ólíklegt að fólk skilji eftir einnota grill vitandi af vaktmanni á svæðinu. „Yfirleitt sjá menn að líka svona lagað miklu fyrr en það var mikið mildi að þeir voru þarna á fjallahjólunum," segir hann og vísar þar til Eggerts og félaga. Það tók slökkvilið um einn og hálfan tíma að vinna bug á eldinum.

Heiðmerkurbruninn var ekki eina verkið því skömmu eftir miðnætti var tilkynnt um eld í bústað við Meðalfellsvatn í Kjós. Fjórir voru í bústaðnum og komust allir út og náðu að koma í veg fyrir að eldurinn breiddist út um bústaðinn með því að sprauta úr garðsslöngu. Eldurinn kom úr upptendraðri kamínu. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins segir að slökkvilið í Kjós hafi komið til bjargar en nokkuð langt er fyrir það að fara.

jse@frettabladid.is



**BARIST VIÐ ELDINN** Þarna er slökkviliðið að berjast við eldinn í Heiðmörk en hann var ekki lengi að breiða úr sér. MYND/EGGERT INGÓLFSSON



**EGGERT Í HEIÐMÖRK** Það var ekki fagurt um að litast eftir brunann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**AFHENDING BÓKARINNAR** Þyrluþjónustan sýndi hvernig slökkva skal elda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný bók um gróðurelda:

## Eldum gæti átt eftir að fjölga

**BRUNAMÁL** Brunamálastofnun hefur í samvinnu við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands gefið út nýja bók sem nefnist Gróðureldar. Bókin er ætluð sem kennslu- og fræðsluefni í forvarnarstarfi gegn gróðureldum á Íslandi.

„Gríðarlega umfangsmiklir gróðureldar urðu á Mýrum í Borgarbyggð og þá var ákveðið að skrifa þessa bók," segir Björn Karlsson brunamálastjóri. Vorið 2006 brunnu um 67 ferkílómetrar lands á Mýrum.

Þótt stórir gróðureldar séu ekki algengir er hætta á að þeim fjölgi á komandi árum. Breyttar aðstæður í veðurfari, gróðurfari, landbúnaði og loftslagi þykja auka hættuna á stórum gróðureldum.

„Hætt er við að slökkvistarfið valdi meira tjóni á náttúrunni en gróðureldurinn sjálfur ef ekki er rétt að farið," segir í bókinni, en hana má nálgast á vef Brunamálastofnunar, www.brunamal.is. - hds

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 31 **Velta:** 35 milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 260 | +0,67% | 708 | +0,44% |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ICELANDAIR | 5,00% | BAKKAVÖR | -7,09% |
| ÖSSUR | 0,49% | MAREL FOOD SYS. | -0,16% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,40 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 515,00 +0,00% ... Bakkavör 1,18 -7,09% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,00 +0,00% ... Icelandair Group 4,20 +5,00% ... Marel Food Systems 61,40 -0,16% ... Össur 103,50 +0,49%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kaupmáttur eins og í árslok 2003

Launavísitala í apríl 2009 er 355,4 stig og lækkaði um 0,2 prósent frá fyrri mánuði samkvæmt tölum sem Hagstofan birti í gær. Kaupmáttur launa er nú sá sami og var í lok árs 2003 að því er Greining Íslandsbanka bendir á.

Til samanburðar var launavísitalan í janúar 2007 311,5 stig. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 4,4 prósent.

Vísitala kaupmáttar launa í apríl er 108,5 stig og lækkaði um 0,6 prósent frá fyrri mánuði. Síðustu tólf mánuði hefur vísitala kaupmáttar launa lækkað um 6,7 prósent.

Tveir kjarasamningar voru gerðir á tímabilinu sem koma inn í útreikninginn. Kjararáð lækkaði laun dómara um 5 til 15 prósent. Í samkomulagi Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðherra



**Í VERSLUNARFERÐ** Kaupmáttur launa er enn fjórðungi meiri en fyrir tuttugu árum, þótt hann hafi minnkað frá hámarki í byrjun síðasta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

var kveðið á um greiðslu sérstaks álags vegna gildistöku nýrra háskólalaga.

Greining Íslandsbanka bendir á að kaupmáttur launa hefur nú lækkað um 9,7 prósent frá því að hann náði sögulegu hámarki í byrjun síðasta árs, en laun hafi hins vegar hækkað um 0,6 prósent frá hruni bankanna í október. Verðbólgan hafi hins vegar étið upp þá hækkun og vel það.

„Lækkunin undanfarið er meiri og hraðari en hér hefur mælst síðan á samdráttarskeiðinu um og eftir 1990. Kaupmáttur launa stendur um 8,9 prósentum hærra en hann gerði fyrir tíu árum síðan og 24,9 prósentum hærri en hann gerði fyrir tuttugu árum,“ segir í umfjöllun greiningardeildarinnar.

Kaupmáttur launa er því enn sagður vera nokkuð hár, í það minnsta miðað við þau gildi sem þá voru. Lítilla launahækkana er hins vegar að vænta næstu mánuði að mati Greiningar Íslandsbanka, enda mikill slaki á vinnumarkaði. - vsp/óká



**D'ANGLETERRE** Hótelið hefur verið í eigu Íslendinga frá 2007. Gengið hefur hægt að fá lán til að endurfjármagna starfsemina.

## Endurfjármögnun gengur hægt

Unnið er að endurfjármögnun lána hjá Nordic Partners sem er í eigu Íslendinga. Meðal annars er lúxushótelið D'Angleterre og fleiri hótel í þeirra eigu sem keypt voru árið 2007. Landsbankinn fjármagnaði kaupin á hótelunum.

„Þetta er búið að vera í gangi lengi [endurfjármögnunin]. Það gengur ekki erfiðlega en það gengur mjög hægt að fá lán,“ segir Jón Þór Hjaltason, einn eigenda Nordic Partners.

Félagið hefur sérhæft sig í matvælaframleiðslu en á einnig hótelfasteignir í Danmörku. Ætlunin er að leigja út reksturinn á hótelunum D'Angleterre og Kong Fredrik og endurskipuleggja þannig reksturinn. Fyrirgreiðslu hefur félagið fengið í Tékklandi fyrir matvælafyrirtækið Hamé. - vsp



**TÓNLISTARHÚSIÐ** Dótturfélög Austurhafnar-TR hafa kosið sér nýjar stjórnir. Félögin annast meðal annars byggingu Tónlistarhússins í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Portus kaus sér nýja stjórn

Austurhöfn-TR, sem er félag í eigu ríkis og borgar um byggingu Tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar, hefur skipað nýjar stjórnir í eignarhaldsfélaginu Portusi og systurfélagi þess, Situsi, sem orðin eru dótturfélög Austurhafnar-TR.

Í stjórn Portusar eru: Pétur J. Eiríksson, formaður, Björn Ingi Sveinsson, Björn L. Bergsson, Svanhildur Konráðsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Portus mun sjá um framkvæmdir við Tónlistarhúsið og ráðstefnumiðstöðina og einnig um undirbúning reksturs og starfsemi í húsinu.

Í stjórn Situsar eru: Pétur J. Eiríksson, Guðrún Valdimarsdóttir og Björn L. Bergsson.

Situs mun eiga aðliggjandi byggingarreiti og sjá um umsýslu þeirra reita. - vsp


bmvalla.is



Fornilundur

Opið hús hjá BM Vallá

Laugardaginn 23. maí kl. 12 – 16.

Í tilefni sumarkomu bjóðum við alla hjartanlega velkomna til okkar.
Við kynnum garðvörur, byggingalausnir og vörur fyrir viðhald húsa.

TILBOÐ Á BLÓMAKERJUM Í TILEFNI DAGSINS

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, landslagsarkitekt heldur erindi um garðinn og nýtingu hans kl. 14 og 15. í Aðalskrifstofu BM Vallá, Bíldshöfða 7.

GÆÐAKERFI VOTTAÐ ÍST ISO 9001

OPIÐ HÚS HJÁ BM VALLÁ
UM LAND ALLT

Söludeild :: Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050

BM·VALLÁ

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisbankarnir þurfa samræmdar verklagsreglur.

## Viðskiptasiðferðið

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hvaða fyrirtæki munu deyja og hver fá að lifa? Hvernig verða örlög þeirra ákveðin? Þessar spurningar voru á meðal þeirra allra fyrstu sem vöknuðu þegar stærstu viðskiptabankar landsins færðust undir stjórn ríkisins fyrir ríflega sjö mánuðum.

Innan við viku frá setningu neyðarlaganna var þeim meðal annars varpað fram hér á þessum stað. Þá þegar lá fyrir að nýju ríkisbankarnir hefðu framtíð fjölda fyrirtækja í höndum sér, allt frá þeim smæstu til þeirra allra stærstu. Samhliða þessum spurningum voru stjórnvöld brýnd til þess að ganga hratt til verks og marka skýrar, samræmdar opinberar reglur um fyrirgreiðslu og meðhöndlun bankanna á illa stöddum fyrirtækjum. Þáverandi ríkisstjórn kom því ekki í verk, frekar en mörgu öðru. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki gert það heldur.

Ríkisbankarnir hafa vissulega sett sér verklagsreglur hver fyrir sig. Þær eru hins vegar leiðbeinandi og þeim fylgja fyrirvarar um huglægt mat. Það er sem sagt verulegt svigrúm til að meta hvert tilfelli á all mismunandi hátt ef því er að skipta.

Nú er það skiljanlegt að bankarnir vilji hafa sem frjálsastar hendur við þessa meðferð, en það liggur líka í augum uppi að rúmar ósamræmdar reglur og huglægt mat býður upp á að fyrirtæki, sem telja sig vera í svipaðri stöðu, geta fengið mjög misjafna fyrirgreiðslu eftir því hvaða ríkisbanki á í hlut, og jafnvel innan sama bankans. Slíkar aðstæður eru auðvitað frjór jarðvegur fyrir spillingu og almennt vont viðskiptasiðferði.

Núverandi ríkisstjórn virðist gera sér grein fyrir þessari stöðu því í stjórnarsáttmálanum er kafli um úrlausn á skuldavanda fyrirtækja. Mesta athygli og umfjöllun hefur fengið frumvarpið um eignaumsýslufélag ríkisins, en það á að halda utan um þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki, til dæmis á sviði fjarskipta og samgangna. Minna hefur farið fyrir umræðu um þann hluta kaflans sem fjallar um smærri og meðalstór fyrirtæki.

Þar kemur fram að ríkisstjórnin ætlar einmitt að beita sér fyrir því að ríkisbankarnir móti samræmda áætlun um hvernig brugðist verði við skuldavanda fyrirtækja. „Leiðarljós hennar á að vera að skuldameðferð fyrirtækja verði skjót, réttlát, gegnsæ og hagkvæm og í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar reglur“, eins og það er orðað.

Þetta eru verðug og góð markmið. Vandamálið er hins vegar að ríkisstjórnin hyggst gefa sér tíma allt fram til septemberloka að ljúka þessari vinnu. Það er ekki ásættanlegt. Þá verður ár liðið frá hruni bankanna. Atvinnulífið þolir ekki biðina.

Það verður að vera forgangsmál að ljúka þessari vinnu og leggja ríkisbönkunum samræmdar reglur. Bankarnir mega til dæmis ekki einblína á að halda öllum fyrirtækjum á lífi, sem þeir þurfa að leysa til sín, í þeim eina tilgangi að selja þau aftur og reyna að fá sem hæst verð. Eins og hér hefur áður verið bent á hefur íslenskt efnahagslíf minnkað um margar stærðir og þar með eftirspurn eftir ýmsum vörum og þjónustu.

Ríkisbankarnir verða að láta þau fyrirtæki fara á hausinn sem geta ekki sýnt fram á jákvætt sjóðsstreymi. Það skekkir alla samkeppni að framlengja tilveru fyrirtækja sem eru ekki verðmætaskapandi. Og það veikir ekki aðeins markaðinn heldur líka getu bankanna til þess að sinna vaxtarsprotum og fyrirtækjum sem eru að berjast við að halda sjó. Við erum þegar farin að sjá bankana valda slíku tjóni. Það verður að stöðva.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hef opnað móttöku í Læknamiðstöðinni Lífsteini, Álftamýri 1-5 Reykjavík.



Tímapantanir í síma 530 8300

Ágúst Birgisson
lýtalæknir og
bæklunarskurðlæknir

www.ablæknir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hverfur hann, kastalinn

Þingflokksherbergisdeilan mikla hefur vakið verðskuldaða athygli. Minna mál hefur orðið úr þeirri staðreynd að þingmenn Vinstri grænna þurfa að hafa vistaskipti tímabundið. Vonarstræti 12, sem hefur hýst þá, verður flutt í Kirkjustræti. Á meðan verður þingmönnunum komið fyrir í stórhýsi við Aðalstræti sem ber við enda Austurstrætis.

Jú, glöggir lesendur hafa áttað sig á að um er að ræða Moggahöllina sjálfa. Margir vinstri menn hefðu látið segja sér það tvisvar að þeir ættu eftir að sitja þar við störf. Margir róttæklingar hefðu líklega óskað þess að orð Spilverks þjóðanna hefðu orðið að áhrínisorðum: Hverfur hann, kastalinn, Aðalstræti 6.



### Salt í sárin

Og eins og það sé ekki nóg fyrir gamla komma sem áður þrömmuðu Keflavíkurgöngu og töluðu um Moggalygi að sitja nú í Moggahöllinni. Nú er búið að setja Morgunblaðsskiltið fræga aftur á húsið.

Mogginn fjallar um það og segir um „tímabundna aðgerð að ræða í þeim tilgangi að minna á hin gömlu gildi“. Tímabundið, já. Kannski rétt á meðan þingmenn Vinstri grænna eru í húsinu?



### Óbein markaðssetning

„Product Placement“ eða óbein markaðssetning hefur rutt sér æ meira til rúms. Hún felst í því að í stað þess að auglýsingahlé sé gert í sjónvarpi, eða bíómyndum, sjást hetjurnar brúka þær vörur sem verið er að auglýsa hverju sinni. Að mynd lokinni rjúkum við út í búð og kaupum sömu vörur og allir eru sáttir.

Þeim sem gera framtíðarmyndir er nokkur vandi á höndum þegar að þessu kemur. Framleiðendur Star Trek deyja þó ekki ráðalausir. Ef marka má framtíðarsýn þeirra munu verur víða úr sólkerfinu í það minnsta drekka Budweiser eftir 200 ár. Kannski maður eigi að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu?

kolbeinn@frettabladid.is

# Dansmærin og súlan



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Saga úr kreppunni

Þau ár, þegar Norðurleiðarrútan var átta eða tíu tíma á leiðinni frá Reykjavík norður í Skagafjörð með skylduviðkomu í Fornahvammi á Holtavörðuheiði, og enn lengur til Akureyrar, þau ár eru liðin og koma aldrei aftur. Þegar hraundrangarnir yfir Öxnadal brostu við farþegunum inn um bílgluggana, heyrðist gamall maður segja upp úr eins manns hljóði: Hér fæddist Jónas. Þá gall í ungri stúlku í bílnum: Guð, er þetta Hrifla?

### Frá Suður-Þingi til San Francisco

Jónasi Jónssyni frá Hriflu (1885-1968) kynntist ég ekki, sá hann bara tilsýndar gamlan mann á götu. En ég kynntist nokkrum vinum hans og samferðamönnum, þar á meðal Þóri Baldvinssyni arkitekt (1901-1986), sveitunga Jónasar úr Suður-Þingeyjarsýslu. Einu sinni varð ég vitni að fagnaðarfundi Þóris og þriggja gamalla félaga hans heima hjá honum í Fornhaga, einn þeirra var Indriði Indriðason frá Fjalli, hann er nýlátinn, ég man ekki lengur deili á hinum, nema þarna sátu þeir Þingeyingarnir glaðir og reifir og báru saman bækur sínar, mest um San Francisco.

Nú rek ég söguna eftir minni og án ábyrgðar á öllum smáatriðum. Þannig var, að Þórir reif sig upp ungur maður, fyrir tvítugt, fór suður og sá þá Reykjavík í fyrsta sinn, en hann stóð stutt við þar, steig strax á skip og stefndi vestur um haf til Halifax. Þegar þangað kom, lagði hann af stað lengra vestur á bóginn yfir þvera Norður-Ameríku, aðallega fótgangandi. Hann vann sér fyrir mat á leiðinni og linnti ekki göngunni fyrr en í San Francisco. Þar höfðu nokkrir félagar hans úr sveitinni komið sér vel fyrir og ráku verktakafyrirtæki. Þetta var árin eftir 1920 og mikill uppgangur í efnahagslífinu. Þeir félagarnir byggðu hús eftir hús. Allt lék í lyndi fram til 1929, þegar kreppan skall á. Framleiðsla og viðskipti hrundu og byggingarbransinn með. Stjórnvöld gerðu illt verra og vissu ekki sitt rjúkandi ráð. Þingeyingarnir höfðu nú engin verk að vinna.

### Ljósmyndin af meynni

Áður en ég fór í annað sinn til San Francisco, heimsótti ég Þóri og spurði hann, hvort ég gæti fært honum eitthvert lítilræði frá borginni, þar sem hann hafði átt heima ungur maður. Hann færðist undan, en sagði síðan: Á Union Square í hjarta borgarinnar er marmarasúla, og uppi á súlunni er dansmær, og mér væri þökk í því, ef þú vildir vera svo vænn að taka ljósmynd af meynni og færa mér. Hann hafði stundum setið á torginu í öngum sínum atvinnulaus, félaus og máttlaus og horft á dansmeyna á marmarasúlunni til að gleyma ekki fegurð heimsins. Hann missti um svipað leyti máttinn úr fótunum og fór ferða sinna í hjólastól. Hann langaði heim. Nær dauðvona á sjúkrahúsi heyrði hann í móki á tal tveggja lækna, sem töldu litlar líkur á, að hann myndi lifa af langa og stranga sjóferð til Íslands. Þá kom stolt Þingeyingsins upp í Þóri: hann strengdi þess heit að lifa ferðina af. Hann fór fyrst til Mexíkó, þaðan til Spánar og áfram til Bretlands og heim. Hann efndi heitið, lét ekki hugfallast, fékk aftur mátt í fæturna og lifði góðu lífi fram í háa elli með Borghildi Jónsdóttur konu sinni. Hann teiknaði mörg falleg hús í Reykjavík og víðar. Áhrifin frá San Francisco leyna sér ekki í sumum húsanna. Hann stýrði Teiknistofu landbúnaðarins 1938-69 og hafði mikil áhrif á húsagerð íslenzkra sveita.

### Frækinn sigur

Saga Þóris Baldvinssonar úr kreppunni rifjast upp fyrir mér nú, þegar margir glíma við mesta efnahagsáfall ævinnar. Fjöldi fólks mátti þola miklar þrengingar af völdum kreppunnar. Hinu megum við ekki heldur gleyma, að margt af þessu fólki náði sér aftur á strik, þar á meðal Þórir Baldvinsson, með miklum brag. Svo mun einnig fara um flesta þeirra, sem eiga nú erfitt innan lands og utan af völdum bankahrunsins og fjármálakreppunnar. Stjórnvöld lærðu af kreppunni miklu 1929-39 þau ráð, sem eiga að duga til að tryggja, að kreppan nú verði léttbærari og skammvinnari en kreppan mikla, og þau beita nú þessum ráðum með vitund og vilja.

Þegar ég kom í þriðja sinn til San Francisco, fór ég rakleiðis á Union Square að ljósmynda dansmeyna, nema þá var Þórir allur; ég geymi sjálfur myndina. Ég hef æ síðan haft þennan sið í San Francisco: ég tek nýja mynd af meynni á marmarasúlunni og minnist þá með þakklæti Þóris Baldvinssonar og frækilegs sigurs hans á kreppunni miklu.

# Hvað segir sagan?

**UMRÆÐAN**

Baldur Þórhallsson skrifar um átök um Evrópumál



BALDUR ÞÓRHALLSSON

Alþingi hefur í þrígang samþykkt, að undangengnum hörðum deilum, þátttöku Íslands í samrunaþróun Evrópu. Í ljósi komandi atkvæðagreiðslu á Alþingi um aðildarumsókn að ESB er fróðlegt að fara yfir hvernig atkvæði féllu um aðild að EFTA, EES og Schengen.

Þrír flokkar klofnuðu í afstöðu sinni til EES. Sjö þingmenn Framsóknarflokksins greiddu atvæði gegn EES undir forystu formannsins Steingríms Hermannssonar en sex þingmenn sátu hjá en varaformaðurinn Halldór Ásgrímsson leiddi hópinn. Fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfðu verulegar efasemdir um EES. Á síðustu stundu tókst Davíð Oddssyni að fá hluta þeirra til að greiða atvæði gegn frávísunartillögu og tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Átökin innan flokksins ristu djúpt. Flokksforystan ákvað í kjölfarið að leggja alla umræðu um hugsanlega aðild að ESB til hliðar þar sem óttast var að hún gæti klofið flokkinn. EES-samningurinn leiddi einnig til átaka og klofnings innan Kvennalistans en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sat hjá við afgreiðslu hans.

EFTA-aðildin leiddi til klofnings innan Alþýðubandalagsins en þrír þingmenn flokksins greiddu atkvæði með aðild á meðan aðrir voru á móti. Framsóknarflokkurinn var mjög tvístígandi í málinu. Þingflokkur hans ákvað ekki fyrr en nokkrum dögum fyrir atkvæðagreiðslu um umsókn að EFTA að greiða atkvæði gegn henni. Vitað var að nokkrir þingmenn voru hlynntir umsókninni en allir þingmenn flokksins lögðust þó gegn henni sem og aðildinni sjálfri.

Aðildin að Schengen leiddi til klofnings innan Sjálfstæðisflokksins. Þrír þingmenn flokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins en ljóst var af málflutningi þeirra að þeir voru andsnúnir aðild. Stjórnarandstöðuflokkarnir höfðu hver sína nálgunina: Samfylkingin var fylgjandi, Vinstri græn á móti og Frjálslyndi flokkurinn klofnaði í afstöðu sinni.

Það er ekkert nýtt að tekist sé á um Evrópumál innan flokka og að þingmönnum sé gefið frelsi til að fylgja sannfæringu sinni. Fróðlegt verður að sjá hvort sami háttur verði hafður á í atkvæðagreiðslu um umsókn að ESB. En ólíka afstöðu má finna innan allra þingflokka til málsins nema Samfylkingarinnar þar sem einhugur ríkir.

*Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði við HÍ*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# Jóhanna Guðrún áritar sólóplötuna sína í Smáralind!



Silfursöngstjarnan Jóhanna Guðrún áritar plötuna sína Butterflies and Elvis milli **kl. 14 og 16 í dag fyrir framan Hagkaup á 1. hæð.**

Einnig gefur hún áritaðar myndir frá úrslitakvöldi Evróvisjón-keppninnar.

**Komið fagnandi!**

OPIÐ Í DAG 11-18

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind



Kryddplöntur
að eigin vali
349kr
mynta, basilikka, timian,
majoram, piparmynta, melissa
10 stk
Stjúpur
799kr
STJÚPUR
FRÁBÆRT VERÐ
100 sm
Sýpris
999kr
Allt um
sumarbómin
í Sælureit
bls. 130-147
3 stk
Petúnía
999kr
Jarðarberja-
plöntur
399kr
1 kg
Casoron
2490kr
Frostþolnir
pottar
20%
AFSLÁTTUR
OPIÐ TIL KL. 21 Í SKÚTUVOGI



# ALLT FYRIR GARÐINN
## Á BETRA VERÐI



OUTBACK

**16.990** ~~19.990~~

**Omega 200**
6.2 Kw, grillflötur
50x36cm, tvískiptur
brennari
3000235

SUNWIND

**NÝTT**

gott verð **45.990**

**Sunwind SD 2000**
Burstað stál
Henta sérlega vel á svalir
og minni palla.
Rafkveikja
Niðurfellanleg hliðarborð
Fjöldi brennara: 2
Heildar eldunarflötur: 2376 sm²
Afl: 9,1 kW
Stærð (LxDxH):
1280 x 570 x 1175 mm
3000270



weber Q

Postulínshúðuð grillgrind úr pottstáli
2 ryðfríir brennarar: 6,35 kW/h - 21.700 BTU
Grillflötur: 63x45 sm
2999903

**87.900**



**Rafmagnssláttuvélar verð frá: 15.995**

**Rafmagnsláttuvél B&D**
1200W, 34 sm sláttubreidd,
35 ltr. grassafnari,
5 hæðarstillingar.
5085134

**23.995**

BLACK & DECKER



**Bensínsláttuvélar verð frá:**

**32.499**



**25% AFSLÁTTUR**
**af öllum HiPoint greina- og hekkklippum**

**1.699**

**Hekkklippur**
HiPoint
5084672

**1.199**

**Greinaklippur**
HiPoint
5084663

**1.499**

**Grasklippur**
HiPoint
5084675

**1.499**

**Greinaklippur**
HiPoint, 55 sm
5084669



Sjávarréttasúpa og brauð **190**kr

Ís á **10** kr
**í Skútuvogi**

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

# Hvernig á að bjarga heimilunum?

**UMRÆÐAN**
Þórhallur Hákonarson skrifar um efnahagsmál


ÞÓRHALLUR HÁKONARSON

Frá því að efnahagshrunið varð hefur margt verið sagt og margir komið með áhugaverðar tillögur til lausnar á vanda heimilanna. Ein áhugaverðasta tillagan var tillaga framsóknarmanna um 20% afskriftir á íbúðarlánum. Sýnist sitt hverjum um þær. Ég tel að þó að tillögur Framsóknar séu góðar virðist þær ekki hafa verið hugsaðar nógu heildstætt.

Ein grundvallarregla stjórnsýslu er jafnræði borgaranna og er ekki tekið nægjanlegt tillit til þess. Það sem gengur upp í tillögum Framsóknar er að yfirgnæfandi líkur eru á því að lánin sem nýju bankarnir taka yfir af gömlu bönkunum verði afskrifuð umtalsvert. Ef við segjum að afskriftirnar verði 50% þá verður svigrúm þar til að afskrifa fyrir almenning og það kostar ríkissjóð ekki krónu. Eiginfjárstaða almennings batnar og neysla þeirra sem ekki þurfa leiðréttinguna eykst, sem síðan eykur neyslu í þjóðfélaginu með tilheyrandi snjóboltaáhrifum.

**Gætt að jafnræði**

Það sem ekki hefur komið nægilega vel fram er hvað á að gera fyrir lánþega Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna? Það getur ekki verið að það eigi aðeins að leiðrétta lán hjá þeim sem fengu lánað hjá bönkunum. Ef það á að leiðrétta lánin hjá þeim sem fengu lánað hjá Íbúðalánasjóði og Lífeyrissjóðunum myndi það kosta langt yfir 100 milljarða króna. Útlán Íbúðalánasjóðs voru í árslok 2008 um 680 milljarðar samkvæmt ársskýrslu sjóðsins fyrir 2008. Afskriftir um 20% á þeim hluta myndu kosta ríkissjóð um 140 milljarða. Íbúðalánasjóður myndi ekki þola slíkar afskriftir, svo ekki sé minnst á íbúðalán lífeyrissjóðanna þar sem margir yrðu ósáttir við að þannig yrði farið með lífeyri þeirra.

**Möguleg leið**

Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott. Til er leið sem hægt er að fara og kostar ríkissjóð ekki krónu.

1) Byrjað verði á því að setjast með erlendum kröfueigendum gömlu bankanna og þeim sagt að þeir fái í mesta lagi 10-15% af kröfum sínum greiddar. Þeir erlendu aðilar sem lánuðu íslensku bönkunum eru búnir að afskrifa lánin sín og selja áhættufjárfestum sem keyptu kröfurnar á 2-6 krónur hverjar 100 krónur (samkvæmt frétt á vísi.is 6. nóvember 2008). Með því að bjóða þeim strax 10-15% upp í kröfurnar þá fá þeir 200-1000% ávöxtun (sem er enn hærri á ársgrundvelli og þætti mörgum það ansi gott í dag). Að sjálfsögðu munu þessir aðilar hafa hátt og tala um að lánstraust Íslands muni aldrei ná sér o.s.frv. Dæmin sanna að t.d. bæði Argentína og Rússland fengu sitt lánstraust aftur og að núverandi kröfueigendur skipta ekki höfuðmáli (eftir því sem ég kemst næst eru þetta helst vogunarsjóðir og tryggingafélög og ekki í eiginlegri lánastarfsemi, og því ekki framtíðarlánveitendur Íslands). Með þessu myndi ríkissjóður spara sér um 205 milljarða. Heildaríbúðalán bankanna voru samkvæmt Seðlabanka Íslands 605 milljarðar og 50% afskriftir þýðir að greiða verður um 300 milljarða en 85% afskriftir þýðir að greiða verður um 95 milljarða og mismunur er 205 milljarðar.

2) Öll íbúðalán fengin úr bönkunum eru færð inn í Íbúðalánasjóð á bókfærðu virði frádregið því sem á að afskrifa yfir línuna. Dæmi: Ef ákveðið er að afskrifa öll íbúðalán um 30% eru íbúðalánin færð til Íbúðalánasjóðs á bókfærðu virði með 30% afskriftum. Með því myndast mikið eigið fé hjá Íbúðalánasjóði, yfir 400 milljarðar. Með þessari miklu aukningu eigin fjár gæti Íbúðalánasjóður í raun greitt fyrir íbúðalán gömlu bankanna, lífeyrissjóðunum fyrir íbúðalánin þeirra, verðbólguleiðrétt öll lánin og að öllum líkindum gefið þeim sem eru með erlend íbúðalán kost á að færa þau yfir í íslenskar krónur á því gengi sem lánið var tekið ásamt því að fá sömu afskriftir og aðrir.

**Kostirnir eru:**

- Jafnræði allra er tryggt
- Kostar ríkissjóð ekki neitt
- Fjöldagjaldþrotum heimila fórðað
- Neysla fer aftur af stað
- Atvinnuleysi ætti að minnka
- Tekjuskattur eykst, veltuskattar aukast og fjárlagagatið minnkar hjá ríkissjóði.
- Álag á heilbrigðiskerfið minnkar (atvinnuleysi og fjárhagsáhyggjur auka álag á heilbrigðiskerfið)

**Ókostir eru:**

- Fjármagnseigendur missa verðbætur á innstæðum sínum
- Erlendir kröfuhafar verða fúlir
- Lánafyrirgreiðsla erlendis gæti orðið erfiðari til skamms tíma

Spurningin er hve háa prósentu er hægt að afskrifa yfir línuna. Það er líka hægt að hugsa sér að ákveðin prósenta verði afskrifuð yfir línuna en þó fari afskriftin ekki yfir ákveðna upphæð (ef einhver sér ofsjónum yfir því að þeir sem eiga einbýlishús fái hærri afskriftir í krónum talið en aðrir).

Þessi aðferðafræði ætti líka að duga fyrir fyrirtækin sem nú eru að bugast. Svipuð leið fyrir fyrirtækin myndi leiðrétta samkeppnisstöðu fyrirtækja og ríkið yrði hugsanlega ekki eini atvinnurekandi landsins.

Ríkisstjórnin stendur frammi fyrir einni lykilspurningu: ber hún aukna ávöxtun erlendra fjárfesta meira fyrir brjósti en hag íslenskra heimila og fyrirtækja?

*Höfundur er fjármálastjóri.*

# Forskot eftir kennitöluflakk

**UMRÆÐAN**
Kjartan Örn Sigurðsson skrifar um samkeppni


KJARTAN ÖRN SIGURÐSSON

Yfirtaka ríkisbankanna á Pennanum og A4 hefur leitt til þess að ríkið er komið með markaðsráðandi stöðu á ritfangaskrifstofuvörumarkaði á Íslandi. Bæði Penninn og A4 hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta og nýjar kennitölur stofnaðar um rekstur þeirra. Ríkið er orðið markaðsráðandi, ekki aðeins vegna yfirtökunnar á félögunum tveimur, heldur einnig vegna þess að það hefur stofnað ný fyrirtæki á samkeppnismarkaði.

Mikil umræða hefur skapast undanfarið um samkeppnisstöðu þeirra sem eftir standa í einkaeigu á markaði eftir að ríkið hefur tekið félög yfir og lúshreinsað þau með þessum hætti. Samkeppniseftirlitið hefur lagt nýju ríkisbönkunum línurnar og ályktað að sú ráðstöfun skuli valin sem raski samkeppni sem minnst og að ekki sé stofnað til aukinnar fákeppni heldur leitast við að draga úr slíku ástandi.

**Skuldbinding eða val**

Umræðan undanfarið hefur fyrst og fremst snúist um niðurfellingu skulda yfirteknu félaganna sem standa eftir hóflega skuldsett og tilbúin í grimma samkeppni. Það er hinsvegar einnig mikilvægt að skoða annan rekstrarkostnað þessara nýju félaga, t.d. launakostnað, húsnæðiskostnað og rekstur flutningatækja, sem stjórnendur nýju „ríkisfyrirtækjanna" hafa að markmiði að lækka verulega til að hagræða í rekstrinum.

Það er samdráttur í verslun og eðlilegt að reynt sé að draga saman seglin t.d. með því að segja upp fólki, fækka verslunum, bifreiðum o.s.frv. Þetta eru allt annað en auðveldar aðgerðir hjá venjulegu rekstrarfélagi sem er t.d. með fimm til tíu ára húsaleigusamninga eða þriggja ára rekstrarleigusamninga á flutningatækjum. En hjá nýju ríkisreknu fyrirtækjunum er þetta val. Þau ráða hvaða bílasamninga þau taka yfir, þau ráða hvaða húsaleigusamninga þau taka yfir. Nýi Penninn hefur ekki endurnýjað leigusamning í Holtagörðum né á Glerártorgi á Akureyri. Nýi A4 hefur ekki endurnýjað samninga sína í Borgartúni, Smiðjuvegi og Köllunarklettsvegi. Þá hefur leigusölum verið boðin allt að 50% lægri leiga fyrir þau leiguhúsnæði sem þessi félög vilja halda. Leigusalarnir hafa ekki marga kosti. Það er engin biðröð af fyrirtækjum fyrir utan hjá þeim sem vilja leigja verslunarhúsnæði í dag.

**Jafnræði?**

Það verður erfiðara og erfiðara fyrir þau félög sem eftir eru einkarekin á markaði að taka þátt í eðlilegri samkeppni þegar búið er að breyta rekstrarforsendum með þessum hætti. Það hefur aldrei verið mikilvægara að jafnræði sé tryggt. Á sama tíma framselur Ríkiskaup ríkiskaupasamning um ritföng og skrifstofuvörur frá gamla Pennanum og gamla A4 yfir á nýja Pennann og nýja A4. Office 1 var einnig aðili að þeim samningi og hefði auðveldlega getað fullnægt þörfum kaupenda enda fordæmi fyrir því að gerðir séu samningar við eitt fyrirtæki eftir samkeppnisútboð sbr. rammasamning um byggingavörur við Húsasmiðjuna. Ríkiskaup hefur með þessu lagt blessun sína yfir kennitöluflakk ríkisbankanna og valið að hygla nýju „ríkisfyrirtækjunum" á kostnað einkaframtaksins.

Markmið ríkisbankanna er skiljanlega að hámarka eignir sínar í þessum yfirteknu félögum. Við sem eftir stöndum getum ekki ætlast til þess að þeir sem stjórna þessum félögum taki slæmar ákvarðanir sem gangi gegn hagsmunum nýrra eigenda en við getum að sama skapi ekki sætt okkur við að menn sýni ekki samfélagslega ábyrgð eða hagi sér á annan óábyrgan hátt. Það verður líklega seint hægt að skilgreina óeðlilega lágan rekstrarkostnað en það verður að koma í veg fyrir að fyrirtækjum sé skapað samkeppnisforskot við það að lenda í höndum nýju ríkisbankanna.

*Höfundur er forstjóri Egilsson hf./Office 1*


FÆRÐU **BRJÓSTSVIÐA** EÐA **SÚRT BAKFLÆÐI?...**




...Nú færðu Losec Mups* án lyfseðils í næsta apóteki!

*Omeprazol

**Notkunarsvið:** Losec Mups sýruþolnar töflur innihalda efnið omeprazol sem hemur magasýruframleiðslu. Losec Mups er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir omeprazoli eða einhverju öðru innihaldsefnanna eða samhliða lyfjum sem innihalda atazanavir. Gæta skal varúðar ef þú færð einhver af eftirtöldum einkennum: Verulegt þyngdartap, endurtekin uppköst, kyngingarerfiðleika, blóðuppköst eða blóð í hægðum. Þá skal hafa samband við lækni. Látið lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð. Meðganga og brjóstagjöf: Losec Mups má nota á meðgöngu. Konur með barn á brjósti eiga að leita ráða hjá lækni áður en notkun hefst. Skömmtun: Ein Losec Mups 20 mg tafla ekki oftar en einu sinni á sólarhring. Ef einkennin hafa ekki horfið eftir 14 daga stöðuga notkun skal hafa samband við lækni. Gleypa á töflurnar heilar með ½ glasi af vökva. Hvorki má tyggja þær né mylja. Töflurnar má leysa upp í vatni eða einhverjum súrum vökva (t.d. ávaxtasafa) og taka þannig inn. Það skiptir ekki máli hvort Losec Mups er tekið inn með eða án matar. Algengustu aukaverkanir eru: Höfuðverkur, niðurgangur, ógleði/uppköst, kviðverkir, hægðatregða og aukinn vindgangur. **Lesið vandlega allan fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu**. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Mars 2009.

AstraZeneca
annt um líf og líðan


## AF NETINU

### Silkináttföt í Alþingishúsinu

Fáeinir þingmenn neita að yfirgefa gamalt þingflokksherbergi Framsóknarflokksins í Alþingishúsinu.

Herbergið er allt of stórt fyrir þingflokk Framsóknar sem skroppið hefur saman.

Hef einu sinni komið þar inn.

Til að kaupa silkináttföt af alþingismanni sem drýgði tekjurnar með innflutningi á slíkum varningi frá Asíu.

**Eiríkur Jónsson**
**dv.is/blogg/eirikur-jonsson**

### Alvarlegur doði í ríkisstjórn

Atburðarásin frá kosningum vekur upp spurningar hvort ekki sé brýn þörf fyrir neyðarstjórn. Gamlir jálkar í stjórnmálum hafa tekið völdin og hafa engan skilning á mikilvægi þess að takast á við þær hörmungar sem blasa nú við fjölskyldum í landinu. …Atvinnupólitíkusar eru samdauna þeirri venju að segja eitt og gera annað. …Ráðaleysið birtist í orðræðu þeirra sem felur í sér að almenningur sé ekki að skilja ástandið en í raun skilja þeir það ekki sjálfir og eru ekki innréttaðir til þess að koma auga á raunveruleg úrræði.

**Jakobína Ingunn Ólafsdóttir**
**kreppan.blog.is**

### Græna hagkerfið

Ég fór á fund um grænt hagkerfi í gær og fræddist heilmikið. Það var samt eitt sem fór í taugarnar á mér og það var orðræðan. Náttúra var tæplega náttúra heldur aðallega auðlind (og við vitum öll að auðlindir ber að nýta samkvæmt ríkjandi hugmyndum, ekki satt?)

**Íris Ellenberger**
**freestylefrekja.blogspot.com**


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Hreint vatn er auðlind
Álverið í Straumsvík notar vatn til að kæla rafspenna, en um þá fer allt rafmagn sem álverið notar við framleiðslu sína. Kælivatnið kemur úr Kaldá, vatnsmikilli á sem rennur til sjávar undir hrauninu við verksmiðjuna.
Enda þótt Ísland sé auðugt af hreinu vatni er mikilvægt að umgangast þá auðlind af sömu virðingu og aðrar gjafir landsins. Vatnið sem við notum til kælingar á rafspennum fer jafnhreint frá okkur og það kemur til okkar. Þess vegna má nota það aftur á Hvaleyrarvelli, golfvelli Keilis, sem þarf mikið vatn til vökvunar.
Álverið opnaði á dögunum vatnslögn frá Straumsvík að golfvellinum, þar sem vatnið okkar safnast í þessa fallegu tjörn. Úr henni er vatnið leitt um fullkomið vökvunarkerfi og úðað yfir fagurgrænar flatir og teiga þessa skemmtilega vallar. Þannig er verðmæt auðlind nýtt ekki einu sinni, heldur tvisvar.
Til hamingju Keilir og takk fyrir ánægjulegt samstarf!
Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is
Rio Tinto Alcan
ISAL–STRAUMSVÍK

# Sólblómafræ fyrir sykursjúka þjóð

**Sverrir Guðjónsson** segist gjarnan myndu vilja ganga Hornstrandir með Davíð Oddssyni og Ingibjörgu Sólrúnu og láta þau kynnast upp á nýtt. **Telma Tómasson** er viss um að Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra sé sælgætisgrís. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** ræddi við Rökstólapar vikunnar um hollustu og gítarlegt nafn.



SJÓNVARPSKONAN OG KONTRATENÓRINN Telma Tómasson og Sverrir Guðjónsson höfðu aldrei hist áður en Telma tengdi Sverri fyrst við Kaffihúsið Sólon. Sverrir myndi vilja sjá fréttamyndverið sem Telma situr í daglega lýst upp í bláum tónum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Á RÖKSTÓLUM

*Hvað vitið þið um hvort annað?*
**Sverri:** Ég hef séð þig á skjánum. Ertu ekki hjá sjónvarpinu?
**Telma:** Jú, Stöð 2.
**Sverrir:** Einmitt. Ég hef séð þig þar. En það er þannig með mig að fólk sem ég sé oft í fréttatengdu efni tengi ég ekki nafni. Ég er betri með andlit.

### Sniðgekk Sólon

**Telma:** Ég man eftir að hafa séð Sverri oft enda setur hann mikinn svip á bæjarlífið með sínu sérstaka og skemmtilega útliti og list. Ég tengi hann annars fyrst við Sólon Íslandus kaffihúsið. Sólon var svona fyrsti menningarkaffistaðurinn á Íslandi. Þetta var hugsjónahópur sem mér skilst að hafi opnað þann stað, ekki satt?
**Sverri:** Jú, það var svolítill listamannahópur sem ákvað að gera eitthvað flott með þetta fallega húsnæði. Áður en við tókum við því voru bara einhverjir flóamarkaðir þarna.
**Telma:** Mér fannst mjög gott að koma þangað. Svo þegar eigendaskipti urðu, og átök um nafnið fór ég ekki á staðinn í mörg ár. Svona í mótmælaskyni.
**Sverrir:** Ha, ha, já, það er nú gott að heyra. Sólon breyttist mjög mikið þarna á sínum tíma því hann hafði haft svona evrópskt yfirbragð og það var bara eitthvað sem virkaði eins og þetta var gert. Síðan varð hann svolítið steríll.
**Telma:** Andrúmsloftið breyttist einhvern veginn. En ég viðurkenni að ég er búin að sættast við staðinn í dag því það er svo góður fiskur þar í hádeginu.

### Þurrkaðir ávextir og möndlur handa sykurfíklum

*Byrjum á sætindum. Heilbrigðisráðherra hyggst skattleggja nammidagana okkar með sykurskatti. Eruð þið sælgætisgrísir? Ef þið ættuð að ráðleggja þjóðinni í mataræði til að komast yfir sykurþörfina, hvað mynduð þið ráðleggja fólki? Hvaða þjóðþekkti Íslendingur gætuð þið trúað að væri nammigrís?*
**Sverrir:** Ég er kannski ekki sælgætisgrís en súkkulaði skiptir mig rosalega miklu máli og það verður að vera gæðasúkkulaði. Ég meira að segja tók eftir því, og spurði annan súkkulaðiáhugamann um þetta sama og hann var sammála, að Siríus konsúm súkkulaði, sem er í smjörpappírsumbúðunum, breyttist á ákveðnum tímapunkti úr því að vera gæðasúkkulaði í svona dýrafitubökunarsúkkulaði. Ég fann það á bragðinu og hætti að kaupa það. Ég þurfti ekkert að spyrja neinn, ég vissi það bara.
**Telma:** Ég kaupi gotterí öðru hvoru en ég get alveg verið án þess, sem og alls sykurs. Gotterí finnst mér leynast í svo mörgu öðru en sykri, getur til dæmis verið þurrkaðir ávextir og önnur hollusta Hvítur sykur er ekki auðmeltanlegur fyrir fólk og hentar okkur held ég mjög illa.
**Sverrir:** Ég held einmitt að margir átti sig ekki á því að með því að nota þurrkaða ávexti og möndlur, fær maður staðgengil fyrir sykurinn. Sykur gefur manni bara skot og svo verður maður fljótt aftur hálfslappur.
**Telma:** Líka þessi nartþörf, að þurfa að pikka í eitthvað eins og fuglar – við getum pikkað í svo margt annað en sætindi, eins og fræ eða möndlur. Maður getur verið heillengi að pikka í rúsínur eða sólblómafræ til dæmis.
**Sverrir:** Já, sólblómafræin eru frábær. Það er líka hægt að baka þau í sojaolíu í ofni og þá fær maður alveg rosalega gott snakk. Þau ristast aðeins og sojað fer inn í fræin. Krökkunum finnst þetta svakalega gott. Svo er það grænmeti, eins og hrátt grænmeti. Ég nota til dæmis gulrætur mjög mikið og þá er ég að hugsa um röddina. Gulrætur þurrka ekki upp heldur gefa vökva. Og ég þarf að vera mjög varkár með brauð og annað sem virkar eins og svampur og dregur í sig vökva.
**Telma:** En hvað skattlagningu varðar þá vil ég frekar byrja á hinum endanum. Ég vil frekar upplýsta þjóð en skattpínda. Ég get ekki gert upp við mig hvort ég er sammála eða ósammála þessum skatti en mér finnst eins og það sé verið að byrja á röngum enda. Frekar ætti að hvetja til hollustu, breyta álagi þannig að ekki sé jafn dýrt að kaupa grænmeti, fisk og aðra holla fæðu. Það á að auðvelda fólki að kaupa góðan mat. Skattar virka líka bara að ákveðnu marki, fari þeir yfir ákveðið hlutfall hætta þeir að skila sér því fólk fer að fara aðrar leiðir. Vinnur svart, hefur vöruskipti og svo framvegis.
**Sverrir:** Ég er alveg sammála því sem Telma er að segja en hins vegar er oft mjög erfitt að upplýsa fólk. Jafnvel þótt við dælum inn upplýsingum, jú við skiljum þær alveg, en þessi vani og þörf fyrir einhverja ákveðna hluti situr svo fast í okkur. Kannski getur þessi skattur hjálpað fólki að minnka þessi óhollu kaup, en auðvitað þurfum við á upplýsingu að halda og verðlækkun á góðu fæðunni. Ég hugsa þetta þannig að það væri hægt að setja skatt einhvers staðar og lækka þá álögur annars staðar.
**Telma:** En ef ég á að svara því hver er mesti nammigrísinn þá held ég að Ögmundur heilbrigðisráðherra sé mikill sælkeri. Kannski hann sé að nota sykurskattinn til að geta hætt að borða sælgæti sjálfur! Reyndar grunar mig að fyrrverandi heilbrigðisráðherra sé líka mikill nammigrís en konan hans, sem er mikil heilsudrottning, haldi aftur af honum.
**Sverrir:** Ég ímynda mér að Jóhanna Sigurðardóttir sé mikil súkkulaðikona. Ég held að hún velji sína mola mjög gaumgæfilega og desertana líka og sé þess vegna svona rosalega grönn.

> Siríus konsúm súkkulaði, sem er í smjörpappírsumbúðunum, breyttist á ákveðnum tímapunkti úr því að vera gæðasúkkulaði í svona dýrafitubökunarsúkkulaði. Ég fann það á bragðinu og hætti að kaupa það.

### Fjólublátt sett og Telma Lucinda gítarleikari

*Nú eruð þið hvort í sínum geiranum: Þú í fjölmiðlum Telma og þú í listum Sverrir. Ef þið ættuð að skipta um hlutverk einn dag – hvernig fréttir myndirðu vilja flytja Sverrir og hvernig vildirðu að myndverið liti út? Og ef þú ættir að leggja listir fyrir þig Telma – hvaða listgrein yrði það, hvaða hús í borginni myndirðu velja sem vinnustofu/stúdíó og hvert yrði listamannsnafnið þitt?*
**Sverrir:** Ég myndi helga fréttirnar heilum degi um menningu og listir, frá vöggu til grafar. Og reyna að fá tilfinningu fyrir hvernig við getum byggt upp listræna hugsun og menningu almennt, hvernig við getum stutt við þessa listrænu hæfileika sem börnin okkar hafa því það er mjög auðvelt að týna þeim. Öll börn eru listræn frá fæðingu, en svo er spurning inn á hvaða brautir þeim er beint. Svo er það fréttamyndverið hennar Telmu. Þau eru nefnilega oft svolítið yfirlýst og lýsingin flöt. Fyrir Telmu myndi ég nota bláa liti í lýsingunni og í settinu. Djúpbláan lit og yfir í fjólubláan. Ljós og skuggar yrðu að vinna vel saman og ná fram tilfinningu fyrir vídd. Við erum ekki alveg nógu góð í því, við þrengjum frekar rými og gerum það flatt.
**Telma:** Ef ég ætti að velja mér listgrein, myndi ég velja mér að geta spilað dásamlega á gítar. Gítarinn er magnað hljóðfæri og fellur að svo breiðri tónlistarflóru. Fengi ég alveg frjálsar hendur yrði Gljúfrasteinn í Mosfellsdal fyrir valinu sem vinnustofa, sem er að mínu mati einhver fegursti staður sem hægt er að hugsa sér. Þar gæti ég líka haft hestana mína úti í garði. Þetta er líka það langt í burtu að enginn þyrfti að hlusta meðan ég æfði falska tóna. Sérstakt listamannsnafn væri ekki nauðsynlegt því ég heiti Telma Lucinda Tómasson og það er nú svolítið gítarlegt.
**Sverrir:** Já, sérstaklega.
**Telma:** Þegar ég var krakki og flutti til Íslands frá Hollandi 1968, og allir hétu svona meira og minna Jón og Gunna, sem eru falleg nöfn vel að merkja, skar ég mig út úr með þetta skrítna nafn og sökk alltaf niður í sætið þegar ég var lesin upp. En í dag er ég bara sátt og hugsa að þetta sé bara fínt fyrir gítarinn.

**Vissir þú að ....**

Telma hefur ekki borðað kjöt í tvo mánuði. Hún segist vera skorpumanneskja í hollustu.

Sverrir gaf Telmu og blaðamanni te á stefnumóti þeirra. Sem hann býr til sjálfur.

Sverrir Guðjónsson er í dag, kl. 17.00 með atriði á Listahátíð. Leikhús- og hljóðgjörning, byggðan á Völuspá, á Sögulofti Landnámssetursins í Borgarnesi.

Telma aðhyllist listgreinina reiðlist og skreppur því frekar á kynbótasýningu eða íþróttakeppni hrossa en listahátíðir, þótt hrifin sé hún af list líka.

### Fastað á Hornströndum

*Allt stefnir í metár í ferðalögum innanlands. Ef þið ættuð að velja ykkur þrjá þjóðþekkta Íslendinga, sem þið þekkið ekki, til að ferðast með í sumar, hverjir yrðu fyrir valinu og af hverju?*
**Sverrir:** Þeir þrír Íslendingar sem ég myndi vilja ferðast með eru að vísu bara tveir. Ég myndi velja Ingibjörgu Sólrúnu og Davíð Oddsson, og fara með þeim á Hornstrandir, dvelja í eina viku þar sem bannað væri að tala.
**Telma:** Þau myndu kannski kynnast upp á nýtt.
**Sverrir:** Algerlega. Ég held að þau séu nefnilega mjög lík og yrðu óaðskiljanleg eftir þessu viku. Nánast eins og síamstvíburar.
**Telma:** Ég ætla að velja mér þrjá. Ég ætla að velja Guðberg Bergsson, vegna þess að hann er einhver djúpvitrasti Íslendingur sem uppi er í dag og Svöfu Grönfeldt, því hún er mjög frjó og skemmtilega hugsandi. Þau myndi ég láta tala saman því hann gæti gefið henni margar flottar hugmyndir sem hún gæti svo nýtt í sínu starfi við Háskólann í Reykjavík. Þar er gríðarlegt hugmyndaflug og frumleg orka í gangi sem myndi eflast enn frekar. Með okkur yrði svo Rúnar Marvinsson sem myndi elda fyrir okkur. Gott fóður fyrir hugmyndirnar flottu.
**Sverrir:** Rétt er að taka það fram að á Hornströndum myndu Davíð og Ingibjörg fasta. Og drekka fjallagrasate enda hreinsun í gangi.

LAMBAKJOT.IS



# GRILLBRAGÐ
*- helgarinnar*



„Ég vil hafa það hollt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
– þannig eru náttúrulega bestu helgarnar.“

## Grillaðar lambalundir með kryddjurtapestói

1 kg lambalundir • kryddjurtapestó

Veltið kjötinu upp úr 1/3 af kryddjurtapestóinu og geymið við stofuhita í 20 - 60 mín.

Grillið kjötið á vel heitu grilli í 2 - 3 mín. á hvorri hlið.

### Kryddjurtapestó:

1 1/2 dl ólífuolía • 1 búnt basilíka • 1/2 búnt steinselja • 1/2 búnt tímían • 1/2 búnt mynta
2 msk furuhnetur • 2 msk parmesanostur • 1 msk sítrónusafi • 1 msk hunang • 1/2 tsk pipar • 1 tsk salt

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel.

Berið kjötið fram með afganginum af pestóinu og t.d. grilluðu grænmeti og kartöflum.

25 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
2698
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
2698 kr./kg
1359
K.S LAMBALÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1359
K.S LAMBAHRYGGIR Í SNEIÐUM 1359 kr./kg
Grísaveisla
798
G.V FERSKT GRÍSASNITLSEL 798 kr./kg.
Grísaveisla
798
G.V FERSKT GRÍSAGÚLLAS 798 kr./kg.
1298
G.V FERSKAR GRÍSALUNDIR 1298 kr./kg.
Grísaveisla
798
G.V FERSKUR ÚRBEINAÐUR GRÍSAHNAKKI
798 kr./kg.
Ali
KJÖRFUGL
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1498 kr./kg.
Grísaveisla
798
G.V FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 798 kr./kg.
1798
K.S FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
NOW 20% MORE
THICK RICH
Hunt's
HONEY MUSTARD
187
HUNTS BBQ SÓSUR
612 ml 187 kr.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg
598
BÓNUS BBQ KJÚKLINGALÆRI OG LEGGIR
598 kr./kg.
1169
BÓNUS LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
AÐEINS 1169 kr./kg.
1298
998
N.F GRILL BLEIKJUFLÖK
1298 kr./kg.
N.F GRILL BLEIKJUBITAR
BEINLAUSIR M.ROÐI
998 kr./kg.
ENERGY DRINK ENERGY
98
EURSOHOPPER
ORKUDRYKKURINN
250 ML 98 kr.
VINSÆLASTI
ORKUDRYKKURINN
Coca-Cola
Coca-Cola light
98
1 ltr
COKE OG COKE LIGHT 1 LTR. 98 kr.
PEPSI
PEPSI MAX
Egils APPELSÍN
69
PEPSI-PEPSI MAX-EGILS APPELSÍN Í DÓS
500 ML 69 kr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

NÝ BAKAÐ

198
BÓNUS NÝBAKAÐIR KLEINUHRINGIR 2 STK 198 kr

198
BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR 4 STK 198 kr

198
BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR 4 STK 198 kr

598
BÓNUS FROSTPINNAR 24 STK 598 kr. AÐEINS 25 kr stk.

198
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270 ML AÐEINS 198 kr

98
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 375g 98 kr.

298
FERSKT PIZZA DEIG 298 kr

139
BÓNUS HRÁSALAT 350 GR 139 kr

HÁLFT KÍLÓ 498 kr.
FERSK JARÐARBER 1/2 kg. 498 kr.

HAMBORGARAR

129
1198
K.F LÚXUS HAMBORGARAR 10 X 120G 1198 kr.
BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK 129 kr.

198
KARTÖFLUR 2 KG HVÍTAR 198 KR. POKINN. 99 kr./kg.

95
SVALI SYKURLAUS 3 X 250 ML 95 kr.
APPELSÍNU OG EPLA.

BÓNUS PYLSUR

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr
BÓNUS PYLSUR 10 STK 489 kr./kg. *PYLSAN CA 25 KR STK*

598
NEUTRAL ÞVOTTAEFNI 2 KG 598 kr.

259
ÍTALSKT BARILLA SPAGHETTI 1 KG 259 kr.

159
VATNSMELÓNUR 159 kr./kg.

SÆLGÆTISBARINN 50% AFSLÁTTUR ALLA DAGA
80 kr.pr 100 gr poki.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

# Gömlu leiðarljósin eru slökknuð

**Árni Páll Árnason** er nýr félags- og tryggingamálaráðherra. Á hans könnu eru húsnæðismál, greiðsluaðlögun og ýmis velferðarmál. *Klemens Ólafur Þrastarson* yfirheyrði Árna um niðurskurðaráætlanir, skuldir heimila og samstarfið við VG. Árni útskýrir hvers vegna aðild að Evrópusambandinu sé svo brýn. Áframhald krónu sé ákall um endalaus álver, og flótta úr landi.



**TVÖFALDAN ESPRESSÓ** Árni Páll Árnason er orðinn ráðherra og hefur í nógu að snúast. Hann missti af hádegisskokkinu áður en hann kom í viðtalið og var svo rokinn á þingflokksfund, klukkustund síðar.

*Fólk hafði ekki mikið tengt þingmanninn Árna Pál við félagsmál fyrr en nú. Hvað ert þú að gera í þessu ráðuneyti?*

Það er náttúrlega formaðurinn sem skipar okkur til verka, en ég hef unnið á þessu sviði og þekki vel til húsnæðismálanna. Svo hef ég líka verið að vinna í velferðarmálunum á vettvangi heilbrigðisnefndar.

En þessi prinsipp sem að baki liggja í kaupum ríkisins á velferðarþjónustu, að við höldum utan um þau með öguðum hætti, það er ekkert nýtt fyrir mér. Það þarf að setja velferðarþjónustuna í forgang með skynsamlegum hætti. Við höfum náð að leiðrétta mikla öfugþróun sem varð í stjórnartíð Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, þar sem kjör lífeyrisþega og barnafjölskyldna versnuðu mjög. Við náðum að bæta mjög í á þessum árum 2007 og 2008 og gjörbættum kjör verst settu lífeyrisþeganna, sem hækkuðu um 42 prósent á þessum árum. Við þurfum að verja þennan ávinning. Það er mjög stórt verkefni að gera það fyrir hönd flokksins að sinna þessu lykilráðuneyti að því leyti að við erum með bæði velferðarmálin og vinnumarkaðsmálin undir.

En í spurningunni felst vanahugsun okkar, að hugsa í ólíkum hólfum um efnahagsmál og velferðarmál. Þetta er ekki hægt, því við sjáum núna sem aldrei fyrr hvað traust velferðarkerfi er mikil forsenda verðmætasköpunar í landinu. Við erum í baráttu við tímann við að koma fólki út á vinnumarkaðinn aftur og bæta við starfshæfni þess þannig að það geti sótt um störf sem það átti kannski ekki séns í áður.

Reyndar er það góða við stöðuna, að af þessum 16.700 sem eru atvinnulausir eru 4.700 á hlutabótum, í starfsmenntun eða slíku. Það er þetta stór hluti og markmiðið er að fjölga í þessum hópi. Við megum ekki við því sem samfélag að missa stóran hluta fólks í langtíma atvinnuleysi. Við þekkjum það af reynslu Finna og Færeyinga.

*Nú ert þú stundum uppnefndur hægri krati. Hvernig líst þér á samstarf við VG, hefðir þú ekki frekar viljað vinna með öðrum?*

Nei, ég veit nú ekki alveg hvað ég gerði til að verðskulda þann stimpil. Í grunninn snýst þetta um það að saman þarf að fara verðmætasköpun og velferð. Ég er ágætlega sáttur við það að í þessari ríkisstjórn höfum við náð góðum samhljómi um þetta. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að við sóttumst ekki eftir því að ríkisvæða atvinnulífið. Það varð hrun og við sitjum uppi með opinber afskipti sem eru miklu meiri en við höfðum vænst. Þá þarf að tryggja að þessi afskipti verði fagleg og takmörkuð og að ríkið losni sem fyrst við eignarhald í fyrirtækjum á samkeppnismarkaði.

Einnig er mikilvægt að tryggja faglega umgjörð á meðan á þessum afskiptum stendur. Þess vegna held ég að andstaða stjórnarandstöðunnar við eignarumsýslufélagið sé á misskilningi byggð, því það er mikilvægt að við höfum almennan löggjafarramma um afskipti hins opinbera af atvinnulífinu, bæði í tíma og rúmi. Við eigum ekki að óþörfu að bæta pólitískum afskiptum við hin opinberu.

*Hafið þið áhyggjur af pólitískum afskiptum og ráðningum? Fyrir Icesave-nefndinni fer nú Svavar Gestsson. Var það faglegasta ráðning sem hugsast gat?*

Ég get ekki tjáð mig um forsendur þeirrar ráðningar, en Svavar hefur auðvitað staðið sig vel sem sendiherra.

Það ákall sem við stöndum frammi fyrir núna, eftir lýðræðisbyltingu síðasta vetrar, er að við vinnum öll mál með gagnsæjum hætti svo þau standist faglega skoðun. Ég fagnaði því mjög til dæmis þegar ég sá áherslur Borgarahreyfingarinnar um að sett yrði fagleg viðræðunefnd um Evrópumálið. Ég er algjörlega sammála því. Þegar við förum í svona stórmál verður allt að vera hreint og klárt og faglegt. Við verðum að standa undir því.

*Eruð þið farin að máta menn í viðræðunefndina?*

Utanríkisráðherra er með það á sinni könnu. En þetta verður að vera á faglegum forsendum.

## Evrópusambandið

*Hvernig er samstarfið í ljósi ESB-tillögu? Það virðist stundum ólíklegt að þið fáið stuðning VG.*

Ég virði auðvitað rétt vina minna í VG til að hafa aðrar skoðanir á þessu máli. Það eru meira að segja nokkrir stuðningsmenn Samfylkingarinnar á móti aðild, þótt ekki séu þeir margir.

Það sem við höfum búið til með VG er farvegur til að málið fái þinglega afgreiðslu og að meirihlutinn fái að láta vilja sinn í ljós. Auðvitað stendur ríkisstjórnin að þessari tillögu en síðan eru engin flokksbönd þegar kemur að afgreiðslu hennar. Ég held að margir í VG hafi áhuga á að styðja þetta, þótt þeir séu ekki sannfærðir um aðild að ESB, því það sem þetta ferli býður upp á er óskaplega mikilvægt fyrir málið í heild. Sama hvort fólk er með eða á móti, þá skiptir ekkert meira máli en að vanda sig við undirbúninginn og við aðildarumsóknina eins og hægt er. Einungis þannig verður sátt um niðurstöðuna, hver sem hún verður. Ef menn ætla að kasta hér til höndunum og leggjast í skotgrafahernað er hætt við því að við búum þessu verkefni mjög neikvæða umgjörð. Þá er líka hætta á að við vöndum okkur ekki eins og hægt er. Það þýðir að það verður hvorki sátt um já eða nei niðurstöðu. Fólk mun alltaf spyrja: hvað ef við hefðum vandað okkur betur?

*Þið hafið enga tryggingu fyrir stuðningi VG?*

Tilfinning mín er sú að einhverjir þingmenn VG muni greiða atkvæði með þessu, það er alveg ljóst þannig, en ég er ekki í hausatalningu, enda hafa þeir frábeðið sér það.

Ég held að það sé mikilvægt að víkka okkar sýn í þessu máli. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að fólk í stjórnarandstöðu, sem hefur talað í þá átt að það vilji aðildarviðræður, ætli að fara að greiða atkvæði gegn þeim þegar tækifæri gefst til, út af einhverjum misskildum stundarhagsmunum. Ég held að sagan muni dæma það fólk mjög harkalega, sem þannig fer með atkvæði sitt. Við eigum að sameinast um þetta. Flokksþing Framsóknar samþykkti aðildarviðræður og það er fylgi við þær víða innan Sjálfstæðisflokks. Þingmenn verða að greiða atkvæði í samræmi við sannfæringu sína.

*Er þetta brýnasta málið núna? Maður heyrir fólk stundum tala um þessa stjórn þannig að hún hugsi bara um nektardans, ESB-aðild eftir nokkur ár og sykurskatt. Ekki um hinn raunverulega vanda.*

Þú verður að takast á við framtíðarstefnumótun strax. Þegar þau leiðarljós sem þú siglir eftir eru slökknuð, þá getur þú ekki haldið áfram að sigla og sagt að við tökum ákvörðun um það seinna hvert við ætlum. Peningastefnan sem við fylgjum er ónýt og hinir flokkarnir heykjast á því að draga af því rökrétta ályktun og horfa til einu mögulegu peningamálastefnunnar við þessar aðstæður. Það er stefna um upptöku evru á grundvelli aðildar.

Mér finnst það ekki lýsa miklu hugrekki að ætla að halda áfram að sigla með ljósin slökkt. Við hljótum að finna ný ljós. Við munum brátt fjalla á Alþingi um stefnumörkum í ríkisfjármálum til næstu ára. Allt mun þetta gefa fyrirheit um stöðugleika og draga úr óvissu sem er mjög brýnt. Ekki bara til að uppfylla skilyrði samkomulagsins við AGS, heldur líka til að auka tiltrú þjóðarinnar meðal erlendra lánardrottna. Við erum nú að borga tugi milljarða að óþörfu í vaxtagreiðslur til erlendra lánardrottna vegna þeirrar óvissu sem er um framtíðarstefnumörkun í landinu. Óvissan um framtíðina kostar beinharða peninga.

Með aðildarviðræðum og framtíðarstefnumörkun í ríkisfjármálum sköpum við aðstæður til að fyrirtæki fari að ráða fólk. Tækifærin eru auðvitað núna fyrir framsækin fyrirtæki, þegar vaxtalækkunarferlið er hafið. En þá verða þau að geta treyst ríkisstjórninni til þess að árangurinn sem við erum að ná núna fari ekki allur forgörðum á næstu árum. Þess vegna skiptir ESB-aðild og stefnumörkun í ríkisfjármálum öllu máli.

## Höfum ekki sparað inn að beini

*Í stjórnarsáttmálanum er einmitt ekki mikið um hvað eigi að gera í ríkisfjármálum. Hvað ætlið þið að skera mikið niður á kjörtímabilinu?*

Það eru nýmæli í stjórnarsáttmálanum að við kveðum á um forgangsröðun, að áhættu- og árangursmat eigi að ráða niðurskurði. Við höfum bitra reynslu af því í aðhaldsaðgerðum á fyrri tíð að ákvarðanir voru teknar af handahófi sem leiddi til meiri kostnaðar fyrir ríkið. Ég hef bent á það í ríkisstjórn að við sjáum strax að ríkisstofnanir eru farnar að spara með því að setja fólk á hlutabætur. Þá er verið að spara, strangt til tekið, en auka útgjöld annars staðar. Við þurfum að meta í hvert skipti hvernig megi spara þannig að það hafi sem minnstan samfélagslegan kostnað í för með sér.

Í stjórnarsáttmálanum stendur líka að byggja eigi á þekkingu neytenda og veitanda. Við höfum mjög takmarkaða hefð fyrir því á Íslandi að tala við notendur, sérstaklega í velferðarþjónustu. Það hefur ekki verið til siðs að tala til dæmis við fatlaða um þetta. Það getur vel verið að notendurnir vilji hafa eitthvað allt annað og ódýrara fyrirkomulag en tíðkast hefur, eða sjái sparnaðarkosti sem veitendur þjónustunnar sjá ekki.

Við ætlum að verja velferð og störf, en það þýðir ekki að við getum varið öll störf. Nú þurfum við að sjá hvert þanþol skattkerfisins er. Það er alveg augljóst að við þurfum að fara blandaða leið. Við getum ekki bara skattlagt okkur út úr þessum vanda, en það er ekki heldur þannig að við getum bara skorið niður því þá þyrftum við að gera tíu til fimmtán þúsund opinbera starfsmenn atvinnulausa. Við eigum að leysa þetta núna en ekki velta þessu yfir á komandi kynslóðir.

*Samkvæmt samkomulaginu við AGS þurfið þið að skera niður um*

## → NAGAR SIG Í HANDARBÖKIN

Ráðuneyti Árna Páls sér um atvinnuleysisbætur. En myndi ráðherrann persónulega treysta sér til að vera á bótum í dag? Ef ekki, væri hann þá sáttur við að skella sér í greiðsluaðlögun?

„Ég held að það yrði að vera. Engan langar til þess, en við verðum að takast á við það sem forlögin búa okkur. Auðvitað var ég búinn að stofna til skulda. Maður nagar sig í handarbökin yfir því að maður hefði átt að fara varlegar í skuldsetningu en ég er eins og annað ungt fólk sem var að mynda eignir. Ég kannski ofmat getu mína til þess, en maður tekur bara því sem aðstæður rétta manni og á endanum þurfum við að standa undir því sem fólk, að vinna úr þessari stöðu.

Það er líka mikill lærdómur að upplifa á eigin skinni lækkandi laun og atvinnumissi ástvina. Ég upplifði þetta í vetur, þegar konan mín missti vinnuna. Við þurftum að finna út úr þeirri stöðu. Hún er blessunarlega búin að fá vinnu aftur, en hversu lengi veit ég ekki. Við erum bara venjulegt fólk að glíma við venjuleg vandamál að þessu leyti.

En við getum ekki haft atvinnuleysisbætur ríflegri en lægstu laun. Við verðum að tryggja að það sé ávinningur af því að vinna og að fólk njóti ávaxta af því. Svo er það sameiginlegt verkefni okkar að tryggja stöðugleika. Vegna gjaldmiðilsins þurfum við að vinna lengur en við ella þyrftum. Stór hluti vinnuvikunnar fer í að vinna fyrir krónuna.

Ég held að þegar við lítum til baka þá þurfi maður að hugsa hvort maður hefði ekki frekar viljað eyða meiri tíma með fjölskyldunni en með henni.

*170 milljarða á þremur árum?*

Við höfum reyndar verið að vinna með aðeins aðrar tölur. En það er gat sem þarf að loka með annaðhvort niðurskurði eða auknum tekjum …

*Hvaða tölur eru það?*

… og þótt þetta sé erfitt ástand og við höfum dregið saman um fjórutíu milljarða í fyrra, frá upphaflegum áætlunum, þá höfum við ekki sparað inn að beini. Það segir sig sjálft að það eru matarholur síðan á árunum 1995 til 2008, sem voru þrettán uppgangsár.

*En á meðan við höfum ekki aðrar tölur en 170 milljarða, getur þú nefnt mér einn einasta milljarð þar sem á að skera niður?*

Við erum að hugsa út í marga kosti, en ég ætla nú ekki að byrja að telja fram milljarðana hér, með fullri virðingu fyrir Fréttablaðinu. Við þurfum að vinna þetta fyrst á vettvangi ríkisstjórnar og líka í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Þeir eru að leggja grunn að kjarasamningum þar sem tekið er tillit til helstu hagstærða. Þá er mikilvægt að við komum að borðinu til að verja kjör og mynda umgjörð á vinnumarkaðnum.

**Skuldir heimila og fyrirtækja**

*Hvernig svarar þú því að það sé ósanngjarnt að verið sé að fella niður margra milljarða skuldir í viku hjá fyrirtækjum en í staðinn lengja skuldir hjá einstaklingum til æviloka?*

Þetta er á nokkrum misskilningi byggt. Það eru ekki felldar niður skuldir á fyrirtæki almennt. Þau fara í þrot og þá leysa bankarnir þau til sín og koma þeim í hendur nýrra eigenda. Það er aldrei þannig að fyrri eigendur fái að halda fyrirtækjum og að skuldir séu skrifaðar niður. Það hefur hvergi gerst á undanförnum mánuðum.

*En nýir eigendur kaupa fyrirtækin án skulda og bankinn tekur á sig tjónið.*

Já, þeir kaupa þau þá og spreyta sig á að reka þau. Og það er alveg eins með fólk sem fer í þrot, að bankinn mun sitja uppi með það tjón. Aðgerðir okkar miða að því að greiða leið almennings til að halda lánum í skilum og standa undir skuldbindingum sínum. Blessunarlega er það ekki þannig að þorri heimila geti ekki staðið í skilum, þótt skuldabyrði hafi aukist. Ef þú horfir á verðtryggðu lánin, þá er næstum enginn að verða fyrir meiri hækkun afborgana en sem nemur fimmtíu þúsund krónum. En auðvitað eru heimili þar sem önnur fyrirvinnan eða báðar hafa misst vinnuna, og geta ekki borgað. Það þarf að greiða þessu fólki leið. Með greiðsluaðlögun fasteignaveðlána sköpum við leið fyrir fólk til að halda lánum í skilum á meðan á slíku erfiðleikatímabili stendur. Jafnframt hefur þú fyrirheit um að hægt verði að afskrifa það sem stendur út af í lok tímans. Þú borgar eins og þú getur á fimm ára tímabili. Ef skuldir eru þá meira en 110 prósent af markaðsvirði eignarinnar, þá er opnuð heimild til að fella þær niður.

*Þetta er bara fyrir þá allra verst stöddu …*

Í raunninni ekki. Ef annar aðilinn missir vinnu og fólk á í erfiðleikum, þá dugar þessi leið vel, sem og greiðslujöfnunarvísitalan. Hún getur tryggt tuttugu til fimmtíu prósenta lægri afborganir.

*Já, en það er sama skuldin. Það er talað um þetta sem réttlætismál, að þið hafið klúðrað öllu og ekki sagt frá því í hvað stefndi snemma 2008 og nú eigi almenningur að borga brúsann. Þið fenguð þessar eignir úr gömlu bönkunum ódýrt. Af hverju eigum við að borga fullt verð?*

Þegar ríkið tekur yfir eignirnar úr gömlu bönkunum, þá er miðað við að allir borgi eftir getu. Eina afskriftin sem þar fer fram er áætlað tap. Þetta er útbreiddur misskilningur að þarna verði til eitthvað fitulag. Og það er ekki þannig að það sé hægt að láta erlenda kröfuhafa borga fyrir allsherjar skuldaafléttingu.

Við þyrftum að leggja byrðar á skattborgara, sem ekki myndu eignir, til að létta skuldum af þeim, sem tóku lán til að mynda eignir. Ég er alveg sammála því að það er ekki gott að lenda í þessari stöðu, en ég held að það yrði aldrei samfélagslegur friður um það ef ég losnaði við hluta þeirra skulda sem ég stofnaði til í eignakaupum og í staðinn eigi aldraðir eða ungt fólk að borga þetta, en ég haldi eignunum. Sama á við um breytingu vísitölu, hún kæmi úr ríkissjóði líka.

Það fólk sem keypti eignir og stofnaði til skulda 2005 til 2008 er í sérstaklega vondri stöðu en fólk sem keypti eignir sínar áður er auðvitað fyrst og fremst að sjá pappírshagnað hverfa. Svo fremi sem það tók það ekki út í aukinni skuldsetningu, eins og mörg okkar gerðu. Í því fólst auðvitað áhætta, sem ég tók að hluta eins og aðrir.

*En margir gerðu þetta af illri nauðsyn. Verðtryggingin gerði ómögulegt að greiða niður innlend lán. Það var ónýt hagstjórn sem fékk marga út í þetta.*

Já, en af hverju voru vextir svona háir? Það var af því að markmið og skilaboð Seðlabankans voru að menn ættu ekki að taka lán. Þegar við tókum erlend lán vorum við að flýja hagstjórnarvald Seðlabankans og tókum áhættu með því. Ég ætla ekki að fara að bera í bætifláka fyrir bankana eða þeirra vitlausu lánastefnu, en ég man nú samt eftir bankastjórum sem vöruðu við því að fólk tæki lán í mynt sem það hafði ekki tekjur í. Við vorum ekki einhver sárasaklaus þjóð sem var troðið ofan í nauðuga viljuga erlendum lánum. Hins vegar höfðum við byggt upp skuldsett óheilbrigt samfélag, sem er nú komið að leiðarlokum. Nú verðum við að hefja efnahagslega viðreisn á traustari stoðum og traustum gjaldmiðli, þannig að verðmætin sem við sköpum skolist ekki út á haf með reglulegu millibili. Því það er lærdómurinn af íslensku krónunni. Hún kemur okkur alltaf í öngstræti og kallar yfir okkur kreppur. Sveiflurnar eru fylgifiskur þessarar veiku stoðar.

**Alþjóðasamningar og VG**

*Nú erum við að brjóta EES með gjaldeyrishöftunum …*

Já, og það er eitt sem fór fram hjá hinum flokkunum í kosningabaráttunni. Það er alltaf talað um hvað Samfylkingin sé upptekin af ESB, en það var aldrei nefnt í heilli kosningabaráttu annað en að það væri allt fínt í samskiptum okkar við útlönd.

En við erum ekki að uppfylla EES og þess vegna er ekki hægt að tala þannig að óbreytt ástand sé valkostur. Það að hér hafi verið eðlilegt að kaupa bíl á erlendu láni sýnir þetta betur en nokkuð annað. Við vorum öll að fara fram hjá krónunni, hvort sem það var með myntkörfu eða verðtryggingu, því það er ekki hægt að nota hana. Við höfum alltaf verið að flýja.

*Heldurðu að VG sé þér sammála um þetta?*

Ég held að í VG séu sífellt fleiri að skilja að gjaldmiðillinn hefur áhrif á atvinnustefnuna. Með krónu byggjum við ekki upp smáiðnað og þjónustu. Krónan krefst þvert á móti stórtækra ríkisstyrktra lausna á borð við stóriðju. Áframhald íslenskrar krónu er ákall um endalaus álver.

Sjálfbær atvinnustarfsemi verður reist með lágum vöxtum, stöðugleika og viðskiptum við önnur lönd. Þannig byggjum við upp heilbrigt atvinnulíf jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni. Enginn myndi græða jafn mikið á þessu og landsbyggðin. Ég held að vinir mínir í VG séu að átta sig á þessu.





VILT ÞÚ STYRKJA STÖÐU ÞÍNA?

KYNNTU ÞÉR SÓKNARFÆRI Á WWW.OPNIHASKOLINN.IS

FagMennt Opna háskólans býður öflug og fjölbreytt námskeið sem hjálpa til við að styrkja stöðu þína. Kynntu þér námsframboð Opna háskólans.

DIPLÓMANÁM

**Mannauðsstjórnun**
Hefst í ágúst

**Mannauðsstjórnun – Akureyri**
Hefst í ágúst

**Stjórnun og rekstur fyrirtækja**
Hefst í ágúst

**Markaðssamskipti og almannatengsl**
Hefst í ágúst

**Alþjóðaviðskipti**
Hefst í september

**Matstækni**
Hefst í september

**Markþjálfun (Coaching)**
Hefst í október

**Orkumál, auðlindastjórnun og loftlagsbreytingar**
Hefst í október

LENGRI NÁMSKEIÐ

**Stök námskeið til eininga**
Hefjast í ágúst

**Viðurkenndir bókarar**
Hefst í ágúst

**Grunnur fyrir háskólanám með vinnu**
Hefst í september

**Nám til prófs í verðbréfaviðskiptum**
Hefst í september

**Professional English Online**
Hefst í september

**Rekstrar- og fjármálanám**
Hefst í september

**Gerð fjárhagsáætlana**
Hefst í október

**Kínversk menning og viðskiptahættir**
Hefst í september

STYTTRI NÁMSKEIÐ

**Professional Spanish Online**
Hefst í september

**Verkefnastjórnun**
Hefst í september

**Samruni fyrirtækja**
Hefst í september

**Samningatækni**
Hefst í október

**Siðferðið og viðskiptin?**
Hefst í október

**Excel – framhaldsnámskeið**
Hefst í október

**Basic Spoken English**
Hefst í október

**Lykilatriði í útflutningi**
Hefst í október

**Skráðu þig núna á www.opnihaskolinn.is**

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Opna háskólans
í síma 599 6360 eða í gegnum tölvupóst á fagmennt@opnihaskolinn.is.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

www.opnihaskolinn.is

# Blóðslóðin rakin að hinum seka

Rannsóknarlögreglumaðurinn **Ragnar Jónsson** er sérfróður um það hvernig blóð hegðar sér þegar voðaverk eru framin. Hann tók á móti hópi norrænna kollega sinna nýlega til skrafs og ráðagerða. *Stígur Helgason* kynnti sér starfann og ræddi við Ragnar.

Nokkrir norrænir áhugamenn um blóð voru staddir á Íslandi fyrir skemmstu. Hér hittu þeir íslenska kollega sína, drukku kaffi yfir ljósmyndum af mannslíkum og veltu vöngum yfir því hvað gerist þegar mönnum er ráðinn bani með hinum og þessum morðvopnum. Þessi áhugi á sér eðlilegar og göfugar skýringar. Þarna voru nefnilega á ferð rannsóknarlögreglumenn sem sérhæfa sig í blóðferlarannsóknum.

Blóðferlasérfræðingarnir voru komnir til að sækja ráðstefnu um slíkar rannsóknir sem fram fór í Lögregluskólanum, í fyrsta sinn á Íslandi. Ráðstefnan er samráðsvettvangur blóðferlasérfræðinga á Norðurlöndum þar sem þeir geta borið saman bækur sínar, farið yfir athyglisverð og mögulega fordæmisgefandi mál og myndað tengslanet. Á ráðstefnunni var meðal annars farið yfir morðmál á Hringbraut, þar sem íslensk lögregla þykir hafa staðið sig með mikilli prýði við að sanna glæp á sakborning með hjálp blóðferlarannsókna.



**MEÐ ÁHUGANN Í BLÓÐINU** Ráðstefnuna sátu átta norrænir blóðferlasérfræðingar, hópur íslenskra starfsmanna tæknideildar lögreglunnar, auk heiðursgestsins, Gillian Leak. Leak starfar hjá tæknideild Bretlandslögreglunnar, sem þykir með þeim allra færustu í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Sá eini á landinu í blóðinu

Blóðferlarannsóknir eru nokkuð gömul vísindi – elstu heimildirnar eru frá 1895 um rannsóknir pólsks réttarmeinafræðings. Fagsamtök þeirra sem starfa í geiranum voru stofnuð árið 1983 og í þeim eru nú um 700 manns.

Á Íslandi starfar einungis einn sérfræðingur í blóðferlum. Sá heitir Ragnar Jónsson og starfar dags daglega sem almennur rannsóknarlögreglumaður í tæknideild, enda eru til allrar hamingju ekki framdir svo margir ofbeldisglæpir á Íslandi að það sé fullt starf að rannsaka blóðslettur. Þrír aðrir Íslendingar hafa sérhæft sig í blóðferlum en enginn þeirra er starfandi hérlendis í dag.

Ragnar kynntist fræðunum árið 2001 og ákvað þá að gera þau að sérgrein sinni. Síðan þá hefur hann farið utan á ýmis námskeið til að halda kunnáttu sinni við.

### Lamdi flesk með hafnaboltakylfu

Ragnar segir að árangur í faginu byggist fyrst og fremst á því að öðlast reynslu, gera rannsóknir og upplifa hegðun blóðsins með eigin augum. Í námi sínu í Bandaríkjunum hefur hann gert ýmsar tilraunir til að afla sér þekkingar.

„Ég hef farið í kúrsa erlendis þar sem menn eru að sletta blóði frá morgni til kvölds, með alls kyns áhöldum í alls konar rýmum," segir Ragnar. „Það er farið inn í risastórt íþróttahús þar sem er búið að búa alls konar glæpavettvang. Svo setur maður mennskt blóð í sprautur og prófar að láta það falla á gólf og slettir því á borð og veggi, pappa, bómull, teppi.

Maður er með hamra, hafnaboltakylfur, skæri, hnífa og skotvopn og fær að lemja svínakjöt sem er búið að sprauta í blóði, þannig að maður sér hvernig það slettist. Þetta lýtur auðvitað allt eðlisfræðilegum lögmálum og maður fer að átta sig á því hvernig þetta hegðar sér. Svo sér maður ummerki úr líkamsárásarmálum og þá hugsar maður: já heyrðu, þetta er eitthvað sem ég þekki af því að ég hef gert svona rannsókn sjálfur."

### Blettirnir geyma sæg upplýsinga

Blóðferlarannsóknir eru töluverð nákvæmnisvísindi og stærðfræði kemur nokkuð við sögu. Þannig þarf til dæmis að mæla stærð og lögun blóðbletta á vettvangi og reikna út svokallað áfallshorn þeirra og setja blettina síðan alla upp í líkan til þess að finna út hvaðan blóðið kann að hafa komið, á hvaða hraða og hvað þurfti til að koma því þangað. Blóðferlarnir veita einnig gjarnan upplýsingar um stöðu bæði geranda og þolanda á þeim tíma sem glæpurinn var framinn, og jafnvel líkamsburði, séu viðkomandi óþekktir.

Til eru þrívíddarforrit sem auðvelda mönnum verkið upp að vissu marki og vinnur lögreglan hér nú að því að koma sér upp slíku forriti. Þangað til þurfa menn að reiða sig á aðgang að vettvanginum sjálfum til rannsókna, eða líkana sem unnt er að smíða og líkja þar eftir glæpnum.

Ragnar telur mikilvægt að lögreglan komi sér upp sambærilegri tækni og gerist í nágrannalöndum okkar, en er frekar svartsýnn í ljósi efnahagsþrenginga og loforða um niðurskurð. „Þetta er dýr búnaður en hann segir á miklu skýrari hátt hvernig hlutirnir gerðust. Það er afskaplega dapurt að lögreglan skuli ekki vera búin besta búnaði sem völ er á hverju sinni. Hver ætlar að meta það hvort það svarar kostnaði?" spyr eini blóðferlasérfræðingurinn á landinu.



**BLÓÐHUNDUR RÍKISINS** Þekking Ragnars á blóði hefur komið að gagni við rannsóknir fjölda sakamála undanfarin ár. Hann hefur oft misst þolinmæðina gagnvart misgáfulegum sjónvarpsþáttum um meinatækna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SKIPTI SKÖPUM Í TÍMAMÓTAMORÐMÁLI

Blóðferlarannsóknir Ragnars skiptu sköpum við sönnunarfærsluna í morðmáli sem upp kom í íbúð við Hringbraut í október 2007. Þórarinn Gíslason var í maí í fyrra dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir morðið. Aldrei áður á Íslandi hefur maður verið sakfelldur, gegn neitun, nær algjörlega á grundvelli blóðferlarannsókna.

Maður hafði fundist liggjandi í blóði sínu uppi í rúmi í íbúðinni. Töluvert af blóðslettum, sem mynduðu V-laga form, voru á veggnum við höfðalag hans. Ragnar dró strax þá ályktun að maðurinn hefði hlotið þrjú þung höfuðhögg, sem krufning leiddi síðar í ljós að var raunin. Á gólfinu fannst alblóðugt slökkvitæki, sem talið var að hefði verið notað til að ráða manninum bana. Fljótlega kom í ljós að á því greindust engin fingraför.

Grunur beindist nær strax að Þórarni, sem bjó í íbúð í sama húsi og hafði tilkynnt um hinn látna. Eftirlitsmyndavélar, bæði í húsinu og í verslunum í nágrenninu, sýndu að mennirnir höfðu verið saman fyrr um daginn. Skýringar Þórarins þóttu grunsamlegar og var hann því handtekinn.

Því næst tók Ragnar til við að rannsaka blóðblettina í íbúðinni. Sú rannsókn tók mánuði. Stærð og svokallað áfallshorn hvers bletts á veggnum var mæld og blettirnir síðan skráðir og auðkenndir og úr mælingunum búið til líkan sem sýndi að blóðið hafði allt borist frá sama svæði: höfði mannsins sem lá í rúminu. Smærri blóðagnir voru á veggnum lengra frá rúminu, nema á stuttum auðum kafla, sem benti til þess að þar hefði verið einhver fyrirstaða, líklega gerandinn í málinu.

Því beindist rannsóknin næst að fötum



**FÖTIN UNDIR SMÁSJÁ** Lögreglumaðurinn Björgvin Sigurðsson sýnir ráðstefnugestum myndir af blóðugum fötum morðingjans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þórarins. Í íbúð hans fannst úlpa alsett blóðdropum. Drjúgur hluti þeirra reyndust vera úr Þórarni sjálfum, en aðrir úr fórnarlambinu. Fyrir dómi hélt verjandi Þórarins því fram að blóðið hefði borist á úlpuna þegar fórnarlambið hóstaði því á Þórarin í andaslitrunum. Þetta tókst Ragnari að sanna að stæðist ekki, enda væru blóðdropar sem bærust með hósta talsvert frábrugðnir þeim sem mynduðust við högg með barefli. Þegar úlpan var skoðuð í smásjá fundust engir úðakenndir dropar sem borist hefðu með frussi eða hósta.

Til að baktryggja sig fékk lögreglan sænska blóðferlasérfræðinginn Mats Hägg til að fara yfir rannsókn Ragnars, en Hägg þessi hefur tíu ára reynslu af rannsóknum sem þessum. Hann lagði blessun sína yfir allar niðurstöður Ragnars.

Á grundvelli rannsóknarinnar var Þórainn sakfelldur fyrir morðið, þótt hann hefði neitað sök frá upphafi. Það er einsdæmi á Íslandi.

## AF KÁRAHNJÚKUM Í DÚFNAKOFA

Ragnar hefur einnig komið að öðrum rannsóknum sem vakið hafa athygli.

- Árið 2004 rannsakaði lögregla heimili í Stórholti, þar sem Hákon Eydal hafði ráðið sambýliskonu sinni, Sri Ramawhati, bana. Þótt málið væri ekki eins flókið og það á Hringbraut, enda játaði Hákon morðið, var morðvettvangurinn flóknari. Þar voru blóðblettir víða á veggjum og brugðið á það ráð að strengja línur úr blettunum og í stöng í miðri íbúðinni. Svo var athugað hvar línurnar skárust og þannig fundið út hvar Sri hafði legið þegar henni var banað.
- Í ágúst 2006 fannst kínverskur maður alvarlega slasaður á hálsi í vistarverum sínum á Kárahnjúkum. Hann sagði að tveir menn hefðu ráðist þar á sig. Blóðferlagreining þar sýndi fram á að eðlisfræðilega ómögulegt hefði verið fyrir tvo menn að veita manninum áverkana. Niðurstaðan varð sú að maðurinn hefði veitt sér áverkana sjálfur með naglbít. Sú niðurstaða hefur síðan verið studd með áliti frá norskum og bandarískum sérfræðingum.
- Ragnar hefur gert vettvangsrannsóknir í og við dúfnakofa þar sem Sirrey María Alexandersdóttir fannst látin, nakin með lambhúshettu á höfði, í febrúar. Hann er enn bundinn trúnaði um niðurstöðuna enda er rannsókn málsins ekki lokið.
- Þá rannsakaði Ragnar blóðferla í sumarbústað í Grímsnesi þar sem litháískur maður fannst myrtur í nóvember síðastliðnum. Aðalmeðferð fór fram í málinu í vikunni. Ummerki eru um að manninum hafi verið veittir áverkar en deilt er um það hver dánarorsökin hefur verið.

## SJÓNVARPSSTJÖRNURNAR RATA STUNDUM RÉTTA LEIÐ

Blóðferlarannsóknir leika stórt hlutverk í tveimur vinsælum sjónvarpsþáttum sem Skjár einn hefur sýnt um nokkurt skeið. Í upprunalegu útgáfunni af CSI fáum við að fylgjast með hetjudáðum meinatæknateymis í Las Vegas sem leysir hvert málið á fætur öðru með nýjustu tækni og yfirnáttúrulega skarpskyggni að vopni. Þar eru blóðferlarannsóknirnar í höndum Catherine Willows, sem Marg Helgenberger túlkar. Hún á það sameiginlegt með Ragnari að ganga í flest verk og leysa þau snöfurmannlega án þess þó að blóð komi þar endilega við sögu.



DEXTER



CATHERINE WILLOWS

Meira fer fyrir blóðinu umhverfis sósíópatann Dexter Morgan, söguhetjuna í þáttunum Dexter. Sá snoppufríði blóðferlasérfræðingur er nefnilega ekki bara færastur á sínu sviði í sólskinsborginni Miami, heldur umturnast hann í blóðþyrstan – en þó réttsýnan – raðmorðingja að næturþeli. Þar kemur sérþekking hans á hegðun blóðs sér vitanlega mjög vel.

Ragnar segist oft hafa reynt að fylgjast með sjónvarpsþáttum sem tæpa á þessu sérsviði hans en jafnan misst áhugann og þolinmæðina tiltölulega fljótt. „Stundum rata þeir á eitthvað rétt en oftar eru þeir alveg gjörsamlega út úr kú," segir hann.




**CAPTIVA** er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbo dísilvél, 5 þrepa sjálfskipting og þú getur valið 5 eða 7 manna bíl. Chevrolet er kominn til þess að vera. Gæðakannanir sýna að Chevrolet er ekki einungis með litla bilanatíðni heldur er öll smíði bílsins til fyrirmyndar. Þá sakar ekki að verðið á Chevrolet er frábært.
Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

Bílabúð Benna

**Reykjavík**
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000

**Akureyri**
Bílasalan ÓS
Glerárgötu 36
Sími 462 1430

**Reykjanesbær**
Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38
Sími 420 3300

CHEVROLET
Chevrolet gæði - frábært verð

www.benni.is



**HRIFINN AF NAÍVISMA** „Ég er til dæmis alinn upp við mikinn ljóðalestur og amma og afi létu okkur lesa mikið af ljóðum fyrir sig. Ég held ég hafi lært svolítið af því að tala í knöppu máli. Síðan er ég mjög hrifinn af ákveðnum naívisma og svona, hvað skal segja, „ÍNN og Útvarps sögu-stemningu“,“ segir Þorsteinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gengur í barndóm í húmor

**Þorsteinn Guðmundsson** segist á síðustu árum hafa gengið í barndóm hvað húmor snertir. Þannig kunni hann betur og betur að meta kjánalegan húmor og hefur að eigin sögn aldrei verið mikið fyrir grín sem sé á annarra kostnað þó að það slæðist nú alveg með. Þorsteinn sagði *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* meðal annars frá því þegar fólk fer að hlæja við það eitt að sjá hann.

Þrátt fyrir að leikarar spanni forfeðratal Þorsteins Guðmundssonar var hann lítt gefinn fyrir leiklist sem krakki. Nema þó. Hann saumaði búninga á sig. Fór til ömmu sinnar og mundaði saumavélina fyrir Prins Valíant-búning og henti líka í einar smekkbuxur. „Fyrsti barnaklæðskiptingurinn, það hefur verið ég,“ segir Þorsteinn og lýsir því hvernig er að skoða gömul myndaalbúm: Þrír krakkar í venjulegum fötum og einn indíáni.

### Barnaklæðskiptingur

„Jú, þarna er nokkuð mikið af leikurum. Mamma, pabbi, móðursystir mín og svo var afi mikil leikari, Þorsteinn Stephensen. Nei, grín var svo sem ekki mikið áberandi. Frekar meira af dramatíkinni. En ég man samt eftir því að afi, sem var mjög skemmtilegur maður og mikill húmoristi, gerði alls kyns hluti á sínum ferli. Þannig stjórnaði hann til dæmis barnaþáttum í Ríkisútvarpinu í gamla daga og samdi til að mynda vísurnar „Krakkar mínir komið þið sæl“. En það var alla tíð mjög létt yfir heimilislífinu.“

### Þóttum eflaust skrýtin

Mamma Þorsteins var einstæð móðir, Helga Stephensen leikkona, og hélt heimili fyrir syni sína þrjá í götunni Undralandi í Fossvogi. „Afi og amma voru mikið á heimilinu og það var mikill styrkur af þeim. Mamma var pínu hippi í sér og heimilið var í þeim stíl – allt úti í óróum og svoleiðis dóti. Ég hugsa að krökkunum hafi fundist við pínu skrýtin. Enda kannski hippar ekki algengt fyrirbæri innan um lögfræðinga- og tannlæknasyni. Þannig að krökkunum þótti mjög spennandi að koma til okkar.“

### Ringlaður eftir Leiklistarskólann

Þorsteinn var í Réttarholtsskóla en segist ekki hafa fundið sig þar, jafnvel hafa verið með snert af félagsfælni á þeim árum. „Ég náði í það minnsta ekki alveg sambandi við krakkana. Svo kom Guðrún frænka mín með þessa hugmynd að ég færi í MR og ég ákvað bara að breyta til og sjá hvort ekki væru ný tækifæri þar. Ég sá aldrei eftir því.“ Leiklistarskólinn varð Þorsteini hins vegar ekki jafn hugleikinn. „Nei, ég skildi voðalega lítið í því námi. Að vísu er langt síðan ég var þar og ég veit ekki alveg hvernig þetta er núna í dag en þegar ég lít til baka myndi ég vilja vara fólk við því að ef það ætlar að leiðbeina ungu fólki eða kenna, að vera ekki að leggja því línurnar. Ég sá einstaklinga koma inn í skólann með miklar væntingar, brosandi og allir með mismunandi hugmyndir. Fólk útskrifaðist og sumir höfðu unnið og voru í uppáhaldi. Aðrir voru bara annað hvort hættir eða fannst þeir ekkert eiga heima í þessu umhverfi. Og slíkt var yfirleitt algjört bull og upplifun fólks þarna hafði ekkert með hæfileika þess að gera. Leið mér eins og í uppáhaldi? Nei, ég var einfaldlega ringlaður. Sumir hrósuðu og aðrir skömmuðu og ég var búinn að týna því sem rak mig upphaflega í skólann – þessu sjálfsprottna – að gera það sem mig langaði að gera og kýla á hlutina.“

### Helga Braga gefið mér mikið

Það er auðvelt að brjóta fólk niður sem er að byrja í jafnviðkvæmu námi og listnám er. Eftir námið settist Þorsteinn við símann og beið. „Ég var í fyrstu ofsalega undrandi á því að síminn skyldi ekki hringja. Ég beið og beið, alveg þangað til ég hafði ekki efni á því lengur og varð að fara að gera eitthvað. Þá fór ég meðal annars að leika með Helgu Brögu í litlu leikriti í leikstjórn Ásgeirs Sigurvaldasonar sem við settum upp á skemmtistaðnum Tunglinu í Lækjargötu. Upp frá þeirri sýningu urðum við Helga mjög góðir vinir.“ Þannig að ykkar leiðir hafa lengi legið saman? „Já, við höfum þekkst lengi, við Helga, og hún hefur gefið mér mjög mikið því hún er afar greind manneskja og vel lesin. Hún hefur gefið mér jafn mikið ef ekki meira en leiklistarskólinn.“

> Reyndar hefur mér verið hafnað nokkrum sinnum hlutverki í Þjóðleikhúsinu af núverandi og fyrrverandi leikhússtjórum þrátt fyrir að leikstjórar hafi beðið um mig. Ég hef engar skýringar á því.

### Bömmer reyndist gæfuspor

Fyrsta minning margra um Þorstein er úr Fóstbræðrum. „Já, þannig virkar sjónvarpið, maður nær landsathygli þar. Ég var byrjaður í uppistandi áður en ég fór í Fóstbræður, hafði leikið í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og Loftkastalanum, en það sem breyttist var að þarna fór fólk að þekkja mann. Ég hafði hins vegar líka unnið um nokkurt skeið á auglýsingastofunni Hvíta húsinu en þar byrjaði ég árið 1993.“ Það sem Þorsteini fannst í fyrstu vera bömmer – að fara að vinna á auglýsingastofu þar sem listrænum ferli hans hlyti þá að vera lokið – reyndist honum mikið gæfuskref. „Ég lærði mikið í þessu starfi, til að mynda af mönnum eins og Sverri Björnssyni, hönnunarstjóra Hvíta hússins, sem er mikill pælari og skemmtilegur maður. Ég lærði vinnubrögð sem ég hafði aldrei lært í leiklistinni en hef síðan reynt að nýta mér í henni síðar meir. Þau vinnubrögð ganga í grunninn út á það að taka ekki hlutunum persónulega. Ef þú gagnrýnir leikara snýr hann kannski bara upp á sig og segir að þetta sé bara hans túlkun og honum finnist þetta rétt og svo framvegis. Ef þú gagnrýnir auglýsingamann segir hann: „Ókei, ég kem þá með nýja hugmynd á morgun.“ Fólk borgar fyrir þessa þjónustu og það er bara reynt að gera betur. Þetta er ágætis prinsipp í leiklistinni líka.“

### Hafnað af leikhússtjórum

Leiðir Þorsteins hafa að mestu legið um vegi grínsins. Freistar það hans ekki að leika dramatísk hlutverk? „Nei, ekki nú orðið. Mér finnst allt í lagi að leika raunsæislega en ég hef ekki áhuga á því að finna mér leikrit þar sem ég græt, öskra og ríf hár mitt í þrjá tíma. Annars hef ég ekki mikið verið í því að leika upp á síðkastið. Frekar þá bara verið í einhverjum litlum og skrítnum hlutum eins og að hjálpa krökkunum uppi í kvikmyndaskóla. Reyndar hefur mér verið neitað nokkrum sinnum um hlutverk í Þjóðleikhúsinu af núverandi og fyrrverandi leikhússtjórum þrátt fyrir að leikstjórar hafi beðið um mig. Ég hef engar skýringar á því.“ Og myndirðu þá vilja leika meir? „Já, ég myndi alveg vilja gera það, því ég hef gaman af því, en ég verð að viðurkenna að ég er líka duglegur að hafna hlutum. Segi nei takk ef þeir höfða ekki til mín.“

### Lítið fyrir grófan húmor

Þorsteinn á marga aðdáendur sem hafa fylgt honum í gegnum grínið hans síðustu árin. Finnst honum húmor hans breytast frá ári til árs? „Nei, kannski ekki svo mikið. Ég er rúmlega fertugur og horfi auðvitað pínulítið öðruvísi á lífið núna en þegar ég var tvítugur. Ég hef samt aldrei verið mikið fyrir móðganahúmor eða grófan húmor. Jú, ég hef alveg tekið fólk fyrir í þjóðfélaginu og gert grín að því en ég reyni þá að taka fyrir einstaklinga sem ég veit að geta tekið því. Og fólk sem á kannski skilið rassskellingu, opin-

# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

MAÍ 2009



# UPPSKRIFT AÐ KÖBEN

## TÍSKA, MATUR, DRYKKUR, MENNING OG AFSLÖPPUN

## SÆLKERAFÖR UM PARÍSARBORG

Mæðgur skrifa um markaði, verslanir og veitingahús

## Á SKÚTU VIÐ TYRKLANDS-STRENDUR

Íslensk áhöfn í siglingakeppni


Mikið úrval vandaðra grilla frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400




Opið laugardag kl. 10 - 14

# MIÐBAUGUR

*ÞAÐ HEITASTA Í ...*
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

**Anna Margrét Björnsson skrifar**

## LAUS VIÐ VERSLUNARKVÖÐINA

Sólskinið sem mætti loksins á svæðið í síðustu viku gerbreytti stemningunni á landinu. Allir urðu kátir í bragði, flykktust út á göturnar, fengu sér jafnvel ískaldan bjór og sleiktu sólskinið. Sumarið var loksins komið og öll bjartsýnin sem svo lengi hafði legið í dvala kom í ljós. Margir hafa mikinn hug á að sækja fósturjörðina heim í sumar og reyna að eyða sem mestum tíma úti á landi. Enda er af nógu að taka og alls kyns skemmtilegir viðburðir munu eiga sér stað. Hvernig væri til dæmis að skella sér á listahátíðina LUNGA á Seyðisfirði í júlí og njóta náttúrufegurðarinnar í leiðinni? Ég skellti mér um daginn til Kaupmannahafnar í einn heilan dag sem var stutt en samt alveg yndislega kærkomin tilbreyting.



Þar sem krónan okkar er veik er klárlega ekki hægt að eyða þessum tíma í að versla. Hvílík dásemd hugsaði ég líka, þegar ég sá einhverjar stressaðar íslenskar konur þeysast um með innkaupapoka. Einu sinni var alltaf allt svo dýrt á Íslandi að í hvert sinn sem maður fór til útlanda var eins og maður yrði að kaupa endalaust af hlutum til að „græða“ á ferðinni. Svo var viðkvæðið alltaf þegar maður kom heim „hvað keyptirðu þér?“ eins og maður væri eitthvað bilaður að hafa ekki fyllt ferðatöskurnar í HogM eða einhverju fínna. En hvað það er yndislegt að geta notið stórborgar án þess að hafa þessa hræðilegu kvöð á herðunum. Að eyða heilum degi bara í að rölta um, horfa á mannlífið, setjast í sólina, skoða nokkur söfn, flatmaga á grasinu í skemmtigarði og hitta skemmtilegt fólk. Það er líka óþarfi að fara bara á fínustu veitingastaðina heldur stemning í því að fá sér kebab og bjór eða bara ekta danska pulsu úr pulsuvagni. Ferðalög þurfa alls ekki að kosta formúu, það er bara einhver grilla sem við höfum búið til í höfðinu á okkur. Það er enginn sem neyðir okkur til að „maxa“ vísakortið og burðast með samviskubitið heim í farteskinu heldur er einmitt meiri gleði fólgin í því að bara njóta hverrar stundar, laus við allt stress og veraldarprjál.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd: Yvan Rodic**
**Pennar** Júlía Margrét Alexandersdóttir
**Ljósmyndir** Fréttablaðið,
**Auglýsingar** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is




# KAFFI, LIST OG BJÓR Á KJÖTTORGINU

Systkinin *Jeppe og Lærke Hein* reka barinn Karriere í kjötverkunarhverfi Kaupmannahafnar en staðurinn er heilt listakonsept sem skartar meðal annars verkum eftir Ólaf Elíasson.

Karrierebar er kaffihús/ bar/ veitingastaður á Vesterbro í Kaupmannahöfn, á torginu sem nefnt er eftir kjöti, Flæsketorvet. Barinn er umkringdur kjötverkunarhúsnæði þar sem stærðarinnar vörubílar eiga afdrep milli kjötflutninga. Barinn opnaði snemma árs og er hugarfóstur systkinanna Jeppe og Lærke Hein. Jeppe er danskur listamaður sem er þekktur á heimsvísu og systir hans Lærke hafði lengi unnið í veitinga- og næturlífsbransanum í Kaupmannahöfn. Að sögn Lærke laust hugmyndinni niður í kollinn á þeim samstundis. „Við vildum safna saman listamönnum á heimsklassa og af öllum listsviðum og fengum frábær viðbrögð. Allir sem tóku þátt hjálpuðu til við að móta barinn með hugmyndum og gagnrýni,“ útskýrir hún. „Í raun er allt, sérhver hlutur, allt frá borðunum til lampanna, til krananna á barnum hluti af listaverki. En Karriere er allt öðruvísi en listasafn eða gallerí, hér er listina að finna á stað þar sem fólk hittist yfir mat, kokkteil eða dansi. Verkin deila rýminu með okkur öllum, verða hluti af upplifun okkar og svo er jafnvel hægt að sitja á þeim.“

Á Karrierebar er að finna verk eftir 32 listamenn og eru þau meðal annars hluti af innréttingunum. Karlaklósettið er til dæmis eftir Norðmanninn Gardar Heide Einarsson, lampanir eftir Ólaf Elíasson og skjólveggurinn úti er eftir Bandaríkjamanninn Dan Graham. Sjálft nafnið á barnum og skiltið er listaverk eftir Michael Elmgreen og Ingvar Dragset og fjallar um hvernig vinskapur og óformleg félagstengsl nýtast á framabrautinni og að barir séu í raun besta „ tengslanetið“ sem til er. Einnig stendur Karrierebar fyrir útgáfu mánaðarlegs listadagblaðs sem kallast einfaldlega Karriere og fjallar um þá listamenn sem sýna hverju sinni í rýminu og viðburði tengda barnum. Þess má geta að barinn Jolene sem er í eigu Dóru Takefusa og Dóru Dúnu er einnig á flæsketorvet en hann þykir einn sá svalasti í borginni. - *amb*



**Karrierebar í Köben:** Hér má sjá verkið Dividing Wall eftir bandaríska listamanninn Dan Graham sem er skilrúm fyrir utan staðinn og er úr gleri, speglum og stáli.



**Listaverk á hverju strái** Lampar eftir Ólaf Elíasson í loftinu.



**The Mona Lisa Toaster** eftir danska listamanninn Kristoffer Akselbo. Allt brauð sem er ristað á Karrierebar er hluti af listaverki Askselbos. Karrierebar býður upp á ljúffengan mat á kvöldin.

*Karrierebar, Flæsketorvet 57- 67, DK 1711 Kaupmannahöfn.*




## HEIMAMAÐURINN

▸ Debrecen í Ungverjalandi



ÆGIR AMIN HASAN *HÁSKÓLANEMI*

**MORGUNMATURINN:** Kaffi og banani á hlaupum.

**HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM?** Á heitum sumardögum er „Strand“sundlaugagarður bæjarins æðislegur staður til að vera á. Þar hittast nemarnir og fá sér einn kaldan við sundlaugarbakkann eftir erfiðan dag í skólanum eða eftir próf. Á veturna hittumst við oft á ýmsum stöðum miðbæjarins.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ?** Í þessari litlu borg er ekki mikið um leyndarmál. Ef einhver finnur eitthvað nýtt er það á allra vörum næsta dag. Einn af mínum uppáhaldsstöðum er hið svokallaði Froskavatn, en þar hittast oft nemendur frá öllum heimshornum, grilla, spila og spjalla.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Þar sem ég er mikill léttvínsaðdáandi er ég mjög hrifinn af einni sérstakri léttvínsbúð hér sem heitir Bortársaság og er á Simonffy utca. Þar eru þeir með mikið úrval af afbrigðum klassískra ungverskra víntegunda og þá einna helst eitt af mínum uppáhalds víðfrægu desertvínum frá Tokai-héraðinu.

**BESTI SKYNDIBITINN:** WASABI (sushi) og Gyros (svipað og kebab).

**RÓMANTÍSKT ÚT AÐ BORÐA?** Það er um svo margt að velja hérna í litlu borginni okkar, förum samt oftast á Csokonai, sem er gamaldags kjallaraveitingastaður.

**BEST VIÐ BORGINA?** Sérstaklega á sumrin þegar allir gosbrunnar borgarinnar eru settar í gang, trén öll orðin græn, fólk á sveimi úti um allt, og kaffihúsin með borð og stóla út á stétt. Þar sem við erum einungis með einn sporvagn sem ferðast frá háskólasvæðinu niður í Miðbæ, er svo stutt í allt.




Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is

Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

MasterCard VISA




# Portúgal

## Forte da Oura

★★★★

ALBUFEIRA

VERÐ FRÁ **69.633 kr.**

VIKUFERÐ 20. júní

á mann í viku m. v. 2 með 2 börn.
84.467 kr. m.v. tvo fullorðna.

Gott íbúðahótel, vel staðsett um 500 m frá neðsta hluta „Laugavegarins“, Sao Jao veitingahúsahverfinu, einu skemmtilegasta hverfinu í Albufeira. 5–10 mín. gangur niður á Praia de Oura ströndina. Íbúðir eru rúmgóðar með svölum, loftkældar með eldhúsi, sjónvarpi, síma og öryggishólfi. Lifandi tónlist þrisvar í viku, veitingasalur og leikjaherbergi. Sundlaugargarður með frábærri aðstöðu. Nettenging í gestamóttöku.



# Tyrkland

## Forum Residence

★★★★

MARMARIS

VERÐ FRÁ **79.675 kr.**

VIKUFERÐ 3. júlí

á mann í viku m. v. 2 með 2 börn.
99.550 kr. m.v. tvo fullorðna.

Nýlegt og glæsilegt íbúðahótel, við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í alla þjónustu, verslanir og veitingastaði. Sundlaugargarður með góðri aðstöðu til sólbaða, barnalaug og snakkbar. Íbúðirnar eru nýtískulegar og mjög rúmgóðar, með einu eða tveimur svefnherbergjum. Allar íbúðir með svölum, loftkældar með góðu eldhúsi, sjónvarpi, síma og þráðlausri nettengingu.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Fíton/SÍA

MasterCard VISA Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000**

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

www.urvalutsyn.is



**Tíminn stendur kyrr** Það er alltaf jafn heillandi að heimsækja Jökulsárlón og jafnvel bregða sér í bátsferð til þess að komast í návígi við ísjakana.

# ÍSLENSK SUMARBLÍÐA

**Nú er kjörið að leggja land undir fót og kanna ótroðnar slóðir okkar eigin fósturjarðar. Ljósmyndarinn *Vilhelm Gunnarsson* fangaði falleg augnablik á filmu á ferð sinni um landið nýverið.**



**Sprungur** Þessi drengur er hvergi banginn við sprunginn jarðveg við Námafjall í Mývatnssveit.



**Ró og friður** Hreindýr á beit við Hvalnes í Lóni.



**Sumarylur** Það er fátt sumarlegra en að skreppa í lautarferð við hið fagra Mývatn.


LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN - NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Draumastarfið í draumalandinu?

Einstaklega gefandi og skemmtileg starfsgrein sem er að sama skapi krefjandi og áhugaverð.

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL



# ego dekor













Leðurstóll
Fáanlegur í svörtu og hvítu leðri
Verð áður:
19.800,-
VERÐ NÚ:
15.840,-




Leðurarmstóll
Fáanlegur í svörtu og hvítu leðri
Verð áður:
25.000,-
VERÐ NÚ:
20.000,-




Piano borðstofuborð
Hvíttuð eik-svart gler
Stærð: 220cmX100cm
Verð áður: 87.000,-
VERÐ NÚ: 69.600,-

# TILBOÐSDAGAR




Palma leðurtungusófi
Stærð: 250cmX175cm
Fáanlegur í brúnu leðri
Verð áður:
195.000,-
VERÐ NÚ:
156.000,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 160cm(248cm)X100cm
Fáanlegt í hvíttaðri eik, natural eik og dökkri eik
Verð áður: 89.000,-
-15%
VERÐ NÚ: 75.650,-

Paris leðurstóll
Verð áður: 17.500,-
-30%
VERÐ NÚ: 12.250,-






Metro tungusófi
Stærð: 266cmX166cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður:
198.000,-
VERÐ NÚ:
148.500,-




Morris tungusófi
Stærð: 260cmX180cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður: 209.000,-
VERÐ NÚ:
156.750,-




Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun lokað - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

# BORGARFERÐIR STRIKIÐ, NORÐURBRÚN, VESTURBRÚN...

**LISE BACH-HANSEN,**
KYNNINGARSTJÓRI HJÁ DEN SORTE DIAMANT



**UPPÁHALDSSTAÐURINN TIL AÐ KAUPA FÖT:** Það er mitt eigið hverfi, ráðsetta hverfið í miðbænum í Lars Bjørns Stræde og Sankt Peders Stræde. Þar er fullt af litlum hönnunarverslunum. Sú besta að mínu mati þessa stundina er GEIST í Sankt Peders Stræde en þar er fullt af svölum og einstökum dönskum fatnaði.

**UPPÁHALDS DANSKI HÖNNUÐURINN MINN:** Ég elska merkið Fnubbu en það á hönnuðurinn Signe Møller Jensen sem hannar fötin og þau eru seld í GEIST.

**UPPÁHALDSVEITINGASTAÐIRNIR MÍNIR:** Pastis á Gothers gade í miðbænum, L'Education National í Lars Bjørns Stræde, Tire Bouchon í Lars Lejr Stræde en þetta eru allt frábærir franskir veitingastaðir.

**HVAR ER BESTI STAÐURINN FYRIR KRAKKA?** Kongens Have lystigarðurinn sem er fallegur og grænn og þar er skemmtilegt leiksvæði fyrir börn. Um helgar er þar brúðuleikhús sem er mjög sjarmerandi og alltaf vinsælt hjá smáfólkinu.

**HVAR ER BEST AÐ SÆKJA MENNINGU Í BORGINNI:** Í Den Sorte Diamant eða í Svarta demantinum. Þar er fjöldinn allur af tónleikum, alls konar málþing og rithöfundar halda áhugaverðar tölur.

**Í JÚNÍ MÁ ALLS EKKI MISSA AF:** Ljósmyndasýningu eftir finnska listamanninn Ola Kolehmainen „A building is not a building" sem er í Ljósmyndasafninu í Svarta demantinum.


**Reiðnámskeið í Hestheimum fyrir 8-12 ára krakka í júní og ágúst 2009!**



Hestheimar, Ásahreppi (við Hellu) eru í aðeins 50 mínútna keyrslu frá Reykjavík. Frábær aðstaða fyrir hesta og menn í sveitasælunni.

- Vikunámskeið: 22. – 26. júní og 17. – 21. ágúst 2009
- Innifalið: hestar, reiðkennsla, gisting, fæði, afþreying, o.fl.
- Verð kr. 50.000,- fyrir hvern nemanda ( sama verð og í fyrra)
- Reiðkennsla, reiðtúrar, sundferðir, ratleikir, blak, fótbolti og kvöldvökur!
- Aðeins 20 nemendur komast að í einu !

Tekið er við skráningu og nánari upplýsingar fúslega veittar í : 487-6666 og hestheimar@hestheimar.is

*Bestu kveðjur úr sveitinni !*
*Lea Helga og Marteinn*


# UPPSKRIFT AÐ KÖBEN

Hvar á að versla, snæða, drekka og slappa af í kóngsins Kaupmannahöfn? *Anna Margrét Björnsson* fékk nokkra heimamenn til að ljóstra upp um leyndarmálin.




**Danskur stíll** Þessi sæta mamma rölti í gegnum Kristjaníu með barnið sitt.

## EKKI MISSA AF ...

**KRISTJANÍA** Hálfgerð óöld hefur ríkt í hippahverfinu og fríríkinu Kristjaníu í Kaupmannahöfn síðan hið opinbera fór að skipta sér af sölu á marijúana þar. Sumir óttast að dagar fríríkisins séu taldir og því um að gera að skreppa í heimsókn og sjá þetta skemmtilega fyrirbæri. Á sumardögum er yndislegt að spássera um þessa grænu og fallegu vin í borginni þar sem fólk hjólar um og börn eru að leik. Húsin eru lítil og sæt og oft á tíðum má sjá litríkt graffíti á veggjum þeirra. Margir veitingastaðir og barir eru í hverfinu og það er notalegt að sitja utandyra og dreypa á bjór. Ef megn marijúanalykt truflar mann ekki annað slagið getur maður virkilega notið sjarmans sem fylgir þessum hippalega stað. Það getur líka verið stórsniðugt að skella sér í ferð með Christiania-bikes, þá er ekið með mann um hverfið á reiðhjóli.



**FRÖKEN LILLA** Kaupmannahöfn getur virkað ansi mikið dýr þessa dagana eins og efnahagsástandið er hér á Fróni. Það er því bráðsniðugt að kíkja í verslanir sem selja notuð hönnunarföt á lágu verði. Fröken Lilla er ein vinsælasta verslunin með notuð föt í Kaupmannahöfn og selur meðal annars hönnun eftir Soniu Rykiel, Munthe plus Simonsen, Malene Birger, Day, Prada og

Missoni. Ein
frá Manolo B
McQueen. F
svo öruggleg
sem kosta fr
krónur.
Frk. Lilla, Fre
Kaupmanna
Opið þriðjud
laugardögun

**WOOD WOO**
heimsækja r
ina Wood W
svo hipp og
um „Wood W
að finna alls
annars hönn
af flottum st
leikföng, lista
hjólabretti. W
ín fyrir tveim

**STYRKJA HÖNNUÐI** Hönnunarsjóður Auroru veitti íslenskum hönnuðum styrk í fyrsta sinn. Hönnun styrkþeganna spannar fjölbreytt svið.

SÍÐA 4



**VÖKTU ATHYGLI** Íslenskir hönnuðir tóku þátt í hönnunarvikunni í New York. Hönnun Íslendinganna var sýndur mikill áhugi.

SÍÐA 2



# heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 23. MAÍ 2009




## BROT AF ÞVÍ BESTA

Húsgagnasýningin International Contemporary Furniture Fair er nýafstaðin í New York. Venju samkvæmt var þar margt forvitnilegt að sjá. SÍÐA 3





Olíufylltir rafmagnsofnar

Allt til rafhitunar

OSO HOTWATER

Norskir hitakútar

10 ára ábyrgð

- Úr ryðfríu stáli
- Fyrir sumarhús og heimili
- Yfir 30 ára reynsla hérlendis

Brenna ekki rykagnir. Auðveld uppsetning á vegg.
250 - 400 - 750 - 800 - 1000 - 1600 - 2000 wött.

WÖSAB

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Klassískur en samt nútímalegur vasi.

# Perla til að punta með

Handgerðir vasar frá Royal Copenhagen hafa löngum átt vinsældum að fagna og í fyrra var nýjum bætt í flóruna. Vasinn fékk nafnið perlan og í honum mætast fortíð, nútíð og framtíð.

Riffluð form hafa verið einkennandi fyrir Royal Copenhagen frá upphafi en þau komu fram í fyrstu handgerðu postulínsmunum framleiðandans sem komu á markað árið 1775. Um leið er einfalt yfirbragð vasans lýsandi dæmi um hinn skandinavíska mínimalisma sem margir hafa aðhyllst undanfarin ár og mun fylgja okkur inn í framtíðina.



Þá er notagildið heillandi en vasann má bæði nota undir blóm, kerti, skraut og litríkt sælgæti. Hann fæst bæði í postulíni og gleri og má skoða nánar á www.royalcopenhagen.com. *- ve*



Illuminant-lampi úr smiðju Kristínar Birnu en hann var útskriftarverkefni hennar.



Dalvíkursleðinn eftir Dag Óskarsson er byggður á gamalli erkitýpu af sleða.



Flower eruption eru vasar sem Jón Björnsson býr til úr íslenskum sandi.

# Íslendingar á hönnunarviku í New York

Hönnuðirnir Kristín Birna Bjarnadóttir, Dagur Óskarsson og Jón Björnsson tóku nýverið þátt í hönnunarvikunni í New York, nánar tiltekið á hátíðinni Meatpacking district design.

„Hönnunarmiðstöð hélt HönnunarMars í lok mars. Þangað var boðið bæði blaðamönnum og ýmsum tengiliðum í hönnunargeiranum og meðal annars kom hingað maður á vegum hátíðarinnar Meatpacking district design í New York sem valdi þrjá hönnuði sem hann bauð að taka þátt,“ segir Kristín Birna Bjarnadóttir vöruhönnuður sem fylgdi hönnun sinni eftir til Bandaríkjanna. Dagur Óskarsson og Jón Björnsson sendu verk sín utan en komust ekki sjálfir með.

Hún segir ferðina hafa verið mikla upplifun. „Sýningin var mjög skemmtileg og margt annað



Kristín Birna fylgdi lampa sínum til NY.

um að vera. Til dæmis voru þarna margir vöru- og iðnhönnuðir frá Finnlandi sem sýndu í gámum úti á götu og því mikil stemning,“ segir Kristín Birna sem fann fyrir töluverðum áhuga á hönnun sinni.

Kristín Birna sýndi lampann Ljósgjafa eða Illuminant sem var útskriftarverkefni hennar úr Listaháskólanum í fyrra. Dagur, sem útskrifaðist á sama tíma og Kristín Birna, sýndi Dalvíkursleðann sem er byggður á gamalli erkitýpu af sleða. Vasar Jóns Björnssonar, Flower Eruption, vöktu einnig nokkra athygli en þeir eru búnir til úr íslenskum sandi.

Auk sýningarinnar í New York má sjá verk þeirra Dags og Jóns á sýningunni Íslensk hönnun sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á Listahátíð í Reykjavík 2009. *- sg*



**ÍSBJARNABLÚS** Elskirðu dýr en langar samt í minjagrip á vegginn, þá gæti þessi eftirlíking af uppstoppuðum ísbirni verið málið. Hönnuðurinn heitir Melaine Bourlon og um hana má fræðast á melainebourlon.com.


heimili&hönnun
BROT AF ÞVÍ BESTA

**Forsíðumynd:** Mynd frá International Contemporary Furniture Fair (ICFF) **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Solveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Í MK ERU FJÓRAR STÚDENTSBRAUTIR
FÉLAGSFRÆÐI- MÁLA- NÁTTÚRUFRÆÐI- OG VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT

Hvert skal stefna í lífinu?

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



FÉLAGSFRÆÐIBRAUT
Sálfræði, félagsfræði, saga.

MÁLABRAUT
Tungumál, ferðagreinar, almenn braut.

NÁTTÚRUFRÆÐIBRAUT
Raungreinar, stærðfræði, tölvur.

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT
Bókfærsla, stjórnun, fjármál.

EINNIG Í BOÐI ALMENNAR NÁMSBRAUTIR.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

www.mk.is
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000



**VEÐRIÐ** skiptir miklu máli þegar tekin er ákvörðun um hvað eigi að aðhafast um helgina. Því er gott að athuga spána. Á vefsíðu Veðurstofu Íslands má finna spákort fyrir næstu daga. www.vedur.is

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447















Oliver er fæddur og uppalinn í London en settist að á Íslandi árið 1977. Hann hefur lengi starfað við tónlist, meðal annars við kennslu, tónsmíðar og hljómsveitarstjórnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Spila sorglegan Bach með hressilegum hætti

**Óhætt er að segja að tónlist sé helsta ástríða Olivers Kentish. Helgin verður engin undantekning á því en þá ætlar Oliver að stjórna tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna sem verða með fjölbreyttu sniði.**

„Á eftir verð ég á aðalæfingu Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna milli klukkan 10 og 13. Við erum að æfa fyrir tónleika sem verða í Seltjarnarneskirkju á morgun klukkan 17. Svo ætla ég í kvöld á nýju íslensku óperuna, Hel, í Íslensku óperunni. Hún er byggð á verki Sigurðar Norðdal og samin af gömlum nemanda mínum, Sigurði Sævarssyni," segir Oliver Kentish, tónlistarkennari og stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna, beðinn um að lýsa helgarfyrirætlunum.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna starfar frá september til maí og eru tónleikarnir á morgun þeir síðustu á starfsárinu. Oliver lofar fjölbreyttri dagskrá. „Við flytjum meðal annars hornkonsert eftir Mozart, þar sem einleikarinn er annar gamall nemandi minn frá Keflavík, Sturlaugur Jón Björnsson. Svo ætlum við að spila hljómsveitarsvítu númer 3 eftir Bach, hægan kafla sem er mikið leikinn á Íslandi og oftast við sorgarathafnir. Við ætlum hins vegar að spila hann örlítið hraðar en venja er. Mér finnst fólk spila þetta orðið allt of hægt og stíla of mikið inn á væmnina. Það á hins vegar að vera aðeins meira fútt í þessu að mínu mati og alls engin væmni."

Helgin er að mörgu leyti dæmigerð fyrir Oliver, sem segist vakna fyrir allar aldir á laugardagsmorgnum á veturna til að kenna nemendum sínum við Tónlistarskólann í Hafnarfirði. „Laugardagar eru besti tíminn til að æfa og þá hitti ég krakkana í kammersveitinni. Þeir fá svo frí þegar sumarið hefst og þá er minna að gera hjá mér."

Miðað við þétta dagskrá á blaðamaður erfitt með að trúa síðustu athugasemd og spyr hvort ekki standi til að slappa neitt af um helgina? „Jú, jú. Maður reynir það, og þá annaðhvort með því að hlusta á mikið af tónlist eða bara enga tónlist. Stundum er þögnin líka góð, nú eða þá fuglasöngur," svarar Oliver og segist reyndar vona að veðrið verði ekki allt of gott um helgina svo fólk láti sjá sig á tónleikunum. „Og það er nú ekki oft sem maður biður um það," bætir hann við og skellir upp úr. roald@frettabladid.is








**BÍÓHÚSIN** eru vinsæl um helgar. Verið er að sýna nokkrar góðar myndir um þessar mundir en á topp 5-listanum á Íslandi eru: Angels & Demons, Star Trek, Hannah Montana, X-Men: Origins og The Boat That Rocked. www.midi.is/bio








Leifur segir útskriftarsýningu nemenda Ljósmyndaskólans vera fjölbreytta en Heiða Björg Bjarnadóttir og Bergljót Þorsteinsdóttir eru tvær af fimm nemendum sem útskrifast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Framhaldsnemar sýna

**Ljósmyndaskólinn útskrifar nú nemendur úr framhaldsdeild í fyrsta sinn og af því tilefni sýna fimm nemendur verk sín á útskriftarsýningu. Leifur Rögnvaldsson yfirkennari segir verkin fjölbreytt og skapandi.**

„Fimm nemendur útskrifast að þessu sinni eftir tveggja og hálfs árs nám í skapandi ljósmyndun og gefur að líta fjölbreytt verk þeirra á útskriftarsýningunni," segir Leifur Rögnvaldsson, yfirkennari Ljósmyndaskólans, en skólinn hlaut nýlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á því námi sem hann býður og er þetta í fyrsta sinn sem nemendur útskrifast úr framhaldsdeild skólans.

„Sýningin er að Fiskislóð 79a, baka til, og stendur frá 20. til 30. maí en opið er daglega frá klukkan 16 til 20 virka daga en um helgar er opið frá klukkan 13 til 18," útskýrir Leifur. „Auk þessa höfum við alltaf verið með sýningu frá nemendum sem lokið hafa eins árs námi en hún verður opnuð 30. maí næstkomandi."

Ljósmyndaskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1997. „Skólinn byrjaði sem námskeið sem þróaðist yfir í að vera eins árs nám fyrir frekara undirbúningsnám og er nú grunnurinn í náminu hjá okkur. Fyrir tveimur árum fórum við út í að gera annað viðbótarnám þannig að í heildina eru þetta fimm annir. Var það fyrsta skrefið í að fá skólann viðurkenndan sem starfsnám og er það stórt skref fyrir okkur og ljósmyndun á Íslandi," segir Leifur stoltur. „Ljósmyndanám hefur verið öðruvísi á Íslandi en tíðkast að öllu jöfnu. Skólinn okkar er í raun sá fyrsti hérlendis sem er samkvæmt þeirri fyrirmynd sem tíðkast víða erlendis og við lítum á námið sem sköpun en ekki iðn. Þetta er skapandi nám rétt eins og tónlistar- og kvikmyndanám."

Liðlega tuttugu kennarar leiðbeina við skólann. „Við erum með fasta kennara, stundakennara og gestafyrirlesara. Þetta eru ljósmyndarar, listamenn, hönnuðir og markaðsfræðingar þannig að tekið er á ýmsum þáttum sem stuðla að almennri þekkingu í ljósmyndun og sköpun en líka er hugað að þeim veruleika sem blasir við að námi loknu," segir Leifur. Sýningin er hluti af lokaverkefni útskriftarnema. „Á fimmtu og síðustu önninni vinna nemendur að sjálfstæðum verkefnum sem þeir skapa sér sjálfir en hafa skólann sér til aðstoðar til að leiðbeina og veita tæknilega ráðgjöf, aðstöðu og stuðning. Nemendur vinna verkefnin í samvinnu við kennara skólans sem samsvara hvað best þeirri stefnu sem þeir marka sér í verkefninu," útskýrir hann og nefnir að verkefnin séu afar fjölbreytt og athyglisverð.

Umsóknarfrestur í Ljósmyndaskólann rennur út 15. júní og í framhaldi af því er valið inn í skólann fyrir haustönn. „Tekið er viðtal við umsækjendur og metið út frá því. Annars eru inntökuskilyrði þau að nemendur hafi lokið framhaldsskóla eða sambærilegu námi. Skólinn áskilur sér þó rétt til að veita undanþágur frá því svipað og Listaháskólinn. Í skólanum eru nemendur á ýmsum aldri frá tvítugu og upp úr og skapar það skemmtilegt andrúmsloft," segir Leifur og hvetur alla til að kíkja á sýninguna.

*hrefna@frettabladid.is*











# Lostin í Kassanum

**Báðir leikarar verksins Lostin, sem frumsýnt er í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í kvöld, eru heyrnarlausir.**



Jan Fiurasek og Elsa G. Björnsddóttir leika í verkinu Lostin sem frumsýnt er í kvöld.

„Það er draumur í dós að sýna í Þjóðleikhúsinu," segir Margrét Pétursdóttir, leikstjóri döff-leikverksins Lostin sem frumsýnt er í Kassanum í kvöld. „Við erum að leggja lokahönd á allt saman en sýningin er nokkuð tæknilega flókin. Svo fer hún öll fram á táknmáli, svo hún þarf að vera eins myndrænt skýr og mögulegt er, svo allir áhorfendur geti skilið hana."

Sýningin er byggð upp á mörgum litlum sögum sem túlkaðar eru bæði með dansi og leik. „Allir geta skilið þessar sögur. Við prófuðum búta úr verkinu á heyrandi fólki og það komu hlátrasköllin utan úr sal, svo það skildi alveg út á hvað þetta gekk." En sýningin er ekki bara fyndin. Hún er líka sorgleg og jafnvel ofbeldisfull á köflum. „Þetta er bara eins og lífið sjálft."

Leikarar verksins eru tveir, þau Elsa G. Björnsdóttir og Jan Fiurasek. Elsa hefur unnið í leikhúsi og sjónvarpi um árabil og Jan er atvinnuleikari frá Tékklandi sem hefur ferðast mikið um heiminn og leikið, leikstýrt og kennt leiklist. Þau Elsa og Jan unnu leikverkið sjálf en Margrét tók svo við því og vann úr því endanlegt handrit.

Lostin verður sýnt á alþjóðlegu döff-leiklistarhátíðinni Draumar 2009 sem hefst á sunnudag. „Það er kannski svolítið mikið að halda leiklistarhátíð og frumsýna á sama tíma, en það er óhætt að segja að þetta hafi verið rosalega skemmtilegir dagar," segir Margrét, að vonum spennt, enda von á á kringum 25 leikurum, fyrirlesurum, leikstjórum og kennurum víða að á hátíðina. Hún segir allt mögulegt í gangi á hátíðinni sem allir geti notið, bæði heyrnarlausir og heyrandi. Dagskrána í heild sinni má finna á www.draumasmidjan.is.

*holmfridur@frettabladid.is*

## SÖLUFULLTRÚI ÓSKAST Á FASTEIGNASÖLU

Fasteignasalan fasteign.is óskar eftir að ráða sölufulltrúa í fullt starf. Í starfinu felst öll almenn vinna við sölumeðferð fasteigna í góðum og samheldnum hópi starfsmanna. Eingöngu kemur til greina aðili sem hefur starfað til lengri eða skemmri tíma á þessum vettvangi.

**Nánari uppl.veitir Ólafur B Blöndal, lgf. S:6-900-811**

FASTEIGNASALAN fasteign.is SÍMI 5 900 800

Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

## 30% starf í boði hjá spennandi fyrirtæki.

Unga ástin mín

**Barnabókaútgáfan Unga ástin mín ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf við dreifingu barnabóka.**

**Starfssvið:**
- Starfið felur í sér að taka á móti pöntunum, gera reikninga, taka til pantanir af lager og keyra þær í verslanir á höfuðborgarsvæðinu.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Við leitum að vel skipulögðum og brosmildum einstaklingi sem hefur lokið að minnsta kosti stúdentsprófi með góðum árangri.
- Viðkomandi verður að vera reyklaus og geta hafið störf um miðjan júní.

**Vinsamlegast kynnið ykkur starfið nánar á www.ungaastinmin.is**

Múr & Mál

Múr- og Málningarþjónustan Höfn ehf

## Vantar MÚRARA í vinnu,

faglærða eða vana múrviðgerðum. Næg vinna framundan.

## Vantar MÁLARA í vinnu,

faglærða eða menn vana málningarvinnu. Næg vinna framundan.

**Upplýsingar gefur Elías í síma 587-5100 eða á netfangið elias@murogmal.is eða á murogmal@murogmal.is**

EIGNARHALDSFÉLAGIÐ PORTUS

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Eignarhaldsfélagið Portus ehf. sér um uppbyggingu, starfsemi og rekstur Tónlistar- og ráðstefnuhússins og er dótturfélag Austurhafnar-TR ehf. Austurhöfn-TR ehf. er í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Eignarhaldsfélagið Portus ehf. auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra félagsins. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur víðtæka stjórnunarreynslu.

**Starfssvið**
- Dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri félagsins
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Samningastjórnun og eftirfylgni framkvæmda
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Samskipti við hagsmunaaðila og opinbera aðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði, rekstrarfræði eða sambærilegt nám
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af verklegum framkvæmdum og verkefnastjórnun
- Ákveðni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# VANIR MENN

## Ölgerðin óskar eftir að ráða starfsmenn í framleiðsludeild fyrirtækisins.

**Starfssvið**
- Umsjón og eftirlit með vélbúnaði á framleiðslulínu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Mjólkurfræðingar, vélvirkjar, vélstjórar
- Mikil reynsla af vélstjórn og vélaumsjón
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og faglegur metnaður

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hreinn Pálmason, verksmiðjustjóri. Senda má fyrirspurnir á netfangið hreinn.palmason@olgerdin.is.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir sínar á netfangið elisabet.einarsdottir@olgerdin.is fyrir 29. maí nk.

## Einnig vantar vanan mann á lyftara í sumar.

**Ölgerðin** er besta sölu- og markaðsfyrirtæki á Íslandi á sviði mat-, drykkjar- og sérvöru. Fyrirtækið varð til við sameiningu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson og Danól. Ölgerðin er hvort tveggja í senn háþróað og framsækið framleiðslufyrirtæki og metnaðarfullt sölu- og markaðsfyrirtæki. Ölgerðin markaðssetur aðeins vörumerki sem eru eða hafa möguleika á að verða fremst í sínum flokki. Höfuðstöðvar Ölgerðarinnar eru að Grjóthálsi 7-11 en fyrirtækið er einnig með starfsstöðvar á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Hjá Ölgerðinni starfa nú um 280 manns.

Grjóthálsi 7-11
110 Reykjavík

Sími 412 80 00
Fax 412 80 09

olgerdin@olgerdin.is
www.olgerdin.is

Ölgerðin EGILL SKALLAGRÍMSSON

## Starf við kynningar og sölu !

Leitum að góðu fólki í kynningar og sölu á nýrri vöru á Íslandi. Góð árangurstengd laun.

**Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið nordicopportunity@gmail.com**

## HÓTELSTÖRF Í BOÐI

Vantar matreiðslumann og þjón á Hótel Höfðabrekku í Mýrdal í sumar og fram á haust. Einnig laus störf við herbergjaþrif, veitingasal og eldhús Húsnæði í boði.

Áhugasamir sendi umsóknir á hotel@hofdabrekka.is

www.hofdabrekka.is

## Snyrtifræðingur

Óskum eftir snyrtifræðing til starfa.
**Nánari upplýsingar má óska eftir á netfangið: box@frett.is merkt "snyrtifræðingur".**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




## STÖRF Á MARKAÐS- OG SAMSKIPTASVIÐI HR

**Háskólinn í Reykjavík leitar að tveimur starfsmönnum í tímabundin störf vegna afleysinga.**

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR / VERKEFNASTJÓRI: Starfið felst í hönnun kynningarefnis og skipulagningu kynningarstarfs, markaðsverkefna og viðburða. Leitað er að einstaklingi með menntun og/eða reynslu í grafískri hönnun, sterka samskiptahæfileika og hæfni í verkefnastjórnun og skipulagningu. Ráðið verður í starfið frá 1. ágúst nk. og er ráðningin í 8 mánuði.

VEFSTJÓRI: Starfið felst í ritstjórn, þróunarvinnu og uppfærslu á ytri og innri vefjum skólans, í nánu samstarfi við akademískar deildir og stoðsvið. Leitað er að einstaklingi með a.m.k. tveggja ára reynslu af vefstjórn, mjög góða íslensku- og enskukunnáttu og skipulögð og skjót vinnubrögð. Færni í vefhönnun er nauðsynleg. Unnið er í vefstjórnarkerfunum Eplica og Wiki. Ráðið verður í starfið frá 1. september til 10 mánaða.

Umsóknir skulu sendar á netfangið appl@ru.is fyrir 25. maí, og skulu innihalda kynningarbréf, starfsferilskrá, mynd og upplýsingar um umsagnaraðila.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fimm: Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Nemendur eru um 3000, en starfsmenn skólans eru yfir 500 í 270 stöðugildum. Skólinn býður um 750 námskeið á ári, þar af á þriðja hundrað á meistarastigi.

Íslandsbanki

## Skuldabréfamiðlari
### hjá Markaðsviðskiptum Íslandsbanka

Markaðsviðskipti Íslandsbanka, sem veita fagfjárfestum og fyrirtækjum innanlands sem utan þjónustu í gjaldeyris-, verðbréfa- og afleiðuviðskiptum, leita að öflugum liðsmanni í samhentan hóp.

Helstu verkefni:

- Miðlun skuldabréfa og umsjón með skuldabréfaútboðum
- Uppbygging viðskiptatengsla við innlenda og erlenda fagfjárfesta
- Samskipti við útgefendur skuldabréfa
- Þátttaka í öðrum verkefnum verðbréfamiðlunar Markaðsviðskipta

Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla af fjármálamarkaði
- Háskólamenntun
- Söluhæfileikar og hæfni til að vinna undir álagi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Baldursson, framkvæmdastjóri Fjárstýringar og Markaðsviðskipta, sími 440 4484, netfang: johannes.baldursson@islandsbanki.is, og Jón Ingi Árnason, forstöðumaður Skuldabréfamiðlunar, sími 440 4451, netfang: jon.arnason@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 1. júní næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

*Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar*
*Ráðhúsinu, 902 Vestmannaeyjum, kt.690269-0159, sími 488-2000, fax 488-2002*
*Guðrún Helga Bjarnadóttir leikskólafulltrúi. ghb@vestmannaeyjar.is*

## Fjölskyldu – og fræðslusvið Vestmannaeyjabæjar auglýsir eftir leikskólakennurum

### Leikskóladeild 5 ára barna við Grunnskóla Vestmannaeyja

Deildarstjórar og leikskólakennarar óskast á nýja leikskóladeild fyrir 5 ára börn sem hefur starfsemi sína haustið 2009 í Hamarsskólahúsinu.

**5 ára leikskóladeild við Grunnskóla Vestmannaeyja** er nýtt námsframboð fyrir 5 ára leikskólabörn í Vestmannaeyjum sem tekur til starfa á haustmánuðum. Óskað er eftir áhugasömum og framsæknum leikskólakennurum til að veita þessari deild brautargengi í samráði við skólastjóra, leikskólafulltrúa, foreldra og skólayfirvöld. Nánari upplýsingar veitir Fanney Ásgeirsdóttir skólastjóri í síma 488-2300 eða 846-4797, netfang, fanney@grv.is, http://grv.is

Einnig óskar Vestmannaeyjabær eftir leikskólakennururm á leikskólana Kirkjugerði og Sóla.

Nánari upplýsingar fást hjá leikskólastjóra, Öldu Gunnarsdóttur í síma 488 2280, netfang: kirkjug@vestmannaeyjar.is, http://leikskolinn.is/kirkjugerdi eða hjáHelenu Jónsdóttur í síma 488 2250, netfang, soli@vestmannaeyjar.is. http://leikskolinn.is/soli

**Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyja Ráðhúsinu 902 Vestmannaeyjum. Umsóknarfrestur um er til 3.júní 2009.**
Guðrún Helga Bjarnadóttir leikskólafulltrúi.
ghb@vestmannaeyjar.is,

*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Aðstoðarleikskólastjóri

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Tjarnarás er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram og taka þátt í góðu faglegu samstarfi í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott leikskólastarf má ávallt bæta.
Leikskólinn Tjarnarás er 4ra deilda leikskóli sem leggur áherslu á dygðir og fjölmenningu. Unnið er samkvæmt SMT-skólafærni. Helstu verkefni aðstoðarleikskólastjóra eru að vinna að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu skólastarfsins í samvinnu við leikskólastjórann.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leikskólakennarapróf
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á SMT-skólafærni er kostur
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir leikskólastjóri, Hjördís Fenger í síma 565 9710/664 5859, tjarnaras@hafnarfjordur.is
Launakjör eru samkvæmt samningum LN og FL.
Umsókn ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður og er umsóknarfrestur til og með 15. júní 2009.

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

NEPTUNE ICELAND

## Neptune ehf óskar eftir vélstjórum, matsvein og háseta

Neptune ehf gerir út og rekur tvö nýuppgerð rannsóknarskip frá Akureyri. Til starfa óskast vélstjórar og matsveinn um borð í Poseidon EA-303. Vélstjórar verða að hafa að lágmarki eftirfarandi réttindi; yfirvélstjóri VF II, 1. vélstjóri VS I og 2. vélstjóri VS II. Kostur er ef að viðkomandi eru með STCW réttindi.

Einnig leitum við eftir vélstjóra og háseta til afleysinga á Neptune EA-41. Mikill kostur ef að viðkomandi er með SSO réttindi skv. ISPS staðli. Vélstjóri verður að hafa VF II réttindi.

**Umsóknir sendist á netfangið: svanberg.snorrason@neptune.is**

Byggingafélag námsmanna

## Símsvörun/skrifstofustarf

Byggingafélag námsmanna (BN) óskar eftir að ráða þjónustulundaðan og skipulagðan einstakling til starfa við símsvörun og almenn skrifstofustörf. Um er að ræða sumarstarf frá klukkan 9:00-17:00 með möguleika á áframhaldandi starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:**
- Símavarsla og móttaka.
- Úthlutun íbúða og afgreiðsla umsókna.
- Utanumhald og eftirfylgni samninga.
- Önnur tilfallandi störf.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta m.a exel.
- Skipulögð og vönduð vinnubrögð.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknir berist á starf@bn.is fyrir 25.maí**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Innheimtufulltrúi

Hafnarfjarðarbær óskar að ráða innheimtufulltrúa. Um er að ræða starf í fjárreiðudeild þar sem meginstarfssvið felst í reikningagerð og innheimtu krafna. Starfið krefst góðrar hæfni í samskiptum, nákvæmni og sjálfstæðra vinnubragða.

### Starfssvið:
- Reikningagerð
- Innheimta krafna og eftirfylgni
- Dagleg samskipti við viðskiptavini
- Bókanir og afstemmingar
- Upplýsingagjöf til stjórnenda
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð reynsla af innheimtu eða sambærilegum störfum er skilyrði
- Góð bókhaldskunnátta er skilyrði
- Góð kunnátta í bókhaldskerfi, s.s. Navision eða sambærilegu er kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2009
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Frekari upplýsingar um starf innheimtufulltrúa veitir Eygló Hauksdóttir, deildarstjóri fjárreiðudeildar, eyglo@hafnarfjordur.is og í síma 585 5500




## FARGJALDADEILD ICELANDAIR

**STARFSSVIÐ**
- Umsjón og skráning fargjalda í samvinnu við tekjustýringu, markaðsdeild og sölusvæði á Íslandi og erlendis
- Framkvæmd samkeppnisgreininga
- Árangursmælingar

**HÆFNISKRÖFUR**
- Góð alhliða menntun og reynsla nauðsynleg, t.d. stúdentspróf
- Þekking og/eða reynsla í ferðaþjónustu
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Umsækjandi þarf að hafa mikla samskiptahæfileika, brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi og geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair: www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 1. júní nk.**

Upplýsingar gefur Kristín Björnsdóttir í síma 5050 300.

Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.

Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um 1.000 manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.

Icelandair leggur áherslu á að starfsmenn félagsins séu þjónustusinnaðir og tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu starfsumhverfi.

Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna þeirra.

Við erum ein áhöfn með sameiginlegt, skýrt markmið, berum virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsmönnum og höfum gaman af því sem við gerum.

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46333 05/09

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Heimaþjónusta Reykjavíkur

### Hjúkrun langveikra barna í heimahúsum

Heimaþjónusta Reykjavíkur óskar eftir hjúkrunarfræðingi sem er tilbúinn að vinna að nýju og spennandi verkefni innan heimahjúkrunar, hjúkrun langveikra barna í heimahúsum. Um er að ræða 50% starf, en til greina kemur meira starfshlutfall við heimahjúkrun ef óskað er.

**Hæfniskröfur:**
- Starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af hjúkrun barna æskileg
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi

### Umsjónarhjúkrunarfræðingur

Umsjónarhjúkrunarfræðingur hefur umsjón og ábyrgð með þjónustu hóp einstaklinga fyrir ákveðið svæði. Hlutverk hans er að veita hjúkrun, skipuleggja störf annarra starfsmanna í teyminu ásamt því að stuðla að þróun og uppbyggingu þjónustunnar.

Tvær slíkar stöður eru lausar til eins árs. Gott tækifæri fyrir framsýna og skipulagða hjúkrunarfræðinga. Mikil áhersla verður lögð á samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar á komandi mánuðum.

**Hæfniskröfur:**
- Starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur
- Leiðtogahæfileikar
- Tölvukunnáttu
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi

Launakjör hjúkrunarfræðinga eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Magnúsdóttir, forstöðumaður heimahjúkrunar, Heimaþjónustu Reykjavíkur í síma 411-9600, netfang: thordis.magnusdottir@reykjavik.is

Sækja skal um þessi störf á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf **fyrir 14. júní 2009**

*Heimaþjónusta Reykjavíkur - heimahjúkrun er til húsa að Álfabakka 16 í Reykjavík.*
*Heimahjúkrun sinnir sólarhringsþjónustu fyrir íbúa Reykjavíkur og Seltjarnarness.*
*Viðkomandi fær bíl til afnota á vinnutíma.*
*Markmið Heimaþjónustu Reykjavíkur er að veita einstaklingshæfða, markvissa og faglega þjónustu og gera þeim sem þjónustunnar njóta kleift að búa heima við sem eðlilegastar aðstæður.*

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## ERTU RÉTTUR MAÐUR Á RÉTTUM STAÐ?

Kíktu á www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Gefnarborg er einkarekinn fjögurra deilda leikskóli í Garði.

Í leikskólanum er unnið metnaðarfullt starf þar sem mikil áhersla er á samskipti. Í starfinu er stuðst við kenningar Howard Gardners og sérstök áhersla á fjölmenningu og umhverfismennt.

Í starfsmannahópinn vantar deildarstjóra og leikskólakennara á deild. Eingöngu er óskað eftir fagmenntuðu fólki.

Umsóknarfrestur er til 2. júní 2009.
Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans http://gefnarborg.svgardur.is

**Nánari upplýsingar veita leikskólastjóri og rekstraraðili í síma 422- 7166**

MERKING

## Merking ehf. óskar eftir að ráða bókara í fullt starf.

**Starfssvið:**
- Áætlanagerð
- Skráningar
- Afstemmingar
- Mánaðarleg uppgjör
- Innheimta
- Önnur bókhaldstengd verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Góð reynsla af bókhaldsstörfum er skilyrði
- Þekking á DK viðskiptahugbúnaði
- Skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði, stundvísi og áreiðanleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 1. júní, umsóknir sendist til Merkingar ehf. Viðarhöfða 4, 110 Reykjavík eða með tölvupósti á magnus@merking.is




G-Star Raw óskar eftir að ráða starfsmann í verslunina á Laugavegi 86 sem fyrst.

**Við viljum þig ef þú ert :**
- 20 ára lágmark eða eldri
- þekkir og" fílar "G-Star, annars skaltu ekki sækja um !
- hefur reynslu af sölu og þjónustustörfum með BROS á vör :)
- góða enskukunnáttu.
- hér er um framtíðarstarf að ræða, ekki sumarstarf.

Endilega sendu ferilskrá ( CV) með mynd (skilyrði) á blaengur@vertu.is f yrir fimmtudaginn 27.maí.

Öllum umsóknum verður svarað.

V8 ehf. er umboðsaðili G-Star Raw á Íslandi og á og rekur verslunina á Laugavegi 86.

## Útboð

**Gæðaráð ehf. fyrir hönd Húsfélagsins Engihjalla 11, óskar eftir tilboðum í verkið:**

### Utanhúsviðgerðir 2009

Um er að ræða utanhússviðgerðir á 9 hæða fjölbýlishúsi. Í þessum áfanga verksins verður gert við glugga og múr á suðurhlið hússins. Helstu verkþættir eru glugga-, múrviðgerðir og málun.

**Helstu dagsetningar eru:**
- Kynningarfundur 27.maí 2009 kl. 14:00
- Fyrirspurnatíma lýkur 28.maí 2009
- Svarfrestur rennur út 29.maí 2009
- Opnunartími tilboða 1.júní 2009 kl. 11:00

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 20. ágúst 2009.

Útboðsgögn eru aðgengileg á vef www.vts.is og fást þar án endurgjalds. Fyrirspurnum svara Sigurður Þór í síma:770-6800, eða með tölvupósti sigurdur@vts.is

## Nýr og spennandi veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir starfsfólki í allar stöður.

Ef þú ert metnaðarfull(ur), og langar að vinna á skemmtilegum og líflegum veitingastað þá erum við að leita að þér.

**Okkur vantar fólk í allar stöður:**
- Matreiðslumann í eldhús
- Aðstoðarfólk í eldhús
- Þjónustufólk í sal
- Barþjóna

Viðkomandi þarf að geta hafið störf á næstu vikum.

**Sendu okkur upplýsingar um þig ásamt mynd á austur1907@gmail.com**

## Við leitum að **sölufólki** í símasölu

Árangursdrifin laun eru í boði ásamt tímakaupi

argus

Sækið um á **argus.is**

**Tilkynningar**

## Viðtalstímar

Guðlaugs Þórs Þórðarsonar

Viðtalstímar mínir verða á fimmtudögum kl. 9 að Austurstræti 8-10, 4. hæð.
Áhugasamir hringið í síma 5630500.



Guðlaugur Þór Þórðarson
Alþingismaður.

**Útboð**

## ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Gönguleiðir skólabarna og aldraðra - Úrbætur 2009.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á 3.000 kr. frá og með 26. maí 2009 í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 10. júní 2009 kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12276

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

**Tilkynningar**

ALÞINGI

## Fjárlagafrumvarp 2010

Fjárlaganefnd Alþingis veitir nú eins og undanfarin ár viðtöku erindum frá félögum, samtökum og einstaklingum sem varða fjárlög ársins 2010.

Umsókn um styrk skal skilað á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á vefsíðu Alþingis, www.althingi.is, og þarf umsóknin að berast nefndinni eigi síðar en 15. júní nk. Ekki er hægt að tryggja úrvinnslu umsókna sem berast eftir þann tíma.

**Vinsamlegast athugið að undirritað frumrit umsóknar þarf að berast nefndinni eigi síðar en mánudaginn 15. júní nk.**

**Fjárlaganefnd Alþingis**

**Auglýsingasími**
**512 5050**
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Skipulags- og umhverfissvið**

**Suðvesturlínur. Styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi. Breytt aðalskipulag.**
Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Landsnet hefur lagt fram áætlun um uppbygginu og styrkingu á flutningskerfi raforku á Suðvesturlandi frá Hellisheiði að Geithálsi og Hafnarfirði og þaðan út á Reykjanesskaga að Helguvík og Reykjanesvirkjun. Ætlunin er að byggja kerfið upp til framtíðar þannig að það verði í stakk búið til að mæta framtíðaráformum um orkuflutning á svæðinu, jafnt fyrir atvinnustarfsemi og til almannanota.

Hluti kerfisins er innan marka Kópavogsbæjar, og skiptist í þrjá hluta. Við Lyklafell við Sandskeið eru Búrfellslína 3 (400 Kv) og Kolviðarhólslína 1 (220 kV), og er þar gert ráð fyrir nýrri línu, Kolviðarhólslínu 2 (220 kV), og niðurrifi Sogslínu 2 (132 kV). Á hinum tveimur svæðunum, fylgir fyrirhugað kerfi núverandi háspennulínu (Kolviðarhólslínu 2 (220 kV), áður Búrfellslínu 3B) ofan Selfjalls og Húsafells. Þar er gert ráð fyrir tveimur nýjum háspennulínum (Sandskeiðslínu 1 (400 kV) og Búrfellslínu 3 (400 kV)). Alls verða því þrjár samhliða háspennulínur með u.þ.b 50 m millibili á lagnaleiðinni auk þess sem gert er ráð fyrir um 30 til 50 m helgunarsvæði sitt hvoru megin við línurnar.

Núverandi háspennulínur á Vatnsendaheiði (Hamraneslínur 1 og 2 (220 kV)) verða fjarlægðar þegar Búrfellslína 3 er komin í rekstur.

Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í janúar 2009. Einnig er gerð grein fyrir breytingunni í: Umhverfisskýrslu dags. í janúar 2009. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 26. maí 2009 til 23. júní 2009. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 7. júlí 2009. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

## Húsnæði óskast

**Einbýli**
**Sendiráðshjón (barnlaus) leita að einbýlishúsi til leigu frá og með 1. ágúst 2009 í rólegu hverfi í Reykjavík og nágrenni ( Hafnarfjörður meðtalinn), 3-4 herb., nútíma eldhús/bað, flatarmál ca. 120-180 m² mikilvægt: bílskúr eða tvöfaldur þyrfti að vera til staðar**
**Tilboð með lýsingu á fasteign sendist til þýska sendiráðsins Reykjavík: info@reykjavik.diplo.de til föstudagsins 5. júní 2009**

Vantar litla íbúð 1/7í 112.rvk, 28 ára kvk. reyklaus, reglusöm, barn og dýralaus. Greiðslug. 55 þús. 694 5480.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð til langtímaleigu á Álftanesi. Greiðslugeta 90-110 þús. S. 896 5675.

Óska að kaupa iðnaðartjald með PVC dúk.Stærð ekki undir 200 fermetrar. Upplýsingar í síma: 660-6708 Ólafur.

Óska eftir 2 herb. íbúð til leigu á 75 þús. Er með lítinn hund með mér. Skilvísi og snyrtimennsku heitið. Uppl. hjá Gunnari í s. 8615777

Óska eftir að taka á leigu frá 1. júní í fjóra mánuði sumarbústað eða íbúðarhæft húsnæði á suðvesturhorninu fyrir einstakling búsettan erlendis. Leiguhugmynd 1000 evrur fyrir tímabilið. Einnig er til sölu lítið útleigufyrirtæki á Kanaríeyjum. Allar upplýsingar í síma 0034639963047 (Einar Logi) eða 896 1603 (Svavar).

Reglusamt par óskar eftir 3 herb. eða stórri 2 herb. íbúð til leigu miðsv. í Rvk frá 1. júl nk. Max 90 þ. Illugi s. 691 7778.

24 ára háskólastelpa utan að landi óskar eftir 2 herbergja íbúð sem næst háskólasvæðinu, með langtímaleigu í huga. S.867 2229.

Óska eftir 4herb. íbúð í Grafarholtinu. Góðri umgengni og reglusemi heitið. s. 861 3183.

Par með barn og kött vantar góða 3 herb. íbúð í 1 júlí. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Greiðslugeta 70-85 þ. m/öllu. Langtímaleiga. S. 696 4781.

## Sumarbústaðir



**Þrastahólar Grímsnesi - Útsala**
Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Lækkað verð nú 14,4 millj. Skoða skipti á hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

Sumarbústaðalóðir á frábæru verði. Tvær leigulóðir um 5.500 fm. til 50 ára í landi Þórisstaða í Svínadal. Golfvöllur, tjaldstæði, veiði í Þórisstaðavatni, vatn og rafmagn að lóðarmörkum. kr. 700.000 þús stk. s. 892 6636.

45fm sumarbústaður til sölu í Húsfelli á Ásenda 4. Hitaveita og heitur pottur. S. 895 2490 & 821 4577.

## Atvinnuhúsnæði



Kársnesbraut 112 150fm húsnæði til leigu 135.000kr á mánuði á neðri hæð stór innkeyrsluhurð. Búið er að útbúa skrifstofu aðstöðu í ca. 12fm. Upplýsingar í S:6605606.

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 400m2 glæsilegt verslunar- eða skrifstofuhúsnæði á jarðhæð (neðstu)-norðurendi (Tekk plássið). Innkeyrsludyr, næg bílastæði og góð aðkoma. Hagstæð leiga. Upplýsingar í síma 895-5053

Rúmlega 100.ferm. sýningarsalur til leigu, getur lika nýst sem vinnustofa,. uppl.í síma 897-2256. Galleríið Af Hjartans List. Brautarholti 22.105 Reykjavík

TIL LEIGU 70m2 nýlegt Iðnaðarbil í Garðabæ, stór hurð WC gott aðgengi S 892-7858

Reykjavíkurvegur Hfj, gott 140 fm rými með stórri innkeyrsluhurð. Laust strax. S. 663 5791

115 fm verslunarhúsnæði við Lækjargötu í Hafnarfirði til leigu. Bílastæðahús og Vörumóttaka. Hentar m.a vel fyrir heilsölu, veitingastað eða snyrtistofu. Laust strax. S. 663 5791.

319 m2 atvinnubil í Hafnarf.til leigu, stór hurð 4,2x4,2, stórt útisvæði, rekkar fyrir bretti geta fylgt, hagstæð leiga. S: 660-1060.

**Laugavegur- ATH!**
Falleg verslun óskar eftir verlsunarhúsn. neðarl. á Laugav. Ca. 200fm. Uppl. í s. 690 3622

Til leigu 82.5 fm mjög gott iðnaðarhúsnæði að Dalshrauni í Hafnarfirði. Uppl. í s. 893 9777.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

TIL LEIGU UM 30 FM. SKÚR M. VATNI HITA OG RAFM. LOKAÐ SVÆÐI, VÖKTUN. 822 4850.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

45fm bílskúr á sv. 108 til leigu (leigist helst sem geymsla). Uppl. í s. 864 4641.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

Húsnæði fyrir áræðanlega ferðamenn 3-10 júlí. 2 svefnh og baðh. m/sturtu skilyrði. Helst í göngufæri við miðbæinn. thorvaldurg@gmail.com

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Eldsmiðjan - Yfirbakari**
Í starfinu felst að leiða baksturinn, aðstoða starfsfólk við að baka og þjálfa upp nýtt starfsfólk. Eins er þrif stór þáttur af starfinu. Unnið er á föstum vöktum í 100% starfi. Ath. að hér er ekki um sumarstarf að ræða! Hæfniskröfur - 20 ára aldurstakmark - Reynsla í pizzubakstri áskilin, kunnátta á eldofn ekki nauðsynleg - mjög góð íslenskukunnátta umsóknir á: http//umsokn.foodco.is

**Selfoss**
**Starfsfólk óskast í golfskála Öndverðarnesi.**
**Upplýsingar gefur Björk í s. 693 9091.**



**Símadömur - góðar tekjur**
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur, 20-40 ára, vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu". Góðir tekjumöguleikar fyrir skemmtilegar konur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is.

**Járniðnaðarmenn**
**Óskum eftir vélvirkja, járniðnaðarmanni, nema og aðstoðamanni.**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is fyrir 30. Maí**
**Merkt: Járniðnaðarmenn**

Óskum eftir að ráða bifreiðasmið í tímabundin verkefni. Vinsamlegast sendið umsóknir á job@snaeland.is Snæland Grímsson ehf - Hópferðabílar.

Við leitum að röskum starfskrafti á skrifstofu okkar í sumar í almenn skrifstofustörf vegna móttöku á erlendum ferðamönnum. Skilyrði að viðkomandi hafi góða kunnátti í ensku og einu norðurlanda máli. Umsóknir sendist á job@snaeland.is fyrir 30 maí. SNÆLAND GRÍMSSON - Ferðaþjónusta og hópferðabílar

**Vantar þig vinnu**
Til leigu nýr lítill veitingast í Kópav. Sanngj leiga og mikil tækif. halldor74@hotmail.com

**Rektu þinn eigin veitingastað**
Til sölu austurl. veitingast. Auðveld kaup og mikil tækifæri. Velta 20+m. Uppl. halldor74@hotmail.com

**Vinakaffi Borgarnesi**
óskar eftir starfsfólki í eldhús og sal. Fullt/hlutastarf. Reynsla skilyrði. Uppl. gefur Arndís í s. 694 3628.

Við leitum af jákvæðum, drífandi einstaklingum í árangurstengt sölu og markaðsstarf. Áhugasamir hringi í S: 512-1604

Mötuneyti - sumarafleysing Starfsmann vantar í afleysingu í mötuneyti. Um er að ræða 4 vikur samfellt á tímabilinu júlí til ágúst. Viðkomandi þarf að sjá um matseld og umsjón mötuneytis. Upplýsingar gefur Svala í 530 5611 milli 10-12.

Fiskvinnsla í Hafnarfirði vantar handflakara til starfa. Eingönu vanir flakarar koma til greina. Uppl. í s. 896 4414, eða á laufey@hamrafell.is.

Við leitum eftir hörkuduglegri, íslenskumælandi starfsstúlku í mötuneyti, viðkomandi þarf að vera vön þjónustustörfum, létt, snyrtileg og jákvæð. Um er að ræða vaktir frá 8 til 16 og 11 til 19, á skemmtilegum vinnustað, upplýsingar í S. 847 9236 eða said@visir.is

Matreiðslum óskast í afleysingar í sumar Áreiðanlegur og röskur. Brekka Hrísey Gunnhildur 6953737

Málarameistari óskar eftir mönnum vönum málningarvinnu, tímabundið. Uppl. í s. 820 3439.

## Atvinna óskast

Vanur trailer bílstjóri óskar eftir vinnu. Vanur mikilli vinnu, margt kemur til greina, td. sjómennska og fl. Reyklaus og reglusamur. S. 618 6032.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Svört Sony myndavél tapaðist í lok mars fyrir utan Catalina, Hamraborg. Var í svörtu leðurhulstri. Uppl. í s. 867 2865.

## Tilkynningar

**Silungapollur**
Ég dvaldi á Silungapolli frá árinu '49 til '55. Kem til Íslands 7. júlí og þá væri gaman ef við gætum mælt okkur mót. Ég man eftir nöfnum eins og Hörður og Elísabet og langar mér til að hitta þau aftur. Hittumst á Café Milano Skeifunni fimmtudaginn 9. júlí eftir kl 17. Hlakka til að sjá ykkur aftur. Svar sendist til FBL á smaar@frettabladis.is merkt „Silungapollur".

Aðalsafnaðarfundur Breiðholtssóknar verður haldinn sunnudaginn 24. maí að lokinni messu sem hefst k. 11. Venjuleg aðalfundarstörf. Sóknarnefnd.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000.**
**Opið þegar þér hentar**



Sælar stelpur! Til í kjellinn? Er á lausu og fullur af testósterum. Ef þig hafið áhuga hringið og pantið deit í síma 661-7372.



**Sýndu þig - sjáðu aðra**
Sexychat.is er vandaður vefur fyrir lögráða fólk sem vill sýna sig eða sjá aðra, nema hvort tveggja sé. Komdu í heimsókn á Sexychat.is.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Kona leitar**
mjög náinna kynna við ógiftan karlmann, 54-65 ára. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8172.

**Mjög heit 40 ára kona**
leitar kynna við karlmann með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8283.

**Ný upptaka**
mjög „innileg" og alveg frábærlega heit og fjölbreytt, opinská og einlæg. Þú heyrir þessa fínu upptöku hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl. nr. 8254.










# Húsgögn
## á heimsvísu







● Húsgagnasýningin International Contemporary Furniture Fair (ICFF) fór fram í 21. skipti í New York dagana 16. til 19. maí, en hún er sú stærsta sinnar tegundar í Norður-Ameríku. Eins og meðfylgjandi myndir sýna kenndi ýmissa grasa á sýningunni í ár.

**1. Jærstolen AKSEL stóll** Frá frændum okkar Norðmönnum kemur þessi stóll sem fæst í ýmsum útfærslum. Hönnuðurinn Aksel L. Hansson gætti þess að hafa stólinn látlausan útlits, svo hann færi vel með ólíkum húsgögnum og passaði bæði vel inn í nýtískulegt og gamaldags umhverfi.

**2. Sifas USA Klub** Franski hönnuðurinn Eric Carrere á heiðurinn að þessum glæsilegum útihúsgögnum sem sóma sér svo sannarlega vel á sundlaugarbakkanum í blíðskaparveðri.

**3. Loftljósið CalebSiemon + CarmenSalazar** eftir hönnuði Aqua Banded Orb.

**4. Stóll frá Itoki Design** Hönnun Itoki Design er undir bandarískum, evrópskum og japönskum áhrifum en höfuðstöðvar þess eru í New York. Itoki Design er dótturfyrirtæki japanska húsgagnafyrirtækisins Itoki sem er aldargamalt.

**5. Block** Úr smiðju hollensku hönnuðanna Berts van der Grift og Dennis van der Burch sem standa á bak við bERT&dENNIS design studio.

**6. Stóllinn C1** Úr smiðju hins heimsfræga Verners Panton kemur þessi stóll sem hann hannaði í samstarfi við fyrirtækið Plus-linje.

**7. Kartell US Inc. borðlampar** Lamparnir eru eftir Cindy Ferruccio Laviani og undir sterkum áhrifum frá áttunda áratugnum.






# Stál í stál



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Skálarnar frá þýska fyrirtækinu Rösle eru fallegar og endingargóðar en fyrirtækið hefur framleitt hágæða eldhúsáhöld úr ryðfríu stáli í nær hundrað ár. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is




Barnaherbergi eru oft stútfull af alls kyns dóti sem hægt er að setja í gamlar, uppgerðar skúffur.

# Skúffuhirslur á hjólum í barnaherbergið

Barnaherbergi eru oftar en ekki yfirfull af ýmiss konar leikföngum og smádóti sem geyma þarf í rúmgóðum hirslum. Útbúa má góðar og hagkvæmar hirslur án þess að eyða morð fjár með því einfaldlega að láta gamlar skúffur ganga í endurnýjun lífdaga.

Sniðugt ráð er að taka gamlar skúffur, mála þær í hressilegum litum, jafnvel með mynstri, og setja hjól undir þær. Þá má auðveldlega rúlla þeim undir rúm eða færa til í herberginu. Skemmtilegt getur verið að leyfa börnunum að taka þátt í sköpunarverkinu og mála til að mynda mynstur á skúffurnar. - hs

# Sjö hönnuðir fá styrki úr Auroru

● Hönnunarsjóður Auroru úthlutaði nýverið styrkjum til framúrskarandi íslenskra hönnuða á Kjarvalsstöðum. Markmiðið með styrknum er efla nýsköpun og sprotastarfsemi á Íslandi.

Sjö íslenskum hönnunarverkefnum og tveimur samstarfsverkefnum var á miðvikudag úthlutað samtals ellefu milljónum króna úr Hönnunarsjóði Auroru.

Verkefnin hlutu styrk eru frá Hugrúnu Árnadóttir, Magna Þorsteinssyni, Jóni Björnssyni, Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur, Katrínu Ólínu, Lindu Árnadóttur, Söru Maríu Júlíusdóttur og hönnunarteyminu Vík Prjónsdóttur.

Sjóðurinn var stofnaður af Auroru velgerðasjóði, sem settur var á laggirnar að frumkvæði hjónanna Ingibjargar Kristjánsdóttur og Ólafs Ólafssonar. Honum er ætlað að styðja við framúrskarandi hönnuði, efla grasrótarstarf í hönnun og vera vettvangur hugmynda og skapandi hugsunar í íslenskri hönnun. - hhs



Hönnuðirnir sem fengu ellefu milljónir króna úr Hönnunarsjóði Auroru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þessir skór eru úr skólínunni KRON by KRONKRON.



Líkkistur og duftker úr pappamassa eftir Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttir.



## LOUISE VIVEL-BRAUNER,
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR



**UPPÁHALDSVEITINGASTAÐUR:** The funky kitchen - BioMio á Halmtorvet 19, 1700 København V, en það er svona lífrænn og heiðarlegur veitingastaður.

**BESTI STAÐURINN TIL AÐ FÁ SÉR DRYKK EFTIR MATINN:** Farið á kokteilbarinn Ruby á Nybrogade.

**SVALASTI BARINN:** Karriere-bar á Flæsketorvet á Vesturbrú er skemmtilegasti barinn um þessar mundir og vinsælasti næturklúbburinn er The Lot á Pilestræde.

**Í HVAÐA HVERFI ER SKEMMTILEGAST AÐ VERSLA?** Á Vesturbrú nálægt Istedgade og í kringum Boltens Gaard.

**UPPÁHALDSHÖNNUÐUR Í DANMÖRKU:** Henrik Vibskov af því að fötin hans eru hrein listaverk, í öllum regnbogans litum og í frumlegum sniðum. Og Munthe Plus Simonsen af því að hönnun þeirra er svo kvenleg og fáguð.

**BESTI STAÐURINN TIL AÐ ANDA AÐ SÉR MENNINGU:** Arbejdermuseet sýnir hvernig venjulegt danskt fólk bjó á árum áður og er virkilega sjarmerandi. Svo myndi ég bara rölta niður Strikið, frá Ráðhústorginu til Kongens Nytorv og enda í Nýhöfn nálægt Amalienborg.

**BESTI STAÐURINN TIL AÐ FARA MEÐ BÖRN UM HELGAR:** Legoland í Billund er sívinsælt hjá smáfólkinu.

**BESTI STAÐURINN FYRIR BRÖNS Á SUNNUDEGI:** „Bastionen og Løven" á Christianshavns Voldgade er æðislegur.

**Í JÚNÍ MÁ ALLS EKKI MISSA AF:** Distortion 2009 (2.-6. júní) Tónlistarhátíð sem á sér stað á 66 mismunandi stöðum um alla Kaupmannahöfn!

## FRIÐRIK WEISSHAPPEL
VEITINGAHÚSAEIGANDI



**UPPÁHALDSVEITINGASTAÐUR:** Hann heitir Ranees og er taílenskur veitingastaður í eigu ungrar konu sem elskar að elda, einfaldur staður en mjög kúl stíll og ótrúlegur matur á fínu verði. Prófið „soft shell"-krabbann og engifergosdrykkinn.

**BESTI STAÐURINN TIL AÐ FARA Á MEÐ BÖRN:** Dýragarðurinn í Kaupmannahöfn er stórkostlegur staður fyrir börn og fullorðna. Margt að gerast og fjölskyldan getur tekið með sér nesti í körfu og eytt deginum í garðinum. Einmitt núna eru tveir skógarbjarnarungar að leika sér, ótrúlega fyndið.

**SKEMMTILEGASTI BARINN:** Hann heitir The Office og er hreinræktaður kokteilbar með rólum og mjög beittum barþjónum sem eru með harðan húmor. Ekki fyrir viðkvæmar sálir og ekki fyrir þá sem smella fingrum á þjóna, þér yrði bara sagt að hypja þig!

**BESTI STAÐURINN Í HÁDEGINU Á SUNNUDEGI:** Sorgenfri er réttur staður fyrir hádegisverðinn, eldgamall staður með klassískum dönskum réttum, sjarmerandi með mikla sál í kjallara í miðbænum við hlið Striksins. Ef þú vilt frekar góðan borgara þá kemurðu til mín á Laundromat :) hehehe.

**HVAR ER SKEMMTILEGAST AÐ SÆKJA MENNINGU:** Menninguna færðu við að skoða Den Hirschprungske Samling. Sérstaklega fallegt lítið safn sem færir þig bókstaflega inn í allt aðra vídd. Geysifögur olíumálverk.í júní má alls ekki missa af… tónleikum Keane í Kongelige Theater, verður ekki fyrir vonbrigðum þar, og svo er komið nýtt tryllitæki í Tívolí– allrosalegt martraðartæki!

nig er hægt að finna skótau
Blahnik, Gucci og Alexander
Rúsínan í pylsuendanum er
ga úrval af Chanel-töskum
rá sjö og upp í þrettán þúsund

ederiksborggade 41, 1360
höfn
dag-föstudag kl. 11- 18 og á
n kl. 11-15.

**OD** Allar tískuþíur verða að
nekka danskrar tísku: Verslun-
ood á Kristalsgade. Búðin er
kúl að það er hreinlega talað
Wood"-senu í borginni. Þar er
konar flott fatamerki og meðal
un eftir Henrik Vibskov, úrval
uttermabolum, sérhönnuð
averkabækur og meira að segja
Wood Wood opnaði útibú í Berl-
ur árum.



**NÝJA KONUNGLEGA LEIKHÚSIÐ** Við höfnina, eða Kvæsthus-bryggjuna, stendur hið stórfenglega nýja Skuespilhus sem opnaði í fyrra. Arkitektúr hússins er einstakur og eru áhrifin frá ítölskum endurreisnarleikhúsum í bland við neðanjarðarleikhúsin í New York. Stóra sviðið er byggt líkt og hellir og það er mikil upplifun að njóta leikverks þar. Þeir sem hafa ekki tíma til að skella sér í leikhús ættu þó að leyfa sér þann munað að skoða bygginguna og fá sér ljúffenga máltíð á veitingastaðnum með afbragðsútsýni yfir hafið.







# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.






**Slaka bómunni** Önundur leiðbeinir áhöfninni.



**Siglingabjóð** Hér sést yfir höfnina í Fetyie.

# „SVONA LEIKUM VIÐ

Fethiye-flói við Tyrklandsstrendur er einstaklega skemmtilegur til skútusiglinga og það var ekki síst þess vegna sem útgerðarmaðurinn *Önundur Jóhannsson*, sem hefur áralanga reynslu af skútusiglingum um heimsins höf, ákvað að setjast að í tyrkneska skútubænum Göcek. *Jóhanna Ingvarsdóttir* fór í æfingabúðir til Önna ásamt íslenskri áhöfn til að taka þátt í alþjóðlegri siglingakeppni á skútunni Tobbu truntu, sem skartar íslenskum þjóðfána.

Þetta gengur ekkert strákar. Við erum að tapa tíma. Fokkuna út, slaka bómunni, tvö rif niður, passa hausinn og allir tilbúnir í vendingu. Koma svo. Það er bullandi byr. Svo förum við í slökun á eftir og tökum okkur kit-kat stopp,“ kallar flotaforinginn Önundur Jóhannsson til áhafnarmeðlimanna níu sem eru komnir frá Íslandi til að taka þátt í alþjóðlegri siglingakeppni, sem haldin er á vorin og haustin í tyrkneska skútubænum Göcek.

Íslensku víkingarnir höfðu fjóra daga í þrjátíu stiga hita til að hita upp og stilla saman strengina í Fethyie-flóa fyrir sjálfa keppnina sem varði í fjóra daga. „Vinningslið þarf fyrst og fremst að vera samstillt með snaggaralega snerpu, hafa góðar græjur og síðast en ekki síst flagga góðum skipstjóra,“ segir Önundur hlæjandi og á þar að sjálfsögðu við sjálfan sig.

## Lúxusfley í Miðjarðarhafi

Íslenska skútan Tobba trunta, sem var meðal þátttakenda í keppninni að þessu sinni ásamt fimmtíu öðrum, er af gerðinni Jeanneau 45. Að auki á og rekur Önundur, eða Önni eins og hann er gjarnan kallaður, tvær aðrar 45 feta skútur, Íslandssól og Sóllilju auk Sölku Völku, 49 feta skútu, sem hann á með fleiri Íslendingum. Öll eru skútunöfnin fengin úr smiðju Nóbelsskáldsins Halldórs Laxness. Skúturnar hans Önna, sem allar sigla undir íslenskum fánum við Miðjarðarhafsstrendur, eru mikil lúxusfley enda nánast nýjar. Þeim var hleypt af stokkunum í Frakklandi vorið 2006 og siglt í halarófu til Tyrklands, 1.300 sjómílna leið. Eftir það hófst útgerðarsaga Önna í Tyrklandi sem hann segir að hafi gengið þokkalega það sem af er ævintýrinu. Skúturnar, sem búnar eru öllum þægindum, leigir hann út til áhugasamra siglara, sem búa um borð og sigla svo um Fethiye-flóa þar sem er að finna óteljandi fallegar víkur og voga til að varpa akkeri eða binda við bryggju, þar sem hægt er að synda, sóla sig, snorkla og fara í ýmsa könnunarleiðangra. Í mörgum víkum er svo að finna litla krúttlega fjölskyldurekna veitingastaði, sem gera eingöngu út á skútufólkið.

„Ég er nú að hefja mitt fjórða rekstrarár hér í Tyrklandi á þessu ári. Segja má að kúnnahópurinn minn samanstandi af þremur jafnstórum þriðjungum, Tyrkjum, Íslendingum og svo öðrum þjóðernum. Og þegar Íslendingar eru komnir á bragðið og hafa pantað einu sinni skútusiglingu, koma þeir gjarnan aftur og aftur. Það fullvissar mig um að menn fara héðan mjög ánægðir,“ segir Önni og bætir við að skútuvertíðin standi að heita má óslitið frá apríl til nóvembermánaðar. Skútubærinn Göcek, sem er heimahöfn íslenska skútufyrirtækisins Seaways-sailing hefur nú breyst á rúmum tíu árum úr því að vera lítið fiskiþorp í líflegan bæ, sem laðar að siglingafólk úr öllum heimshlutum. Skútuhöfnin í Göcek er ein af þeim vinsælustu við suðurströnd Tyrklands. Bærinn býður upp á fjölbreytta þjónustu, svo sem verslanir, markaði, góða veitingastaði, hótel og gistihús, allt í göngufæri frá höfninni.

## Leigjast með eða án skipstjóra

Sjálfur fékk Önni „skútuveikina” árið 1980 og hefur síðan siglt víða, meðal annars í Karíbahafinu, í Miðjarðarhafinu og við Taílandsstrendur. „Ég byrjaði á því að kaupa mér skútu, sem aldrei var afhent, en eftir þá reynslu ákvað ég að halda mig við leigumarkaðinn eða þar til ég í félagi



**Sól og sæla** Önundur við skútuna sína.

við aðra keypti Sölku Völku árið 1998.” Gömlu Sölkunni var skipt út fyrir nýja 49 feta skútu fyrir tveimur árum og er hún nú einnig til útleigu hjá Önna ef eigendurnir eru ekki að nýta hana sér til skemmtunar sjálfir. Auðveldast er að nálgast skútubæinn Göcek frá Íslandi með því að fljúga með Úrval-Útsýn beint til Dalaman, sem er 22 km frá Göcek, eða með Vita til Bodrum-Milas, sem er 180 km frá Göcek. Að venju er tekið vel á móti farþegum um borð í skútunum, sem eru vel útbúnar siglingatækjum, sjókortum, GSM og leiðsögubókum með nákvæmum upplýsingum um allt siglingasvæðið. Fremur auðvelt er að sigla um svæðið. Að mestu leyti er siglt eftir auganu, en æskilegt er að leigutakar hafi kunnáttu í siglingafræði og notkun sjókorta sem og meðhöndlun báts í höfn og á akkerislægi. Að öðrum kosti má alltaf leigja sér skipstjóra með skútunni gegn smá viðbótargjaldi. Í hverri skútu er svefnrými fyrir allt að tíu manns. Skútan leigist í heila viku frá 2.300 evrum og upp í 3.500



# STRÁKARNIR OKKUR“

evrur og er þá allt innifalið nema dísilolía, kostur og hafnargjöld annars staðar en í heimahöfn.

### Með flugstjóradellu sex ára

Önundur hefur lengst af varið starfsævinni sem flugstjóri, síðustu sautján árin hjá Lufthansa áður en hann sneri sér að skúturekstrinum. Hann er fæddur og uppalinn í Hrísey til átta ára aldurs og ákvað sex ára gamall að hann ætlaði sér að verða flugstjóri þegar hann yrði stór.„Sú mynd er mér enn ljóslifandi þegar Jóhann Helgason lenti á eins hreyfils sjúkraflugvél, Cesnu 180, í fjörunni í Hrísey til að ná í sjúkling þegar ég var aðeins sex ára. Þetta þótti afskaplega tilkomumikið. Allir eyjaskeggjar þustu niður í fjöru og þarna í fjörunni ákvað ég að gerast flugstjóri. Þetta var svo heillandi heimur fyrir ungan eyjapeyja. Til þess að eiga fyrir flugskírteininu var ég á sjó í nokkur ár og stundaði allan veiðiskap nema skakið. Og það var þá sem ég uppgötvaði að ódýrast væri líklegast að kaupa sér flugvél og leigja sér kennara sem ég svo gerði.“

Eftir að atvinnuflugmaðurinn og kennaraskírteinið var í höfn fór Önni vestur á Ísafjörð og rak flugskóla sumurin 1968 og 1969. Næstu fimm árin starfaði hann hjá Flugstöðinni í Reykjavík sem var með bæði flugskóla og leiguflug á sínum snærum. „Sá tími var mjög skemmtilegur því þar var ég stór fiskur í litlum polli sem yfirkennari og yfirflugstjóri.“ Þá lá leið Önundar til Air Viking, sem var í eigu Guðna í Sunnu. Þar byrjaði hann að fljúga stórum vélum, en eftir hálft annað ár fór Air Viking á hausinn, en starfsfólkið tók sig saman og stofnaði Arnarflug 1977 sem fór svo í þrot einum tólf árum síðar. „Ég var lengst af yfirhershöfðingi í útlendingahersveitinni, sem kölluð var, búsettur í Bretlandi, og sá um leiguverkefni fyrir hönd Arnarflugs. Ég hætti hjá félaginu ári áður en það sigldi í strand, stoppaði síðan í hálft ár hjá British Airways og fór svo til Lufthansa.“

### Siglingaskóli og siglingakeppnir

Auk þess að leigja skúturnar til siglinga, ætlar Önni að halda áfram að bjóða áhugasömum siglingaköppum upp á þátttöku í Regattasiglingakeppnum. Keppnir þessar fara fram tvisvar á ári, í maí og í nóvember ár hvert og er þá gjarnan mikið um dýrðir í skútubænum. Á vorin stendur hann svo fyrir tíu daga siglinganámskeiðum, sem eru sniðin að fólki með siglingaréttindi en skortir reynslu. „Ég er fyrst og fremst að kenna sjómennsku og byggi námsefnið á námsskrá frá Siglingamálastofnun og Royal Yachting Association. Nú þegar er ég búinn að útskrifa fimmtán skipstjóra. Menn fóru mjög ánægðir frá borði sem hvetur mig áfram til góðra verka. Ég mun því halda þessum nýja Siglingaskóla mínum á floti áfram og kem til með að bjóða upp á næstu tíu daga námskeið í apríl næstkomandi.“

### Sundsprettur, raki og slökun

Þegar komið er að leiðarlokum æfingadagsins, eru menn aðeins farnir að lýjast í sólinni. Stefnan er tekin í land með smá viðkomu og sundspretti við Göcekeyju, sem skartar fallegri strönd, trébryggju og veitingastað, líkt og fjölmargir aðrir viðkomustaðir við flóann. Íslensku víkingarnir skella sér í sundbuxurnar og út í sjóinn og synda af sér dagssvitann. Eftir að allir hafa sturtað sig um borð í ferskvatni, siglir Tobban svo áfram í átt að heimahöfn. Þegar búið er að binda með dyggri aðstoð bryggjuvarðarins, sem heitir „Skúli“ upp á íslensku, setjast menn niður með tyrkneskt raki og ræða um gang æfingarinnar, vind, hraða, fokkur, spotta, hnúta, stór segl og belgsegl. „Svona leikum við strákarnir okkur,“ segir Önni og er greinilega nokkuð brattur með sitt lið. Hann bætir þó við að skútusiglingar séu að sjálfsögðu ekki bara skemmtilegt strákasport heldur líka kvennasport og alhliða fjölskyldusport. „Eftir alla mína siglingareynslu er það engin spurning í mínum huga að Tyrklandsströndur tróna á toppnum sem siglingasvæði auk þess sem heimamenn eru einstaklega hjálpfúsir, gestrisnir og vingjarnlegir,“ bætir hann við. Og þegar spurt er hvað sé svona skemmtilegt við skútusiglingar, stendur ekki á svari hjá strákunum. „Þetta er bara þannig að um leið og maður er kominn út á sjó á seglskútu gleymist staður og stund. Maður hverfur inn í þögnina enda notast seglskútan við náttúruöflin til að komast frá einum stað til annars þótt vissulega sé hægt að gangsetja vélina ef byrinn er enginn og mikið liggur við.“



**Fetiye-flói** Tyrkland er ævintýralega fallegt og litskrúðugt land.






**Súkkulaðiréttur úr 15. hverfi** Kakan er hálfbökuð úr dökku súkkulaði.



**Úr gamla Trésmiðahverfinu** Bakgarður gamals smíðaverkstæðis þar sem hverfið er allt helgað húsgagnasmíði og bólstrun.



**Fjölskyldubarinn í Bastilluhverfinu** Fjörugasta næturlífið er í þessari eldgömlu götu. Bastilluhverfið hefur löngum verið þekkt fyrir stuð og læti.





**Uppskriftir hverfanna fylgja með** Margar girnilegar uppskriftir fylgja með í lok kaflanna, með forréttum, aðalréttum og eftirréttum.



**Fljótgert Laxasalatið með blaðlaukssultunni er fljótgerður forréttur.**

# SÆLKERAMÆÐGUR

## TAKA HVERFI PARÍSAR FYRIR

Sigríður Gunnarsdóttir hefur búið um áratugaskeið í Frakklandi og hefur nú ásamt dóttur sinni, Silju Sallé, skrifað bók um hin tuttugu hverfi Parísarborgar, einkum út frá matarverslunum, mörkuðum, veitingahúsum og eldamennsku hvers hverfis. Farið er í gegnum helstu kennileiti hverfanna, söfn, sögu íbúanna og slíkt. Silja myndaði en móðirin eldaði og skrifaði textann.

Mæðgurnar ganga um hverfi Parísar og auk þess að draga saman menningu og matarhefðir þeirra má í lok hvers kafla finna uppskriftir að hætti íbúa hverfanna; forrétti, aðalrétti og eftirrétti. Ferðablaðið fékk góðfúslegt leyfi til að birta nokkrar uppskriftir úr bókinni.

Bókin er sérstaklega skemmtilega uppsett með alls kyns fróðleik af hverfinu og gefur gott yfirlit fyrir ferðalanga í Parísarborg.

### Reyktur lax með blaðlaukssultu

*FYRIR 4*

*Undirbúningur 15 mín., suða 20 mín.*

250 g reyktur lax í þunnum sneiðum
400 g blaðlaukur sem búið er að þrífa
hunang, ólífuolía, sýrður rjómi, pipar og salt.

*Skerið niður laukinn, látið krauma á pönnu í olíunni við vægan hita. Hann á að mýkjast en ekki að brúnast. Þegar hann er vel soðinn bætið þið við 1 msk. af hunangi, salti og pipar. Smakkið, bætið við meira hunangi ef þarf. Klæðið litlar skálar með laxsneiðunum. Fyllið með lauksultunni. Setjið pönnuna aftur á heita helluna, skafið vel botninn með 2 msk. rjóma, smá hunangi, pipar og salti. Hellið yfir laukinn. Borðið heitt.*

*Með þessum rétti þarf mjúkt hvítvín og má til dæmis prófa Chablis.*



**Fjölskyldubók** Mæðgurnar Silja Sallé og Sigríður Gunnarsdóttir standa að baki bókinni en Sigríður hefur búið í París öll sín fullorðinsár.


FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM



Viltu starfa í frábærri atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu!

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

ICELAND
ON YOUR OWN

# ÍSLAND Á EIGIN VEGUM

## SUMARIÐ 2009

EXPO • www.expo.is

Kynntu þér möguleikana á www.re.is













Vesturvör 34
200 Kópavogur
☎ 580 5400
main@re.is
www.re.is


Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Travel Agency
Authorized by Icelandic Tourist Board

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ


Hjalteyrargötu 10
600 Akureyri
☎ 550 0700
sba@sba.is
www.sba.is

## ENGLA OG DJÖFLA-ÆÐI Í UPPSIGLINGU



Líkt og bókin um Da Vinci lykilinn stefnir allt í tryllt æði yfir nýjustu samsærisbók Dans Brown, Englar og djöflar. Bókin sem gerist í Rómaborg mun eflaust senda ferðalanga á söguslóðir alveg eins og Da Vinci lykillinn gerði í París. Í þetta sinn er Robert Langdon að rannsaka leynifélagið forna Illuminati og æsispennandi plottið gerist í hinum ýmsu kirkjum eins og Santa Maria del Popolo , Chigi kapellunni, gosbrunninum Fontana della Quattro Flumi og Piazza Navona. Mikið af listaverkum og styttum koma einnig við sögu. Hægt er að fara í skipulagða ferð um sögusvið bókarinnar á www.angelsanddemons.it



## ELDRI BORGARAR TIL GRÆNLANDS

Flugfélag Íslands býður eldri borgurum upp á fimm daga ferðir í júlí og ágúst til Grænlands. Mikill áhugi er greinilega á þessum ferðum því uppselt er í ferðirnar. Siglt verður innan fjarða milli staða á hraðfara skipi sem hópurinn hefur til umráða allan tímann. Með í för eru fararstjórar og verður suðurhluti Grænlands skoðaður.



## KONUR HLÆJA Í KÖBEN

Iceland Express verður með kærkomna nýjung á þessum síðustu og verstu tímum – sérstaka konuferð til Köben þar sem markmiðið er að hlæja og skemmta sér sem mest. Farið er í helgarferð undir leiðsögn Eddu Björgvins og Helgu Brögu og þema ferðarinnar er afslöppun, sjálfsstyrking og hlátur með öðrum konum í Köben. Að sjálfsögðu verður hægt að njóta alls þess sem borgin hefur upp á að bjóða fyrir konur; tískuverslana, hönnunar, menningar og matar.

Ferðin verður farin í lok júní og áhugasömum er bent á að hafa samband við söludeild Iceland Express eða www.icelandexpress.is

## ÞEYST UM GÖTUR PARÍSARBORGAR

Icelandair bjóða upp á öðruvísi og spennandi ferð í haust þar sem tekið er þátt í línuskautarallíi og Parísarborg er skoðuð á línuskautum. Ferðin stendur yfir frá 16.-18. október en á föstudagskvöldinu verður tekið þátt í línuskautarallíi. Á laugardeginum er svo farið í skoðunarferð um borgina á línuskautum með íslenskum fararstjóra þar sem helstu merkisstaðir borgarinnar verða heimsóttir.




# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Sjöfn Sigþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og María Kristjánsdóttir lögmaður

Námskeiðið er **frábær leið** til að auka **styrk, úthald** og **hreyfigetu.** Við erum betur í stakk búnar að **takast á við krefjandi verkefni**

Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur



Ég breytti um **LÍFSSTÍL** og **þú getur það líka.** Búinn að missa yfir **20 kíló** á **tveimur og hálfum mánuði** og er **enn að léttast**



Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 2. júní**
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

berar persónur og slíkt. Annars hefur smekkurinn þróast þannig að ég kann sífellt betur að meta aulahúmor og barnalegan húmor. Þannig að ég er eiginlega að ganga í barndóm í húmor.“ Áttu þá við að renna á bananahýði? „Nei, það til dæmis gengur út á að hlæja að óförum annarra. Þetta er kannski frekar einhver svona prumpuhúmor. Grínið fjallar oft mjög mikið um sjálfan mig, að mér finnst ég ekki alveg fatta eitthvað eða geta eitthvað og þá reyni ég að koma því á framfæri. Fólki finnst það fyndið.“

### Mikilvægt að halda kúlinu

Við ræðum grínið áfram. Þorsteinn segist ekki stúdera fræðin á bak við þau, sé frekar í því að njóta þess. Hann spái þó mikið í það hvort grínið hitti í mark, enda nauðsynlegt starfs hans vegna. „Eins og margir hafa bent á – grín er þannig að þú færð samstundis viðbrögð. Annað hvort er hlegið eða ekki. Og partur af því að öðlast reynslu sem grínisti er að halda kúlinu. Maður getur lent í því að vera að skemmta og fyrstu fimm mínúturnar eru erfiðar og einhver stendur upp og einhver hlær ekki. Fyrst þegar ég var að byrja í þessu fór ég á taugum við slíkar aðstæður. Fór að hlaupa yfir efni, afsaka mig og reyna að hugsa upp eitthvað nýtt á staðnum, sem var þá sjaldnast fyndið. Þetta getur því orðið svolítil martröð. Með árunum verður maður svolítið kærulausari – „ókei, þið þurfið ekkert að hlæja, ég skal bara halda áfram…“ og þá einhvern veginn nær maður fólki því fólk vill ekki sjá einhvern sem er stressaður og engist.“

### ÍNN og Útvarp saga

Þorsteinn segir að hann hafi fundið sig sem uppistandara á sviði þegar hann var með uppistand á Sportkaffi með Sigurjóni Kjartanssyni en þá fór hann að segja frá hversdeginum og hvernig það væri að vera fjölskyldufaðir, á húsfundum og öðru slíku. Hversdagurinn hefur orðið svolítið hans þema sem og vísindalegar pælingar og rit eins og Lifandi vísindi og Skakki turninn geta veitt honum innblástur. Þorsteinn segir það ekki beint vera meðvitað að vera einfaldur í gríninu, það sé frekar ákveðinn smekkur. „Ég er til dæmis alinn upp við mikinn ljóðalestur. Ég held ég hafi lært svolítið af því að tala í knöppu máli. Síðan er ég mjög hrifinn af ákveðnum naívisma og svona, hvað skal segja, „ÍNN og Útvarps sögustemningu“. Fólki sem fer bara og gerir hlutina umbúðalaust. Er ekki að pæla í því að vera töff eða hvernig það líti út. Er bara heiðarlegt með allt sitt, útlit og umgjörð.“

### Framtakssemi þykir ekki lengur hallærisleg

Umbúðaleysið hentar honum sjálfum vel og er til dæmis hluti af ástæðu þess að honum finnst jafnvel betra að vera með sketsa á netinu en í sjónvarpinu. „Það skiptir mig engu máli og ég vil helst hafa sem fæsta í kringum mig ef ég er að taka eitthvað upp í sjónvarpi. Of mörg ljós og of mikið vesen er ekki gott. Hlutirnir eru yfirleitt bestir einfaldir. Ég til dæmis hætti á auglýsingastofunni ENNEMM fyrir um tveimur árum. Þá fór ég í samstarf við Dag Hilmarsson, grafískan hönnuð, og saman höfum við gert auglýsingar. Það er bara praktískara og hentar mér betur persónulega þó að ENNEMM hafi í sjálfu sér verið góður vinnustaður. Þetta er spurning um viðhorf.“

### Skrifar handrit með Jóni Gnarr og Ólafíu Hrönn

Þorsteinn er með ótal járn í eldinum, nú sem endranær. Hann segist vera í smá millibilsástandi með skriftirnar. Kvikmynd, sem hann hefur unnið að í nokkur ár, er komin inn í Kvikmyndamiðstöð í umsókn um framleiðslustyrk en handritið skrifaði hann að mestu leyti einn. Myndin er að hans sögn rómantísk gamanmynd. „Ég yrði mjög glaður ef við gætum gert þessa mynd en þá mun Reynir Lyngdal leikstýra henni.“ Önnur kvikmynd er svo á handritsstigi en þar skrifar Þorsteinn handrit með Styrmi Sigurðssyni leikstjóra, Jóni Gnarr og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur.

### Laugavegur fyrir erlenda ferðamenn

Á Facebook-síðu sem Þorsteinn stofnaði og kallast Menningargatan Laugavegur er hann þessa dagana að plægja jarðveginn fyrir því að breyta Laugaveginum í götu þar sem rekast megi á menningartengda viðburði í hverju horni. „Ég fékk hugmyndina að þessari Facebook-síðu bara í síðustu viku og bar undir fólk sem ég treysti. Svo ákvað ég að byrja á því að mynda hóp í kringum þetta. Ég sé fyrir mér að nýta autt verslunarhúsnæði undir uppistand og þá til dæmis á ensku, vera með brúðuleikhús, um sögu Íslands og slíkt, kynna listamenn eins og Þórberg Þórðarson og Þorstein Erlingsson sem erlendir ferðamenn fara á mis við. Ég hugsa að þetta gæti orðið meiriháttar skemmtilegt. Ég hafði samband við Ferðamálaráð og komst að því að það er mjög lítið framboð af skemmtiuppákomum fyrir erlenda ferðamenn í borginni, samt eru þeir um 500.000 á ári hverju. Facebook-hópurinn er nú kominn vel fyrir þúsund manns á fimm dögum.“

### Í Góða hirðinum eftir hrun

Að lokum ræðum við ástandið, kreppuna og hvernig þetta horfir við Þorsteini. „Svona persónulega hefur þetta svo sem verið allt í lagi. Við vorum í framkvæmdum í húsinu okkar sem við kláruðum síðasta haust. Tveimur vikum fyrir hrun náðum við að skuldbreyta yfirdráttarlánum og öðru slíku. En við erum auðvitað, eins og allir, komin með rosalega greiðslubyrði. Á meðan maður heldur vinnu og hefur eitthvað að gera kvartar maður ekki. Við erum sex manna fjölskylda og förum bara út í að spara. Og það hittist reyndar svolítið skemmtilega á því við Elísabet Anna konan mín höfum áhuga á gömlum munum. Við höfum því svolítið verið að fara í Góða hirðinn og keyptum okkur til dæmis um daginn sönglagahefti af Barnalandi frá 1960. En auðvitað er búið að vera mjög dýrt að búa á Íslandi í mörg ár. Þetta er ekkert ný hugsun fyrir Íslendinga – að spara. Ég þekki ekki fólk sem hefur verið að eyða peningunum í vitleysu. Og mér finnst mjög alvarlegt þegar reynt er að koma inn samviskubiti hjá almenningi – að þetta sé allra sök. Þetta er sök örfárra manna. Þjóðin tók ekki þátt í þessu.“

### Vissir þú að …

…það atriði sem Þorsteinn er oftast minntur á af fólki úr Fóstbræðrum er atriðið um Snúlla snúð, lélegan leikara sem leikur trúð á vinnustöðum.
…Þorsteinn heldur úti vefsíðunni www.thorsteinngudmunsson.is þar sem hægt er að nálgast grínefni hans
…Þorsteinn er fæddur 4. febrúar 1967
…það ár fæddist rússneski listdansarinn á skautum: Sergei Grinkov.
…Þorsteinn býr í Þingholtunum.




FAGNAÐARFUNDIR

Nú hefur Kaupþing fengið öflugan liðsauka. Fjöldi fyrrverandi starfsmanna SPRON hefur verið ráðinn til bankans. Það er mikið gleðiefni fyrir okkur og fyrrum viðskiptavini SPRON, sem nú eru komnir í viðskipti við Kaupþing. Starfsfólk Kaupþings býður þennan glæsilega hóp velkominn í liðið.

VESTURBÆJARÚTIBÚ
Anna Haraldsdóttir
Brynja Þorkelsdóttir
Ingigerður Guðmundsdóttir

SUÐURLANDSBRAUT
Bryndís Ann Brynjarsdóttir
Einar Örn Ævarsson
Valdís Hansdóttir
Rakel Sigurðardóttir

AÐALÚTIBÚ
Guðríður Birgisdóttir
Halldóra Þorvaldsdóttir
Sigrún Dögg Þórðardóttir
Andrea Guðrún Gunnlaugsdóttir
Kristján Þór Sveinsson

MJÓDD
Berglind Guðrún Bergmann
Oddný Aðalsteinsdóttir
Helga María Kristinsdóttir

GRAFARVOGUR
Monika Sóley Skarphéðinsdóttir

HAFNARFJÖRÐUR
Guðríður Linda Karlsdóttir

ÞJÓNUSTUVER
Auður Gísladóttir
Carolin K. Guðbjartsdóttir
Ester Rúnarsdóttir
Hjördís Halldórsdóttir
Svanhvít Gunnarsdóttir
Tomasz Þór Veruson

VIÐSKIPTAUMSJÓN
Birgitta Esther Róbertsdóttir
Helga Þóra Þórarinsdóttir
Ingibjörg Gissurardóttir

HÖFUÐSTÖÐVAR
Aðalbjörg Baldursdóttir
Anna Kristín Björnsdóttir
Björn Helgason
Guðmundur Rúnar Árnason
Helgi Magnús Baldvinsson
Hrafn Nikolai Ólafsson
Matthildur Elín Björnsdóttir
Guðrún Margrét Ólafsdóttir

Nánari upplýsingar á www.kaupthing.is
eða í síma 444 7000.

KAUPÞING



Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



**KÓPAVOGUR 1965** Hópur barna ofan á kofa sem þau hafa byggt svo veglega að hann skartar heilum turni. Myndin er tekin í ágúst.



**KASSABÍLALEIKUR Í BREIÐHOLTI** Þrír strákar með kassabíl þegar langt er liðið á sumar. Myndin er tekin í Breiðholti.

# Einu sinni var

Skólum lýkur brátt og skólagarðar, leikjanámskeið og smíðavellir taka við grunnskólabörnum landsins. Júlía Margrét Alexandersdóttir leit við í skólagörðum og Tarzanleikjum liðinna tíma.



**LAUGARDALUR 1975** Börn og unglingar að leik á grasbletti í Laugardal.



**INDÍÁNALEIKUR Í LAUGARDAL** Mynd þessi er tekin í ágúst 1965 þar sem þessir strákar með alvæpni voru í indíánaleik umkringdir háum njólum ofan við Sigtún í Laugardal.


## Verðmetum þér að kostnaðarlausu!

Við erum stærsta uppboðsfyrirtæki með frímerki og mynt á Norðurlöndum og verðum á Íslandi dagana 28. – 31. maí n.k.




Við leitum að efni fyrir komandi uppboð okkar sem ná athygli safnara um allan heim. Óskað er eftir heilum söfnum, stökum verðmætum frímerkjum, gömlum umslögum og póstkortum og mynt, minnispeningum, medalíum og gömlum peningaseðlum.

”Hvaðeina getur verið áhugavert!”




Verðum til viðtals á Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 28. maí kl. 17:00 – 20:00 og á frímerkjasýningunni NORDIA 09 í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði föstudag til sunnudags 29. – 31. maí.

Frítt verðmat án skuldbindinga !

Bjóðum uppá skoðun í heimahúsum ef um stærri söfn er að ræða. Nánari upplýsingar veitir Össur Kristinsson í símum 5554991 og 6984991.

Við bjóðum líka staðgreiðsluviðskipti og greiðum þá í $ eða €




**THOMAS HØILAND AUKTIONER A/S**

Lygten 37 • DK-2400 København NV • +45 3386 2424 • info@tha.dk




**1964** Í júní árið 1964 voru þessir krakkar að huga að grænmetinu sínu í skólagörðunum.

MYND/365/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

**Max Kauptúni**




**Philips 37PFL3403D**
37" LCD BREIÐTJALD • 1366x768 punkta upplausn • 24000:1 skerpa • LCD WXGA Active Matrix TFT • 720p/1080i • Digital Crystal Clear • 3xHDMI • USB tengi ofl.

**Bjórdælan vinsæla fylgir öllum seldum sjónvörpum í Max**



# 149.989* kr.

**Fullt verð ~~199.989~~**

*Gildir til mánudags!


**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mán. | kl. 11-19 | Fim. | kl. 11-19 |
| Þri. | kl. 11-19 | Fös. | kl. 11-19 |
| Mið. | kl. 11-19 | Lau. | kl. 11-18 |
| | | Sun. | kl. 12-18 |

MAX / Kauptúni 1
Garðabæ
Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Arngríms Ingimundarsonar**

kaupmanns í Vörðunni, Grettisgötu 2a.

Guð blessi ykkur öll.

**Ingileif Arngrímsdóttir** **Sigmar Æ. Björgvinsson**
**Jóhanna Arngrímsdóttir** **Snorri B. Ingason**
**Sigríður Arngrímsdóttir** **Grettir K. Jóhannesson**
**Gíslunn Arngrímsdóttir** **Gunnlaugur S. Sigurðsson**
**og afabörnin.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Snorri P. Snorrason**

læknir,

sem lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 16. maí, verður jarðsunginn í Dómkirkjunni þriðjudaginn 26. maí kl. 13.00.

**Karólína Jónsdóttir**
**Snorri P. Snorrason** **Helga Þórarinsdóttir**
**Kristín Snorradóttir** **Magnús Eiríkur Jakobsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristíana Hólmgeirsdóttir**

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést miðviðkudaginn 20. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Valgerður E. Valdemarsdóttir** **Baldur Guðvinsson**
**Þórhildur S. Valdemarsdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**Hólmgeir Valdemarsson** **Birna S. Björnsdóttir**
**Baldvin Valdemarsson** **Vilborg E. Sveinbjörnsdóttir**
**Sigrún B. Valdemarsdóttir** **Ingólfur Ingólfsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Innilegar þakkir til allra, sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför frænda okkar og vinar,*

**Margeirs Péturs Steingrímssonar**

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Beykihlíðar, fyrir kærleiksríka umönnun og góð kynni.

**Valborg Svavarsdóttir** **Haukur Valtýsson**
**Agnes Tulinius Svavarsdóttir** **Otto Tulinius**



*Elskulegi maðurinn minn, pabbi okkar, fósturpabbi, tengdapabbi, afi og langafi,*

**Pétur Kristófer Guðmundsson**

fyrrum bóndi á Hraunum í Fljótum, Hlíðarlundi 2, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri sunnudaginn 17. maí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 26. maí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Dvalarheimilið Hlíð njóta þess.

**Rósa Pálmadóttir**
**Guðrún Björk Pétursdóttir** **Friðrik Gylfi Traustason**
**Elísabet Alda Pétursdóttir** **Sigurður Björgúlfsson**
**G. Viðar Pétursson** **Anna Kristinsdóttir**
**Pétur Sigurvin Georgsson** **Jónína Halldórsdóttir**
**Berglind Rós Magnúsdóttir** **Ásgrímur Angantýsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**HENRIK IBSEN LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1906.**

*„Þúsund orð hafa minni áhrif en eitt verk."*

***Ibsen var norskt skáld sem skildi eftir sig 25 leikverk.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. MAÍ ÁRIÐ 1934

## *Bonnie og Clyde skotin*



Þennan dag árið 1934 var eitt frægasta glæpapar sögunnar, Bonnie og Clyde, skotið til bana í Louisiana-ríki í Bandaríkjunum.

Clyde Champion Barrow og Bonnie Parker hittust fyrst í Texas í byrjun ársins 1930.

Alríkislögreglan leitaði parsins í rúm tvö ár en það komst undan skothríð lögreglu í nóvember árið 1933. Loks fékk lögreglan fregnir af parinu þar sem það sótti veislu í Black Lake í Louisiana að kvöldi 21. maí 1934 og átti að vera væntanlegt aftur á dvalarstað sinn við Sailes í sama ríki tveimur dögum síðar.

Fyrir dögun þann morgun sátu lögreglumenn fyrir Bonnie og Clyde þar sem þau óku hjá. Þau reyndu að flýja þegar lögreglan hóf skothríð að þeim en létust samstundis.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður Bára Halldórsdóttir**

Ljósmóðir, Hrísateig 23, Reykjavík,

lést 7. maí 2009 á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk 11E.

**Bjarni Guðlaugsson**
**Hafrún Lára Bjarnadóttir**
**Brynja Bjarnadóttir**
**Erna Bjarnadóttir** **Helgi Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir mín og systir okkar,*

**Guðfinna Óskarsdóttir**

Höfðavegi 28, Vestmannaeyjum,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 20. maí sl. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni í Vestmannaeyjum laugardaginn 30. maí nk. kl. 14.

**Magnús Þór Jónasson**
**Þórarinn Magnússon**
**Elín Ósk Magnúsdóttir**
**Sævar Þór Magnússon**
**Elín Jónasdóttir**
**Haukur Óskarsson**
**Guðlaug Óskarsdóttir**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

***MOSAIK*** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Erfidrykkjur af alúð

*Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og alúð. Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.*

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK





Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**FORMAÐURINN OG FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Jórunn Frímannsdóttir og Ásmundur Vilhelmsson í góðum gír í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ ÞRÓTTUR: 60 ÁRA

# Stórveldi á íþróttasviði

„Við byrjum afmælið með því að halda veglega hátíð í tengslum við fyrsta heimaleik sumarsins á laugardegi," segir Jórunn Frímannsdóttir, formaður Íþróttafélagsins Þróttar, sem heldur upp á 60 ára afmælið á árinu. „Um er að ræða stórleik Þróttar og Fjölnis í Pepsí-deild karla í knattspyrnu á gervigrasinu í Laugardalnum," bætir Ásmundur Vilhelmsson, framkvæmdastjóri Þróttar, við. En farið verður í skrúðgöngu yfir á Valbjarnarvöll eftir að formlegri fjölskyldudagskrá lýkur klukkan 15.30 og hefst leikurinn klukkan 16.00.

Að sögn Jórunnar er Þróttur grasrótarfélag sem heldur betur hefur haslað sér völl, stofnað 5. ágúst 1949. „Tveir menn sátu að spilamennsku í litlu húsi vestur á Grímsstaðaholti," nefnir hún og Ásmundur bætir við: „Það voru þeir Halldór Sigurðsson fisksali og Eyjólfur Jónsson, flokksstjóri í Reykjavík, betur þekktir sem Dóri fisksali og Eyjólfur sundkappi, sem voru helstu hvatamenn þess að félagið var stofnað."

Jórunn heldur áfram með söguna af þeim Dóra fisksala og Eyjólfi sundkappa: „Milli þess sem þeir spiluðu ræddu þeir þörfina fyrir íþróttastarf í hverfinu. Þétt setið var í félagsheimilinu á Grímsstaðaholti við Ægisíðu þetta ágústkvöld fyrir um 60 árum enda var mikill hugur í mönnum." Hún segir enn fremur: „Það var snemma ljóst að félagið var komið til að vera."

Stofnfélagar voru 37 talsins minnist Jórunn á og Ásmundur nefnir að í dag séu þeir um þúsund. Helstu greinarnar eru auk knattspyrnu, handbolti, blak og tennis. Einnig hafa verið starfsræktar í félaginu skák- og krulludeild.

„Þróttur átti því láni að fagna að eiga forystumenn sem aldrei létu deigan síga," segir Jórunn og minnist á helstu forvígismenn félagins: „Menn eins og Óskar Pétursson skátaforingi tóku síðan við keflinu af þeim Dóra og Eyjólfi og þar á eftir tóku við fyrrverandi leikmenn úr Þrótti, markmennirnir Jón Ásgeirsson og Guðjón Oddsson. Í formannstíð Tryggva E. Geirssonar flutti félagið, sem stofnað var í Vesturbænum, úr Sæviðarsundinu niður í Laugardal.

„Það var því mikið heillaspor sem stigið var afmælisumarið 1999," segir Jórunn og vísar til þess þegar Kristinn Einarsson og hans stjórn tóku við góðri aðstöðu. „Ötullega var unnið að því að laða fleiri þátttakendur að félaginu og í dag er Þróttur orðinn stórveldi á íþróttasviðinu."

Á afmælishátíðinni í dag verður margt um að vera. Meðal viðburða má nefna að frumflutt verður nýtt Þróttaralag og efnilegar skjólahljómsveitir úr hverfinu koma fram svo eitthvað sé nefnt. Þá bendir Ásmundur á að haldin verður foreldrakeppni í knattspyrnu á milli Voganna, Langholtsins og Laugarnessins og þar ætlar Jórunn að keppa. Í tilefni dagsins verður auk þess boðið upp á risastóra afmælistertu, kaffi, gos og ís fyrir börnin.

Allar nánari upplýsingar um dagskrána er hægt að nálgast á vefsíðu félagsins www.trottur.is **vala@frettabladid.is**




**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511






Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–80 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 - apríl 2009.

# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

## Lestur á höfuðborgarsvæðinu







Allt sem þú þarft...

# Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál




REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



# IB NÁM

Í MENNTASKÓLANUM VIÐ HAMRAHLÍÐ

Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur

INTERNATIONAL BACCALAUREATE DIPLOMA PROGRAMME







**Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur – jafnt íslenska sem erlenda**

**MH er aðili að International Baccalaureate samtökunum (IBO) og býður upp á tveggja ára námsbraut sem býr nemendur undir háskólanám. Náminu lýkur með alþjóðlegu stúdentsprófi sem virtir háskólar um allan heim viðurkenna. MH býður einnig eins árs undirbúningsnám áður en IB-námið hefst. Auk hins bóklega náms er lögð áhersla á að þroska nemendur og efla félagsanda þeirra á ýmsan hátt.**

Hamrahlíð College (MH) is a member school of the International Baccalaureate Organization (IBO). This gives the College the right to offer the IB Diploma Programme, a comprehensive pre-university curriculum. Taught in English, the two-year course ends with standardised exams recognised by universities world-wide. The school also offers a preliminary year for younger students. In addition to the academic subjects, students are encouraged to develop a strong sense of their own identity as well as an understanding of others.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní**

Mælt er með að umsækjendur komi í viðtal áður en sótt er um

**Upplýsingar veitir Soffía Sveinsdóttir, IB-stallari, í síma 595 5233 soffia@mh.is og ibstallari@mh.is • http://www.mh.is**



**Hringdu í síma**

**512 50 60**

**ef blaðið berst ekki**


# Hið óskaddaða orðspor



**NOKKUR ORÐ**
**Freyr Gígja Gunnarsson**

Mikið er ég nú feginn að ímynd Íslands skuli að mestu leyti vera ósködduð ef marka má forsíðu Morgunblaðsins í gær. Erlendir sérfræðingar hafa fundið þetta út með hárnákvæmum rannsóknum. Í hugum Breta erum við ekki einu sinni fjárglæframenn né bisnesskarlar af verstu sort heldur góðhjartaðir eyjarskeggjar sem gefa fátækum gamalmennum frá Hull lopapeysur. Bretum finnst við ekki vera ótíndir glæpamenn eins og forsætisráðherra þeirra hefur gefið til kynna heldur einfaldlega hrífandi og indælir. Ég vissi ekki einu sinni að við hefðum slíkt orðspor, hélt að við værum frekar úrill. En, gott og vel, glöggt er gests augað.



Þjóðverjar hafa heldur ekki misst allt álit á okkur þrátt fyrir að bankarnir þeirra hafi farið illa út úr íslenska efnahagsundrinu. Þeim finnst við eiga falleg hús og búa við mikil lífsgæði. Kannski eru Þjóðverjar ekki meðvitaðir um að hérna er tæplega tíu prósenta atvinnuleysi, allir bílarnir sem þeir sáu síðast voru á lánum sem nú hafa hækkað um helming og flottu húsin, nýuppgerð og máluð, verða sennilega rjúkandi rústir þegar þeir mæta hingað aftur. Og í eigu ríkisins.

Danir virðast heldur ekki bera neinn kala til okkar þótt við höfum keypt stolt höfuðborgarinnar á góðum lánum. Dönum finnst við vera lítil þjóð sem bjargar sér. Sem er bara fínt, því ekki komu þeir okkur til bjargar á ögurstundu. Sem sagt, þrátt fyrir allt volæðið, árásirnar á flugvöllum og þjóðargjaldþrotið í erlendu pressunni virðast túristar hafa fremur jákvæða mynd af Íslandi í huganum. Við sjáum svo til hvað þeim finnst þegar þeir loks láta verða af því að heimsækja eyjuna.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Óvænt úrslit American Idol

Hinn 23 ára nemi Kris Allen frá Arkansas-ríki var óvænt kjörinn sigurvegari American Idol-keppninnar.

Flestir höfðu veðjað á sigur Adams Lambert í úrslitaeinvíginu enda hefur hann sýnt afburða sönghæfileika í allri keppninni. Allen höfðaði engu síður til fleiri sjónvarpsáhorfenda í lokin og sigldi örugglega í gegnum keppnina með góðri frammistöðu og hæverskri framkomu sinni. „Mér líður vel, en Adam á þetta skilið,“ sagði Allen þegar honum var tilkynnt um sigurinn og nokkru síðar sagði hann: „Ég var alltaf jafnundrandi þegar ég komst áfram og var síðan kjörinn American Idol. Ég er algjörlega í sjokki.“

Lambert kippti sér lítið upp við tapið og baksviðs sagði hann þetta: „Hvað mig varðar þá snýst þetta í raun ekki um hvað gerðist í kvöld. Þetta snýst um morgundaginn.“ Í lokaþættinum söng hann með hljómsveitinni Kiss en Allen söng með kántríhetjunni Keith Urban. Síðan sungu þeir saman We Are The Champions með aðstoð Queen.

Úrslit keppninnar endurspegluðu úrslitin í fyrra þegar dómarinn Simon Cowell nánast krýndi David Archuleta áður en niðurstaðan lá fyrir. Á endanum tryggði David Cook sér óvænt sigurinn.

Oft hefur það gerst að þeir sem vinna ekki Idol-keppnina ná lengra en sigurvegararnir. Til að mynda hafa Chris Daughtry, sem lenti í fjórða sæti, og Jennifer Hudson, sem varð sjöunda, bæði náð gríðarlega langt í heimalandi sínu, sem og Clay Aiken, sem varð annar á eftir Ruben Studdard. Sigurvegarar á borð við Studdard og Taylor Hicks eru að mestu gleymdir.

Um 28,8 milljónir Bandaríkjamanna horfðu á úrslitaþátt Idol síðastliðið miðvikudagskvöld, og hafa áhorfendur ekki verið svona fáir síðan 2004. Þátturinn er þó enn sá vinsælasti í Bandaríkjunum. Þá hafa aldrei verið greidd fleiri atkvæði í þættinum en í þetta sinn, eða eitt hundrað milljón.

Fyrir þessa áttundu þáttaröð var ákveðið að hressa upp á þáttinn með því að fá fjórða dómarann til leiks, lagahöfundinn Kara DioGuardi. Það virðist ekki hafa virkað nógu vel og hefur Simon Cowell gefið í skyn að hann ætli hugsanlega að yfirgefa Idolið þegar samningur hans rennur út á næsta ári.

- fb



**ADAM LAMBERT** Þrátt fyrir mikla sönghæfileika tókst Lambert ekki að bera sigur úr býtum.



**SIGURVEGARI** Kris Allen var óvænt kosinn sigurvegari American Idol-keppninnar. Hundrað milljón atkvæði voru greidd, sem er nýtt met. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**JÓNSI** Upptökur á fyrstu sólóplötu Jónsa í Sigur Rós hefjast á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Jónsi með sólóplötu

**Jónsi í Sigur Rós er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu. Upptökustjóri verður Peter Katis, sem hefur unnið með þekktum hljómsveitum á borð við Interpol og The National. Íslandsvinurinn Nico Muhly verður gestur á plötunni.**

**„Þetta verður mestmegnis kassagítarplata en samt verða þarna strengjaútsetningar,“ sagði Katis í nýlegu viðtali. Þessi tíðindi koma ekki mjög á óvart því nýlega endurhljóðblandaði Jónsi lag eftir Depeche Mode fyrir væntanlega smáskífu sveitarinnar. Einnig er væntanleg í júlí platan Riceboy Sleeps sem hann tók upp með kærasta sínum, Alex Somers.**



**WILL SMITH** Leikarinn góðkunni ætlar að búa til mynd sem fjallar um fellibylinn Katrínu.

# Gerir mynd um Katrínu

Fyrirtæki leikarans Will Smith, Overbrook Entertainment, og Sony Pictures ætla að framleiða mynd sem fjallar um fellibylinn Katrínu. Þessi skæði bylur gekk yfir New Orleans árið 2005 og olli gríðarlega miklu tjóni.

Myndin fjallar um John Keller, fyrrverandi liðsmann sjóhersins, sem bjargaði 244 af nágrönnum sínum í borginni. Í fimm daga sá hann til þess að þeir væru öruggir á heimilum sínum auk þess sem hann hjálpaði eldra fólki og fötluðum að komast í öruggt skjól frá flóðinu sem kom í kjölfar fellibyljarins.

Talið er líklegt að Will Smith leiki aðalhlutverkið í myndinni, sem á vafalítið eftir að njóta vinsælda í heimalandinu þegar hún verður frumsýnd.



**! Ath kl. 17.00**
*Apaflasa kynnir vorútgáfu sína í bókverkabúðinni Útúrdúr sem er flutt í Nýlistasafnið við Laugaveg. Bókverkið BISCAYNE BLVD eftir Ófeig Sigurðsson og Magnús Árnason verður þar kynnt með upplestri, en það er helgað Geirlaugi Magnússyni skáldi. BISCAYNE BLVD er ljóðabálkur í sílíkoni, saminn undir áhrifum af mangó-uppboðum í Miamiborg. Allir eru velkomnir.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Nýr diskur frá Mannakornum



Í gær var dreift á fjölmiðla lagi, Farðu í friði, af nýjum diski Mannakorna, Von. Diskurinn kemur út í næstu viku, 28. maí og verður útgáfunni fagnað með tónleikum í Salnum þá um kvöldið. Þetta mun vera 34. árið sem Mannakorn eru lifandi en bandið hefur gengið gegnum ýmsar breytingar en þó verið fyrst og fremst farartæki Magnúsar Eiríkssonar þó að Pálmi Gunnarsson hafi snemma sest í framsætið hjá Magnúsi sem keyrir þennan vagn lífsgötuna. Að þessu sinni skarta þeir félagar gamalli samstarfskonu, Ellen Kristjánsdóttur. Auk þeirra þriggja koma fram á disknum sem geymir níu lög: Þórir Úlfarsson, Magnús Magnússon, Agnar Már Magnússon, Ragnheiður Helga Pálmadóttir, Sigurgeir Sigmundsson, Roland Hartwell og Sigurður Bjarki Gunnarsson. Upptökur fóru fram í haust og vetur í hljóðverum Flís, Hljóðrita og Furunni undir stjórn Pálma og Þóris.

Er viðbúið að fornir og nýir aðdáendur Mannakorna bregði undir sig betri fætinum og skjótist eftir sendingunni og margir fari í Salinn að sjá bandið á sviði.

Sögur gefa út.

**> Ekki missa af …**
síðustu sýningu á Dead-head's Lament í kvöld í Hafnarfjarðarleikhúsinu en þar má sjá nýútskrifaða nemendur listdansdeildar Listaháskólans í sérpöntuðu verki frá hendi Tony Vezic. Sýningin hefst kl. 20.






# Listin og ástin ástunduð

Á uppstigningardag hófst í Norræna húsinu hátíð þar sem listir, lystir og ást eru hylltar með fjögurra daga festi. Hún er nú hálfnuð en í dag og á morgun verða listamenn, ekki færri en tveir tugir, áfram með aðstöðu í Norræna húsinu þar sem þeir munu vinna að listsköpun á staðnum.

Þetta eru tónlistarmenn, rithöfundar, ljóðskáld, dansarar, myndlistarmenn og gjörningalistamenn. Gestum gefst tækifæri til að upplifa listina í sköpunarferli sínu og um leið, með nærveru sinni, hafa áhrif á það ferli. Með list&ást&list vilja aðstandendur sýna að ýmsar birtingarmyndir listar megi rekja til einnar uppsprettu og segja: „Markmiðið er ævinlega að gera áhorfandann að þátttakanda í verkinu. Skreytingar, popptónlist og afþreyingarbókmenntir gera ekki þessa kröfu til áhorfandans, heldur ýta undir vellíðan og fullnægju. Hins vegar krefst listin afskipta áhorfandans, að hann verði virkur þátttakandi í verkinu. Í list er innihaldið og tjáskipti þungamiðja verksins, umhverfið skiptir skreytingar, popptónlist og afþreyingarbókmenntir hins vegar öllu máli.“



**LISTAHÁTÍÐ** Benedikt Erlingsson er kynnir á hátíðinni í Norræna húsinu.

Þessir tveir flokkar eru hins vegar ekki alltaf andstæðir, enda þarf list ekki endilega að sýna skuggahliðar samfélagsins eða manneskjunnar, andstætt fegurð og jákvæðni, til þess að geta talist listaverk.

List&ást&list er ekki ætlað að vera tækifæri áhorfenda til að fylgjast með listamanninum að verki, né listamannsins til að fanga áhorfendur í hinu listræna ferli sem einhver lærifaðir. Hér verður reynt að skapa vettvang þar sem tveir hópar hittast sem jafningjar. Í hópnum sem stendur að þessu stefnumóti eru kunn nöfn hérlendra manna eins og Egils Sæbjörnssonar og Einars Más Guðmundssonar, Huldu Hákon, Steingríms Eyfjörð og Söru Riel, auk fjölda norrænna listamanna.

pbb@frettabladid.is


BHS **Borgarholtsskóli**
**býður upp á nám með starfi**

**Síðdegisnám** fyrir:
- Leiðbeinendur í leikskóla
- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa
- Félagsliða

Kennt verður virka daga kl. 15⁰⁰–17⁴⁰.

**Innritun í síðdegisnám lýkur 12. júní**

**Dreifnám** (fjarnám með staðbundnum lotum) fyrir:
- Leiðbeinendur í leikskóla
- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa
- Félagsliða

Félags- og tómstundanám ***NÝTT***

**Á lista- og fjölmiðlasviði** er boðið upp á dreifnám í:
- Bókasafnstækni
- Margmiðlun

**Innritun í dreifnám lýkur 12. júní**

**Nánari upplýsingar eru á www.bhs.is**
**Borgarholtsskóli við Mosaveg, sími 535 1700**

# SPENNUSAGA SUMARSINS






MARGFALDUR METSÖLUHÖFUNDUR BEGGJA VEGNA ATLANTSHAFSINS

LOKSINS Á ÍSLENSKU

**„JACK REACHER ER KARLMANNLEGUR EINS OG JOHN WAYNE,
FÆR EINS OG JACK BAUER,
MEÐ LÍKAMLEGT ATGERVI Á BORÐ VIÐ RAMBO
OG JAFN SVALUR OG DIRTY HARRY.“**

SUNDAY TIMES

Einfarinn og ofurtöffarinn Jack Reacher á hvergi heima og notar hvorki síma né tölvupóst. En einn daginn fær hann ógnvekjandi tíðindi með undarlegum dulmálsboðum gegnum bankakortið sitt. Þeir sem eftir eru af gömlu félögunum í rannsóknarsveitinni hans safnast saman í Los Angeles til að grafast fyrir um örlög hinna en flækjast brátt í þéttriðið net samsæris þar sem óþekktur óvinurinn er alltaf skrefi á undan …

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU
MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
HÖRÐUR ÁSKELSSON

Vortónleikar

Í HALLGRÍMSKIRKJU ANNAN Í HVÍTASUNNU 1. JÚNÍ KL. 17
FRANK MARTIN - MESSA FYRIR TVO KÓRA
OG ÍSLENSK KÓRTÓNLIST
MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU S. 5101000 - listvinafelag.is

AKUREYRI 4. JÚNÍ KL. 20
BLÖNDUÓS 5. JÚNÍ KL. 20
STYKKISHÓLMUR 6. JÚNÍ KL. 17
REYKHOLT 7. JÚNÍ KL. 16

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# Fleiri stofutónleikar

Stofutónleikahrina Listahátíðar í Reykjavíkur heldur áfram í dag og á morgun. Í dag geta menn sótt Ásthildi Haraldsdóttur heim á Túngötu, Benóný Ægisson á Skólavörðustíg, Huldu Björk og Ólaf Egil á Kjartansgötu og Spilamenn Ríkisins á Dómkirkjuloftið.

Það er margt í boði: á suma viðburðina er uppselt, en aðrir taka enn á móti gestum á þennan persónulega máta.

Ásgerður Júníusdóttir flytur Miðilinn á Melhaganum. Hljómsveitin Melchior kemur saman en hún hefur nýlokið við disk með nýju efni. Önnur grúppa sem eins og Melchior spratt upp úr hinni klassísku tónlistarmenntun, Amiina, býður til stofu í húsi Hannesar Hafstein á Grundarstígnum.

Á morgun, sunnudag, er Nýi Melakvartettinn saman kominn og leikur Dauðann og stúlkuna á Þórsgötunni. Á Hávallagötunni hljómar Dvorák, strengjakvartett nr. 2.

En ekki er allt í 101: Þóra Fríða Sæmundsdóttir, Bergþór Pálsson og Signý Sæmundsdóttir verða með dagskrá á Urðarstekk 3. Uppselt er á heimilistónleika Felix Bergssonar á Starhaga en áhugasömum er hollast að hafa hraðan á og kynna sér hvar má koma sér fyrir á þessari skemmtilegu tónleikaröð, sem rímar ekki aðeins við hina nýju efnahagshætti okkar heldur líka við þá daga þegar tónlistarmenn í Reykjavík buðu fólki heim til sín á lifandi flutning í betri stofum borgarinnar.

Dagskrá og tímasetningar má finna á vef Listahátíðar. Vísast má telja að þessi hugmynd verði endurvakin að ári – enn vantar tónlistarhús í Reykjavík.

- pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 23. maí 2009

**➜ Tónleikar**

**21.00** Plötusnúðarnir **DJ B-Ruff** og Gísli Galdur halda útgáfutónleika í **Kron Kron** búðinni við Laugaveg 63b.

**21.30** Tríóið **Tyft** leikur rokkaða tónlist með rætur í jazz og spuna á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

**22.00** CCReykjavík flytur tónlist **Creedence Clearwater Revival** á Græna hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið opnað kl. 21.

**➜ Leiklist**



**20.00** Leikhópurinn Draumasmiðjan frumsýnir leikverkið Lostin í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Nánari upplýsingar á **www.midi.is.**

**➜ Opnanir**

**17.00** Ólöf Björk Bragadóttir opnar sýningu á **Vesturvegg Skaftfells**, Menningarmiðstöð við Austurveg á Seyðisfirði. Sýningin er opin alla daga frá kl. 12.

**➜ Síðustu Forvöð**

Sýningu Guðmundu Kristinsdóttur **„Konur, hvaðan koma þær - hvert eru þær að fara"** í Saltfisksetri Íslands við Hafnargötu í Grindavík, lýkur á sunnudaginn. Opið lau. og sun. kl. 11-18.

Sýningu Þóru Sigurðardóttur í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 4, lýkur á sunnudag. Opið lau. og sun kl. 13-17. **Aðgangur ókeypis.**

**➜ Listahátíð**

Fjölbreytt dagskrá er í tengslum við Listahátíð í Reykjavík sem stendur til 31. maí. Nánari upplýsingar á **www.listahatid.is.**

**13.00** Um þrjátíu myndlistarmenn í félaginu Íslensk grafík verða að störfum á Lækjartorgi milli kl. 13-17. **Gjörningur verður kl. 15.**



**17.00 Sten Sandell og Sverrir Guðjónsson** flytja tónlistarleikhúsgjörninginn Völuspá Söguloftinu í Landnámssetrinu í Borganesi.

**➜ Dans**

**20.00** Útskriftarnemendur dansbrautar leiklistardeildar LHÍ sýna dansverkið **Deadhead's Lament** í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.

**➜ Dansleikir**

**Stuðmenn** verða á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

**Egó** verða í Sjallanum við Geislagötu á Akureyri.

Inna og Micha Moor verða á sumarfögnuði Flass 104,5 á **Broadway** við Ármúla.

**➜ Ljósmyndasýningar**

Útskriftasýning **Ljósmyndaskólans** hefur verið opnuð að Fiskislóð 19a (bakatil). Opið daglega kl. 16-20 og um helgar kl. 13-18.

### Sunnudagur 24. maí 2009

**➜ Verk mánaðarins**



**16.00** Kjartan Ragnarsson fjallar um leikgerðir úr Heimsljósi og Sjálfstæðu fólki í Gljúfrastein – húsi skáldsins. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**➜ Kvikmyndir**

**14.00** Mannfræðifélag Íslands sýnir heimilda- og verðlaunakvikmyndina „The Prize of the Pole" eftir Staffan Julén í sal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Myndin segir frá því þegar Bandaríski landkönnuðurinn Robert E. Peary flutti árið 1897 sex ínúíta frá Grænlandi til New York. Aðgangur ókeypis.

**➜ Tónleikar**

**17.00** Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flytur verk eftir Mozart, Hovhaness og Bach í Seltjarnarneskirkju. Einleikari á horn er Sturlaugur Jón Björnsson. Stjórnandi er Oliver Kentish.

**21.00** Hljómsveitin Árstíðir verður á Rósenberg við Klapparstíg ásamt Myrru Rós og Elínu Ey.

**➜ Ópera**

**20.00** Sviðslistahópurinn Hr. Níels og Caput-hópurinn sýna Hel, nýja íslenska óperu í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. Nánari upplýsingar á www.opera.is.

**➜ Leiklist**

Alda Arnardóttir og Jakob Þór Einarsson verða með leiklesna dagskrá á Landnámssýningunni við Aðalstræti 16. Þar kynna þau húmor og Amor eins og þeir birtast í Eddukvæðum, konunasögum, Íslendingasögum og fornaldarsögum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**➜ Dansleikir**

Danleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4 milli kl. 20 og 23.30. Danshljómsveitin Klassík leikur danslög við allra hæfi.

**➜ Leiðsögn**



**15.00** Hrafnhildur Schram verður með leiðsöng um sýninguna Frá „Unuhúsi til Áttunda strætis" á Kjarvalsstöðum við Flókagötu. Á sýningunni eru verk eftir: Louisu Matthiasdóttur, Nínu Tryggvadóttur, Hans Hoffmann, Robert De Niro eldri , Nell Blaine og Jane Freilicher. Opið opið alla daga frá kl. 10-17.

**15.00** Haraldur Jónsson verður með leiðsögn um sýninguna „Leiftur á stund hættunnar", í Listasafni Árnesinga, Austurmörk 21, Hveragerði. Þar sýna átta listamenn verk þar sem þeir vinna með ljósmyndina í list sinni. Opið alla daga kl. 12-18.

**15.00** Guðný Guðmundsdóttir verður með leiðsögn um sýningu sína „Madame Lemonique & Madame Lemonborough í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 11-17, fimmtudaga til kl. 21.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**






Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu. Nú hafa þeir opnað vefinn **gardplontur.is** Þar má finna margvíslegan fróðleik.

Skoðaðu **gardplontur.is** og nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 24/5 kl. 14:00 | U | Fim 4/6 kl. 18:00 | U | Lau 13/6 kl. 14:00 | U |
| Þri 26/5 kl. 18:00 | U | Fös 5/6 kl. 18:00 | U | Lau 13/6 kl. 17:00 | U |
| Mið 27/5 kl. 18:00 | U | Lau 6/6 kl. 14:00 | U | Sun 14/6 kl. 14:00 | U |
| Fös 29/5 kl. 18:00 | U | Lau 6/6 kl. 17:00 | U | Sun 14/6 kl. 17:00 | U |
| Lau 30/5 kl. 14:00 | U | Sun 7/6 kl. 14:00 | U | Sun 30/8 kl. 14:00 | |
| Lau 30/5 kl. 17:00 | U | Sun 7/6 kl. 17:00 | U | Sun 30/8 kl. 17:00 | |

Sýningar haustsins komnar í sölu

Í Óðamansgarði - ópera í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

| | |
|---|---|
| Lau 23/5 kl. 20:00 | Ö |

Síðasta sýning

Dreams 2009 - alþjóðleg döff leiklistarhátíð (Kassinn)

| | |
|---|---|
| Mán 25/5 kl. 20:00 | [The Hunt of King Charles - Finnland] |
| Þri 26/5 kl. 20:00 | [Lostin - Ísland/Tékkland] |
| Fim 28/5 kl. 20:00 | [Mistero Buffo - England/Singapúr] |
| Fös 29/5 kl. 20:00 | [Lostin - Ísland/Tékkland] |
| Lau 30/5 kl. 20:00 | [The Dreamboys - Svíþjóð] |

Í samstarfi við Draumasmiðjuna

Ó, þú aftur - afmælissýning leikhópsins Hugleiks (Smíðaverkstæðið)

| | |
|---|---|
| Sun 24/5 kl. 20:00 | Fim 28/5 kl. 20:00 |
| Mið 27/5 kl. 20:00 | Fös 29/5 kl. 20:00 |

Snarpt sýningatímabil - miðaverð aðeins 1.500 kr.


Fótboltadagar í Útilíf
Af því tilefni er
20%
afsláttur
// Fótboltar
// Legghlífar
// Markmannshanskar
// Fótboltasokkar
// Fótboltaskór
Tilboðið gildir til sunnudags.
adidas
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

## > SUMARPARTÍ Í KRONKRON

Önnur útgáfa af mixdiski B í Smirnoff/ KronKron röðinni kemur út um helgina en það eru plötusnúðarnir DJ B-Ruff og Gísli Galdur sem standa að tónlistinni. Í þetta sinn er diskurinn helgaður funk, soul og diskótónlist og í tilefni af útgáfunni verður haldið partí í Kron Kron-búðinni við Laugaveg 63b í dag. Diskurinn verður að sjálfsögðu fluttur live og léttar veigar í boði. Eftir miðnætti heldur svo partíið áfram á Kaffibarnum.



# stíll

utlit@frettabladid.is



Gullfallegt appelsínugult bikiní frá Myla. Fæst í Systrum, Laugavegi.

## OKKUR LANGAR Í ...



Pæjuleg risastór sólgleraugu fyrir sólskinsdaga. Þessi eru frá Spúútnik.




Æðislegan baugahyljara fyrir þreytt augu frá Chanel. Lyftir, sléttir og dregur úr bjúg. Fullkomið eftir partístand!



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Árlegur dagur svartra sáðfrumna*



Eina ferðina enn er komið að keppninni sem allir halda að muni falla í gleymskunnar dá: Ungfrú Ísland. Þegar maður bjóst einhvern veginn við að allar þessar sætu stúlkur hefðu eitthvað betra við tímann að gera en að fara í spreytan, láta teikna á sér svartar augabrúnir í sáðfrumulíki og aflita á sér hárið þá kemur það alltaf jafn skemmtilega á óvart að svo er ekki. Enn þá eru ótal ungar fagrar meyjar sem halda að það sé svo æðisleg reynsla að taka þátt í keppninni, og að það að ganga fyrir framan áhorfendaskara í bikini sé gríðarlega sjálfsstyrkjandi. Það segir Valli Sport að minnsta kosti enda sjálfur sjóaður í greininni. Auðvitað má enginn dissa þessa yndislegu keppni því á er maður stimplaður ljót feministalufsa sem er bara afbrýðisöm að hafa ekki verið kosin Miss Hawaiian Tropic fyrir áratug síðan og nærist á eigin biturð með hárugar lappir og í ljótum undirfötum. Það segir Gillzenegger að minnsta kosti, enda mikill reynslubolti. En burtséð frá öllu þessu þá langar mig svo ógurlega að biðla til stílista keppninnar og fá hann eða hana til að útskýra hví sætar íslenskar snótir þurfi allar að fara í gegnum einhverja skinkuvél og koma hinum megin út allar nákvæmlega eins. Erum við Íslendingar ekki frægir fyrir frumlegheit og náttúrulega fegurð?

## MARC JACOBS SLÆR Á LÉTTU STRENGINA HJÁ LOUIS VUITTON

# Eighties mætir átjándu öld

Bandaríski hönnuðurinn Marc Jacobs virðist sérlega hrifinn af nítjánda áratugnum og notar áhrif þaðan óspart í eigin línu. Áhrifanna gætti einnig í hönnun hans fyrir lúxusvörumerkið Louis Vuitton fyrir haust og vetur 2009. Sjálfur segist hann hafa fengið innblástur frá frönskum fyrirsætum níunda áratugarins eins og Victoire de Castellane, Marie Seznec og Inés de la Fressange. Hann notaði mikið upphá stígvél, blöðrupils, fyrirferðarmikla axlapúða, skæra liti og blúndu. Skemmtilega djörf og litaglöð lína. - amb.



**VÍNRAUTT** Ekta „eighties“ míníkjóll með stuttu pilsi og púffermum.

**BLÚNDA** Kynþokkafullur svartur kjóll með gegnsærri blúndu.

**GYLLT** Æðisleg upphá stígvél með munstri og himinháum hælum.





**Aðeins 11 herbergi í boði!**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Salou vinsælasta áfangastaðar Costa Dorada strandarinnar sunnan Barcelona. Salou er einn allra fallegasti bær Costa Dorada strandarinnar, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, einn glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða, úrval veitingastaða og litríkt næturlíf. Í boði er gisting á Hotel Marinada, sem er vel staðsett í nágrenni við verslunargötur, ströndina og göngugötuna. Herbergi með loftkælingu, síma, sjónvarpi, öryggishólfi, baðherbergi með hárþurrku og svölum eða verönd. Veitingastaður, bar, leikjasalur, góður sundlaugagarður og fjölmargt annað.

**Gríptu tækifærið og bókaðu strax – aðeins 11 herbergi í boði!**

**Verð kr. 79.900**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi á Hotel Marinada *** með fullu fæði í 7 nætur. Aukavika kr. 17.000. Verð, m.v. 2 fullorðna og 1 barn kr. 86.900. Aukavika kr. 22.000. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 92.900. Aukavika kr. 27.000.

**Frábær aðstaða**

- Fullt fæði
- Loftkæling
- Svalir/verönd
- Glæsilegur garður
- Sundlaugar / barnalaug
- Nuddpottur
- Leiktækjaherbergi
- Mini-golf
- Borðtennis
- Barnaklúbbur (4-12 ára)
- Barnaleiksvæði
- Þráðlaust internet (Wi-Fi)
- Veitingastaður
- Barir

**... og fleira og fleira**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Veldu traustan ferðafélaga í sumar!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is





Verð kr. 265.000.-

**Rainbow**

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

**Hrein fjárfesting ehf**
**Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is**
**Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337**

# Opnum á morgun, sunnudag verzlun að Laugavegi 7

## *Andersen & Lauth*

*Reykjavik*

Outlet, Vintage & One off

Í nýju verzluninni seljum við eldri vörur á frábæru verði. " one off " flíkur sem aðeins eru gerðar í einu eintaki og " vintage " flíkur sem við finnum og okkur finnast fallegar. Einskonar fjársjóðskista að hætti Andersen & Lauth.

Eins og áður bjóðum við upp á ævintýralegt úrval af okkar nýjustu vörum í kvenverslun okkar á Laugavegi 86-94 og herraverzlun okkar á Laugavegi 7.

Opið frá 12-17 á morgun, sunnudag
Hlökkum til að sjá þig....

Herraverzlun, Laugavegi 7
Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
Outlet, vintage & One Off, Laugavegi 7
www.andersenlauth.com

## > REIÐUR COCKER

Tónlistarmaðurinn Jarvis Cocker berst nú gegn því að skrifstofubygging verði reist gegnt íbúð hans í Shoreditch-hverfinu í London. „Ég vil ekki að skrifstofufólk geti séð mig spranga um á náttfötunum. Byggingin mun gnæfa yfir heimili fólks, en það er innrás í einkalíf þess, og húsið mun skyggja á sólina,“ segir hann.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Anna Pihl syngur í Norræna húsinu

Danska leikkonan Charlotte Munk er kannski þekktust hér á landi fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Anna Pihl. En hún sýnir á sér nýja hlið í Norræna húsinu þegar hún þenur raddböndin með hljómsveitinni Hess is More í Norræna húsinu í kvöld. Hljómsveitin stefnir saman tónlistarstefnum úr öllum áttum en í lögum hennar má meðal annars greina djass og raftónlist. Tónleikar Hess is More eru hluti af dagskrá Norræna hússins á Listahátíð Reykjavíkur sem ber heitið List&Ást&List.

Charlotte Munk er ein af þekktustu leikkonum Dana en þættirnir um lögreglukonuna Önnu hafa slegið í gegn hér á Íslandi. Charlotte þykir jafnframt nokkuð lunkin söngkona þótt ekki hafi þeir hæfileikar borist hingað upp á Ísland. En nú gefst sem sagt íslenskum aðdáendum Önnu Pihl tækifæri til að sjá hana í nýju ljósi, fjarri bláum ljósum og sírenum lögreglunnar í Kaupmannahöfn.



**STUÐBAND** Hess is More er mikið stuðband og á vafalítið eftir að fá einhverja gesti til að dilla sér í Norræna húsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Penn hættur við

Sean Penn hefur beðið dómara í Kaliforníu um að ógilda beiðni sína um skilnað frá eiginkonu sinni, Robin Wright Penn, sem hann lagði fram í síðasta mánuði. Vinir leikarans segja að ákvörðun hans um að sækja um skilnað hafi verið tekin eftir rifrildi þeirra í milli. „Þetta voru hrokafull mistök,“ segir niðurlútur Penn.



**SÁTT** Sean Penn er hættur við að skilja við eiginkonu sína, Robin Wright Penn.






# Jóhanna í Höllinni

**Söngkonan Jóhanna Guðrún, sem sló í gegn í Eurovision-keppninni, kemur fram á tónleikum í Laugardalshöll 4. júní. Þar ætlar hún að flytja lög af plötu sinni Butterflies and Elvis í bland við þekktar söngperlur, þar á meðal Is it True?**

**Með Jóhönnu leikur sjö manna hljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar og einnig er von á góðum gestum sem munu syngja með henni. Á tónleikunum gefst fólki einstakt tækifæri til að sjá Jóhönnu á sviði við bestu mögulegu aðstæður. Hennar bíða fjölmörg tækifæri erlendis og því gæti orðið bið á að hún syngi hérlendis á næstunni. Miðasala hefst 25. júní á Midi.is. Eingöngu verður selt í sæti og er miðaverð 3.900 og 4.500 krónur.**



**JÓHANNA GUÐRÚN** Syngur á tónleikum í Laugardalshöll 4. júní.

## HINN MEINTI SVIKARI, RANDVER, EDDA OG VILHJÁLMUR

Stjórn FÍL tekur undir sjónarmið Eddu en ef ekki er neitt við málið að athuga snýr það þannig að stjórn FÍL hefur í frammi alvarlegar ávirðingar við þann sem kom póstinum áfram.



# Lögmaður undrast yfirlýsingu leikara

**Stjórn Félags íslenskra leikara hefur sent út yfirlýsingu til félagsmanna þar sem fordæmt er að meðlimir í félaginu hafi lekið efni af póstlista félagsins til Fréttablaðsins. Lögmaður segir fráleitt að álykta að fjölpóstur sé trúnaðarmál.**

„Stjórn FÍL lítur það mjög alvarlegum augum að einhver af okkar félagsmönnum hafi sent fjöldapóst á fjölmiðla og fordæmir slíkt athæfi. Stjórnin skorar á þann sem það gerði að gera grein fyrir þeim hvötum sem liggja þar að baki,“ segir í fjölpósti sem stjórn Félags íslenskra leikara hefur sent til félagsmanna. Yfirskrift póstsins er „Trúnaðarbrestur“.

Yfirlýsingin kemur í kjölfar frétta sem Fréttablaðið hefur birt um bréf sem Edda Björgvinsdóttir leikkona hefur sent á þennan sama póstlista þar sem hún varar félagsmenn við „vafasömum prentmiðlum“ en Edda telur leikara þráfaldlega hafða að fíflum með misvísandi fyrirsögnum. Málið tók snúning því Eddu þótti það þá trúnaðarbrot að skrifaðar væru fréttir sem byggðu á þessum fjöldapósti og nú tekur stjórn FÍL undir þau sjónarmið.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður, sem flutt hefur fjölda mála einmitt gegn fjölmiðlum, telur fráleitt að leggja þann skilning í fyrirbærið fjölpóst að þar sé um trúnaðarmál að ræða, hvað þá að sá sem kom fjöldapóstinum á framfæri við fjölmiðla hafi gerst sekur um trúnaðarbrest. „Þarna er um félagsmann eða menn að ræða sem blöskrar hvernig umræðan er innan félagsins og telur það eiga erindi við almenning. Hann afhendir þessa tölvupósta, sem honum hafa verið sendir, þeir eru ekki stolnir,“ segir Vilhjálmur.

Undir yfirlýsingu stjórnar er klásúla þar sem segir að tölvupóstur sé eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. „Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við þessum tölvupósti og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.“ Vilhjálmur segir að þessi klausa hafi ekkert gildi í þessu máli. „Ef hægt væri að hengja „trúnaðarmál“ á allt sem skrifað er og sent í tölvupósti væri sennilega engin fjölmiðlun í landinu.“ Vilhjálmur bætir við að þarna virðist gæta einhvers misskilnings er varðar hugtakið trúnaður. Hann hljóti að byggjast á samkomulagi milli aðila um að halda trúnað þá hugsanlega með undirskrift trúnaðarsamkomulags. „Tökum sem dæmi ef forseti ASÍ sendi póst á alla félagsmenn þar sem hann kallar forsætisráherra öllum illum nöfnum og vísaði svo í að þetta væri trúnaðarmál milli hans og félagsmanna þá hefur það ekkert gildi,“ segir Vilhjálmur og er afdráttarlaus.

Randver Þorláksson er formaður stjórnar FÍL. „Það eina sem ég get sagt við þig er að þetta er trúnaðarpóstur. Og vil benda á að fjölmiðlalög – 47. grein þar.“ Með vísan í lögfræðiálit Vilhjálms um að sú klásúla hafi ekkert gildi í þessu samhengi segist Randver ekki löglærður maður. „Mín skoðun er að svona trúnaðarpóstur eigi ekki að leka í fjölmiðla.“ Sé gengið út frá því áliti Vilhjálms að ekkert sé athugavert við að koma viðkomandi pósti áfram má líta svo á að í yfirlýsingu stjórnar FÍL séu býsna alvarlegar ávirðingar á hendur þeim sem ákvað að koma póstinum áfram svo sem annarlegar hvatir og trúnaðarbrestur. Randver, sem var á leið á fund, vildi leita til lögmanns síns áður en hann svaraði þeirri spurningu en ekki tókst að koma því við fyrir dagslok í gær.

**jakob@frettablaðið.is**





Minningarnar sækja á Sunnu þegar lögreglan lýsir eftir Arndísi, gamalli vinkonu sem hún dvaldi með sumarlangt í Barcelona. Ekki bætir úr skák að Axel sambýlismaður hennar er veðurtepptur á Ísafirði og Sunna er ein með tíu ára syni hans. Þegar þrír framandi menn taka svo að veita henni eftirför er engu líkara en að líf Sunnu sé að verða að glæpasögu.

# OUTLET CENTER

## FAXAFENI 8

# STÓR ÚTSALA HAFIN

- MIKIÐ ÚRVAL AF DÖMUBOLUM..................499- KR.
- LEGGINGS FRÁ..................................................990- KR.
- SOKKAR FRÁ.......................................................99- KR.
- MIKIÐ ÚRVAL AF SKÓM FRÁ.............................999- KR.
- KARLMANNSBOLIR FRÁ......................................499- KR.
- MIKIÐ ÚVAL AF HERRASKYRTUM FRÁ......1.990- KR.
- HERRAPEYSUR FRÁ..........................................1.990- KR.

Blómapottar nokkrar tegundir frá 99,-

Ál grillbakkar 5 í pakka Aðeins 149,-

Hunda og kattadót 199,-

Partý pappaglös 10 í pakka 99,-

Partý pappadiskar 10 saman 149,-

**KLINKIÐ**
LÁGVÖRUMARKAÐUR
...ótrúleg verð

"Chicco"
Regnhlífarkerra
Poki og plast fylgir
Fæst í bláu, appelsínugulu
og mosagrænu.
Fá eintök eftir.
9.999,-



"Herðatré"
5 í pakka
3 litir
199,-



Tekk garðborð, stækkanlegt 170-210 cm x 100 cm

ATHUGIÐ VERÐIÐ AÐEINS 39.999,- Fá eintök Fyrstir koma fyrstir fá

"Jordan"
Tannbursti með
geymsluboxi.
Flottur í fríið.
99,-



KOMDU, SJÁÐU OG SPÁÐU Í VERÐIÐ...

**FAXAFEN 8 OUTLET CENTER**

Opnunartímar Mánud. til Laugard. 10 - 18 Sunnudaga 12 - 17

Sími: 5684892

klinkid@klinkid.is

# Gengið í minningu þvottakvenna



GÖNGUGJÖRNINGUR Hugmyndin að göngunni kviknaði hjá listamönnum Start Art, en hún er farin í minningu þvottakvenna sem gengu inn í Laugardal og Laugavegurinn var lagður gagngert fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hugmyndin vaknaði hjá listamönnum sem reka Start Art á Laugavegi 12a og voru að velta fyrir sér að það væri orðin döpur ásýnd á Laugaveginum,“ segir Harpa Björnsdóttir verkefnastjóri um göngugjörning sem ber heitið Lauga vegurinn 2009 - gengið á vit sögunnar. Gangan er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og er farin í minningu þvottakvenna sem gengu inn í Laugardal og Laugavegurinn var lagður gagngert fyrir. Fólki á öllum aldri er velkomið í gönguna sem tekur um 30 til 40 mínútur, en hún hefst klukkan 13 í dag við útitaflið á Lækjartorgi og endar við gömlu þvottalaugarnar. Göngufólk tekur með sér, eða fær afhent við útitaflið, flík eða þvott sem það ber á táknrænan hátt í samfelldum straumi upp Laugaveginn.

„Við í Start Art lítum á þennan gjörning sem gjöf til Reykvíkinga því hver sem tekur þátt er að gefa sjálfum sér gjöf með því að taka þátt í listaverki,“ segir Harpa og vonar að sem flestir mæti til að heiðra minningu þvottakvennanna sem urðu til þess að Laugavegurinn varð til. Í Start Art býðst fólki að taka þátt í sápugerð, en meðfram göngunni munu 35 myndlistarmenn, leiklistarnemar, kórar og lúðrasveitir sýna listir sínar. Í Laugardal flytur Nýlókórinn gjörning ásamt Weird Girls og þvottaglöðum Reykvíkingum, hljómsveitin Parabólur ber bumbur og Vaskar konur spila á harmónikkur auk fleiri atburða sem verða á dagskrá á þessum mikla þvottadegi.

**- ag**

# Hamarinn sýndur í Róm

**Íslenska sjónvarpsþáttaröðin Hamarinn hefur verið valin til að keppa á alþjóðlegri sjónvarpshátíð í Róm. Þættirnir hafa þó ekki verið sýndir á Íslandi.**



TIL ÍTALÍU Reynir Lyngdal er leikstjóri Hamarsins. Hann telur séríslenskt yfirbragð hafa heillað ítölsku dómnefndina.

„Þetta er svona Cannes fyrir sjónvarp, þarna eru allar helstu sjónvarpsþáttaseríurnar frá Bretlandi og Bandaríkjunum og svo við frá litla Íslandi, það verður gaman að keppa þarna við stóru karlana,“ segir Reynir Lyngdal, leikstjóri hjá Pegasus. Sjónvarpsþáttaserían Hamarinn, sem Reynir leikstýrir, keppir um aðalverðlaun á hátíð sem ber nafnið Roma Fiction Fest International og hefur smám saman verið að fikra sig upp metorðastigann hjá stóru sjónvarpsþáttaframleiðendunum úti í heimi. Hamarinn keppir í svokölluðum miniseries-flokki en það eru sjónvarpsþáttaraðir með færri en sex þætti, samkvæmt evrópskum stöðlum, en hátíðin fer fram dagana 6.-11. júlí.

Hátíðin í fyrra þótti takast með eindæmum vel og skipuleggjendur hennar eru staðráðnir í að endurtaka leikinn. Á rauða dreglinum þá mátti sjá stjörnur úr Beðmálum borgarinnar, Lífsháska, Law & Order og loks heiðraði Óskarsverðlaunahafinn Helen Mirren hátíðina með nærveru sinni og míni-seríunni Elizabeth I. „Við fengum að vita þetta á föstudaginn og höfum ekki hugmynd um hverjir keppa á móti okkur,“ segir Reynir og svo ný virðast þessi tíðindi að ekki var hægt að finna neinar upplýsingar um það á heimasíðu hátíðarinnar.

Það sem gerir þennan árangur Hamarsins kannski enn merkilegri er að þættirnir hafa ekki enn komið fyrir sjónir Íslendinga. Hamarinn var hluti af samningi RÚV og Ólafsfells, fyrirtækis Björgólfs Guðmundssonar, en þegar bankarnir hrundu fór allt í baklás. Sýningu þáttanna var frestað fram á haust en eftir því sem Reynir best veit hefur fjárhagsleg hlið þáttanna nú verið kláruð. „Annars reynir maður bara að halda sig sem lengst frá peningahliðinni,“ segir Reynir .

Hamarinn verður væntanlega sýndur á hinum Norðurlöndunum strax næsta vetur.

**freyrgigja@frettabladid.is**


NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| STAR TREK | kl. 10 | 10 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 2 - Íslenskt tal | L |
| 17 AGAIN | kl. 2, 4, 6 og 8 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 1:30 - 4 - 8 - 10:20 | VIP |
| HANNAH MONTANA | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30 | L |
| STAR TREK XI | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NEW IN TOWN | kl. 8:20 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 2D - 4D - 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 4 - 6 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| BEVERLY HILLS CHIHUAHUA m/ísl.tali | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| JONAS BROTHERS 3D | kl. 6(3D) | L |
| STAR TREK XI | kl. 8D - 10:30D | 10 |
| HANNAH MONTANA | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| LOFTLEIÐIR | kl. 3D - 5:30D sýn fer fækkandi | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 2D - 4D | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 1(3D) | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:20 síð sýn | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| X MEN - ORIGINS WOLVERING | kl. 8 | 14 |
| NEW IN TOWN | kl. 8 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4 | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 4 | L |
| ALFREÐ ELÍASSON OG LOFTLEIÐAMYND | kl. 5:50 síð sýn | L |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 | L |
| THE UNBORN | kl. 10:20 | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10 | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 2 - 4 | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 6 | L |
| STAR TREK XI | kl. 10 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| THE UNBORN | kl. 10:10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 1-3.20-5.40-8-10.20 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 LÚXUS | kl. 1-3.20-5.40 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 1-3-5-6-8-9-10.50 | 14 |
| ANGELS & DEMONS LÚXUS | kl. 8-10.50 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 1-3.20-5.40-8-10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 1 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.20-5.40-8-10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 3-6-9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 6-9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3.40-10 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4-6-8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.20-5.40-8-10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 2.30-5.30-8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3.20-5.40-8-10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 3-8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.40-10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 4-6-8-10 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 3.30-6-9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR










HANNAH MONTANA
kl. 1.30 í Álfabakka, Kringlunni og í Keflavík
kl. 2 á Akureyri

STÍGVÉLAÐI KÖTTUR ísl tali
kl. 2 í Álfabakka Kringlunni og á Akureyri
kl. 4 á selfossi.

CHIHUAHUA M/ÍSL TALI
kl. 2 í Álfabakka

MONSTERS VS ALIENS M/ÍSL TALI
kl. 1.30 í Álfabakka kr. 550
kl. 4 á Selfossi
kl. 1 í kringl í þrívídd kr 850

# Buxnaskjónar vann

Upphitun fyrir AIM festival, alþjóðlegu tónlistarhátíðina á Akureyri sem hefst 29. maí, fór fram á uppstigningardag með hljómsveitakeppninni Besti byrjandinn. Fimm hljómsveitir tóku þátt og bar Buxnaskjónar sigur úr býtum. Hún mun því hita upp á sjálfri hátíðinni fyrir Stórsveit Akureyrar á tónleikum á Græna hattinum 30. maí. Dómarar í keppninni voru útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson, Baldvin Esra Einarsson hjá Kimi Records og Margrét Buhl myndlistarkona.

Á meðal þeirra sem koma fram á AIM-festival í ár eru Hjálmar, Retro Stefson, Stórsveit Akureyrar, Stórsveit Reykjavíkur ásamt Bob Mintzer, Reykjavík!, Sudden Weather Change og Ný dönsk.



**BUXNASKJÓNAR** Buxnaskjónar vann hljómsveitakeppnina Besti byrjandinn sem fór fram á Akureyri.

Hægt er að skoða dagskrána nánar á síðunni Aimfestival.is.

# Enn líf í Eminem

Nýja Eminem platan byrjar á samtali Eminem við Dr. West. Hann er að útskrifast úr meðferðinni: „…ég hef bara eina spurningu enn. Hvað geri ég ef ég er staddur innan um fólk sem er að drekka?“ spyr Eminem og Dr. West svarar: „Færð þér drykk maður, slakar aðeins á…“ Byrjunin er í stíl við ótal bófarappplötur, en núna er baráttan ekki við einhverjar klíkur heldur fíknina. Relapse er mjög lituð af þessari baráttu. Orðið relapse er notað um það að falla aftur eftir áfengismeðferð (Eminem er líka fallinn í plötubindindinu) og hönnun umslagsins tekur mið af pilluboxum og læknisvottorðum, en Eminem var djúpt sokkinn í pillurnar líkt og mamma hans eins og við fáum að heyra í laginu My Mom. „I am my Mom,“ segir hann…

Það eru fimm ár síðan síðasta Eminem-plata kom út og maður var þá alveg búinn að fá nóg af honum. Ég átti ekkert sérstaklega von á því að ég myndi nenna að hlusta á þessa plötu, en hún er betri en ég þjóst við. Þó að fíknin sé rauði þráðurinn þá er stíllinn kunnuglegur. Eminem kann greinilega enn að búa til rímur og hann lætur eitt og annað flakka.

Tónlistarlega er margt gott hér, enda sér Dr. Dre um taktana í flestum lögunum. Þeir eru margir frekar einfaldir og fyrst og fremst gerðir til að styðja við textana. Það eina sem hægt er að finna að plötunni er að hún er of löng. Hún heldur manni ekki alveg í þessar 76 mínútur.

**Trausti Júlíusson**



**TÓNLIST**

**Relapse**

Eminem

★★★

Eminem kominn á beinu brautina. Relapse sýnir að hann hefur enn eitthvað að segja og taktarnir hjá Dr. Dre klikka ekki.



**TOMKAT** Katie Holmes og Tom Cruise ætla að búa í Ástralíu í þrjá mánuði í sumar.

# Hlakkar til Ástralíufarar

**Katie Holmes hlakkar mikið til að ferðast til Ástralíu þar sem tökur fara fram á nýjustu mynd hennar Don´t Be Afraid of the Dark. Tökurnar hefjast í sumar og ætlar Holmes að dvelja í þrjá mánuði í landinu ásamt eiginmanni sínum Tom Cruise og dóttur þeirra Suri.**

**Myndin fjallar um unga stúlku sem flytur inn til föður síns og nýrrar kærustu hans. Kemst stúlkan fljótlega að því að ókunnar verur sitja um hana. „Ég hlakka mikið til. Myndin byggist á góðri persónusköpun. Hún fjallar aðallega um það hvernig er að verða móðir. Á sama tíma gerast óvæntir hlutir,“ sagði Holmes.**

# Vildi fá Arnold í hlutverk

Leikarinn Christian Bale reyndi að fá Arnold Schwarzenegger til að leika í nýjustu mynd sinni, Terminator Salvation, fjórðu myndinni í Terminator-seríunni.

Þessi nýja mynd er sú fyrsta í Terminator-seríunni þar sem Arnold er ekki á meðal leikara. Undanfarin ár hefur hann verið upptekinn sem ríkisstjóri Kaliforníu og látið leiklistina sitja á hakanum. „Ég held að hann hafi öðrum, mikilvægari hnöppum að hneppa,“ sagði Bale. „Ég fór til hans áður en tökur hófust og sagði honum hversu mikilvægt það væri að heiðra það sem hann hefur sett af stað. Hann er mjög jákvæður náungi en hann vildi að íbúar Kaliforníu vissu að hann tæki starf sitt sem ríkisstjóra mjög alvarlega.“



**CHRISTIAN BALE** Bale reyndi að fá Arnold Schwarzenegger til að leika í fjórðu Terminator-myndinni.




## > Glæsilegur sigur á Finnum

Norðurlandamót yngri landsliða er í fullum gangi í Svíþjóð þessa dagana og voru öll lið Íslands að spila í gær. U-18 lið kvenna tapaði fyrir Noregi og Danmörku og hefur lokið keppni. U-16 lið kvenna tapaði fyrir Svíum, rétt eins og U-16 lið karla. Strákarnir eiga þó enn möguleika á að komast í úrslitaleikinn í sínum flokki en þarf að vinna Dani með fimmtán stiga mun í dag. U-18 lið karla vann glæsilegan sigur á Finnum í dag, 70-49. Liðið hefur unnið tvo af fyrstu þremur leikjum sínum í mótinu og kemst í úrslitaleikinn með sigri á Noregi á morgun.




# sport

sport@frettabladid.is

**GYLFI ÞÓR ORRASON:** SKILUR SJÓNARMIÐ MILAN STEFÁNS JANKOVIC

## *Hefur komið til tals að „refsa“ dómurum*

Milan Stefán Jankovic hætti sem aðalþjálfari Grindavíkur í vikunni og í samtali við Fréttablaðið á miðvikudaginn sagðist hann ekki lengur geta starfað við þær aðstæður sem eru í kringum dómgæslu hér á landi. Hann hætti eftir að hans lið, Grindavík, tapaði fyrir Fjölni á mánudagskvöldið en hann var afar ósáttur við dómgæslu leiksins. Hann fékk tveggja leikja bann fyrir framgöngu sína.

„Dómarinn á líka að fá sína refsingu,“ sagði Jankovic. „Það gerist í öllum öðrum löndum heimsins að dómurum sé refsað fyrir slæma frammistöðu.“

Gylfi segir að vissulega hafi verið rætt um að „refsa“ dómurum. En hann segir ástæðuna fyrir því að það hafi ekki verið gert einfalda.

„Við erum ekki með það stóran hóp dómara að við ráðum við það,“ sagði Gylfi í samtali við Fréttablaðið. „Við höfum samt fullan skilning á þessu sjónarmiði án þess að ég ætli að fjalla um þennan eina leik. En staðan er þannig í dag að við eigum ekki nógu marga toppdómara til að ráða við slíkar aðgerðir. En vonandi stendur það til bóta.“

Hann segir að þessi umræða sé ekki að koma upp í fyrsta skipti nú.

„Þetta mál kemur alltaf upp í hvert skipti sem mistök verða. Hérna er verið að tala um víti sem átti ekki að vera en það sem mér finnst vanta í umræðuna er að leikmaðurinn henti sér niður. Hver er því hinn raunverulegi skúrkur, ef tilfellið er að ekki hafi verið brotið á honum? Dómarinn mun samkvæmt því hafa fallið í gildru leikmannsins.“



Hann gefur annars lítið fyrir þær skýringar sem Jankovic hefur gefið fyrir uppsögn sinni. „Ég held að Janko hafi beðist lausnar vegna þess að Grindavík tapaði fyrstu þremur leikjunum sínum í mótinu. En hann ákvað að vera áfram hjá félaginu og sýnir það vel hvernig mann hann hefur að geyma – að hann heldur áfram að starfa hjá Grindavík,“ sagði Gylfi en Jankovic mun starfa sem aðstoðarþjálfari Luka Kostic sem var ráðinn í hans stað.

„En yfirleitt tel ég að í langflestum tilfellum tapi lið fótboltaleikjum vegna þess að þau eru lélegri en andstæðingurinn.“

Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins

Boltavaktin:

## Fáðu Boltavaktina í símann

**FÓTBOLTI** Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins hefur fengið góð viðbrögð hjá notendum Vísis í sumar líkt og í fyrra.

Nú geta viðskiptavinir Vodafone fengið Boltavaktina í símann hjá sér og það að kostnaðarlausu fram að mánaðamótum. Eftir það kostar þjónustan 99 kr. á viku.

Símnotendur geta þar með fengið upplýsingar um byrjunarlið, innáskiptingar, markaskorara og stoðsendingar að ógleymdri sjálfri textalýsingunni.

Um 200 mismunandi tegundir símtækja styðja þjónustuna sem veitt er gegnum vefsíðuna Vodafone live.

Allar íþróttafréttir Vísis eru einnig aðgengilegar í Vodafone live án endurgjalds.



**BARÁTTA** HK varð í gær fyrsta liðið til að vinna Víking frá Ólafsvík í 1. deild karla í gær. Hér er hart tekist á því í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚRSLIT

### *Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| Stjarnan - ÍR | 3-0 |
| Keflavík - Breiðablik | 1-6 |
| Valur - GRV | 6-0 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjarnan | 4 | 4 | 0 | 0 | 11-1 | 12 |
| Valur | 4 | 3 | 0 | 1 | 21-5 | 9 |
| Fylkir | 3 | 3 | 0 | 0 | 14-2 | 9 |
| Breiðablik | 4 | 3 | 0 | 1 | 15-5 | 9 |
| Þór/KA | 3 | 2 | 0 | 1 | 15-6 | 6 |
| KR | 3 | 1 | 0 | 2 | 7-4 | 3 |
| Afture./Fjöln. | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-9 | 3 |
| GRV | 4 | 1 | 0 | 3 | 3-14 | 3 |
| Keflavík | 4 | 0 | 0 | 4 | 2-21 | 0 |
| ÍR | 4 | 0 | 0 | 4 | 2-27 | 0 |

### *1. deild karla*

| | |
|---|---|
| Þór - ÍR | 1-2 |
| Afturelding - Haukar | 1-1 |
| HK - Víkingur, Ólafsvík | 4-1 |
| Selfoss - Víkingur, Reykjavík | 1-0 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HK | 3 | 2 | 1 | 0 | 8-3 | 7 |
| Selfoss | 3 | 2 | 1 | 0 | 7-3 | 7 |
| Haukar | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-2 | 7 |
| Víkingur, Ó. | 3 | 2 | 0 | 1 | 6-6 | 6 |
| KA | 3 | 1 | 2 | 0 | 3-1 | 5 |
| Afturelding | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-4 | 4 |
| Þór | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-4 | 3 |
| Fjarðabyggð | 3 | 1 | 0 | 2 | 5-6 | 3 |
| ÍR | 3 | 1 | 0 | 2 | 5-9 | 3 |
| Leiknir | 3 | 0 | 2 | 1 | 1-3 | 2 |
| Víkingur, R. | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-4 | 1 |
| ÍA | 3 | 0 | 1 | 2 | 3-8 | 1 |

# Grunaði aldrei að innköst Delap myndu skila kirkjunni peningum

**Séra Guðni Már Harðarson, prestur í Lindakirkju, er einn af þeim Íslendingum sem fjárfestu í Stoke City á sínum tíma. Sú fjárfesting er loksins að skila einhverju til baka en fjárfestar fá 35 prósent fjárins til baka vegna góðs gengis liðsins síðustu tvö ár. Guðni Már ætlar að styrkja kirkjuna sína með Stoke-peningunum.**



**STOKE-PRESTUR** Séra Guðni Már er enn harður stuðningsmaður Stoke. Hann er hér í Stoke-treyjunni í vinnunni og sést setja peninga í söfnunarbaukinn. Stoke-peningarnir sem hann fær vonandi næsta haust munu einnig fara í þennan bauk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** Það var lengi vel hlegið að þeim sem datt í hug að setja peninga í Stoke-ævintýrið á sínum tíma. Sögðu menn að gáfulegra hefði verið að fjárfesta í íslensku bönkunum. Þeir sem það sögðu hlæja ekki mikið í dag að mati séra Guðna Más Harðarsonar, prests í Lindakirkju, enda er Stoke-ævintýrið loksins að gefa peninga til baka á meðan bankarnir fóru í hrun.

„Daginn sem hinum almenna Íslendingi býðst að kaupa í Stoke fer ég af stað með alla fermingarpeningana mína og kaupi alveg um leið. Svo um kvöldið fer ég í mat til tengdaföður míns heitins. Hann var þá að vinna sem bankastjóri og hafði eðlilega mikið vit á fjármálum.

Þegar við sitjum og borðum kemur í fréttunum að Íslendingum hafi boðist að kaupa hlutabréf í Stoke í dag. Þá glymur í tengdaföður mínum að það sé allt eins hægt að henda peningum út um gluggann eins og að kaupa í Stoke.

### Sagði konunni ekki frá kaupunum í nokkur ár

„Mér svelgdist á við matarborðið því um leið spyr konan mín að því hvort ég hafi nokkuð verið að kaupa í Stoke. Ég neitaði því að sjálfsögðu og þorði ekki að segja henni frá því næstu þrjú til fjögur árin. Enda var mikið gert grín að því í brúðkaupinu okkar,“ segir Guðni Már og hlær dátt þegar hann rifjar upp þennan eftirminnilega dag en þá var Guðni sjálfur nítján ára gamall.

Ástæðan fyrir því að Guðni Már ákvað að fjárfesta í Stoke var sú sama og hjá fjölmörgum Íslendingum sem tóku þátt í ævintýrinu – ofurtrú á þjálfaranum Guðjóni Þórðarsyni.

„Guðjón var ástæðan fyrir því að ég keypti, ekki spurning. Ég hafði ofurtrú á manninum og hæfileikum hans sem þjálfara. Ég hef mátt þola ýmis skot yfir þessari fjárfestingu í mörg ár frá einhverjum Kaupþingsstrákum og svona. Þeir eru náttúrlega ekki mikið að hlæja núna enda eru þeir ekki að fá neitt til baka af sínum fjárfestingum.“



**TRÚÐU Á GUÐJÓN** Guðni Már fjárfesti í Stoke þar sem hann hafði ofurtrú á Guðjóni Þórðarsyni eins og fleiri Íslendingar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Íslendingarnir sem keyptu félagið gáfust upp á endanum þar sem ekki fengust neinir aðilar til þess að setja frekari peninga í verkefnið. Þegar Stoke Holding seldi félagið var sett í samninga að ef liðinu tækist að komast upp um deild á næstu fimm árum myndu fjárfestar fá til baka 25 prósent af því sem þeir höfðu fjárfest fyrir. Önnur tíu prósent áttu svo einnig að renna í vasa íslensku fjárfestanna ef liðinu tækist að halda sér uppi í efstu deild. Þetta tvennt hefur gengið eftir.

„Við áttum að fá 25 prósent í fyrra en þeir peningar hafa ekki enn skilað sér. Ég vænti þess að báðar þessar greiðslur skili sér þá bara í einu lagi núna. Mér skilst að það hafi um 200-300 Íslendingar fjárfest í Stoke á sínum tíma og því ættu að koma 100-150 milljónir til Íslendinganna og það í erlendum gjaldeyri,“ segir Guðni Már en eins og má lesa í viðtalinu við Gunnar Þór Gíslason hér til hægri verður einhver bið á því að fjárfestarnir sjái þessa peninga.

### Búinn að afskrifa peningana úr heimilisbókhaldinu

Guðni Már fylgist enn vel með Stoke og styður félagið með ráðum og dáð. Hann segir að raunverulegi sigurvegarinn í þessu ævintýri sé Peter Coates, maðurinn sem seldi Íslendingunum félagið og keypti það aftur til baka.

„Coates seldi Íslendingunum félagið á fínan pening. Þeir settu haug af peningum í Stoke, styrktu leikmannahópinn, komu því upp um deild og þurftu svo að selja Coates félagið aftur fyrir minni pening en Íslendingarnir keyptu það á sínum tíma,“ segir Guðni.

Presturinn og íþróttaáhugamaðurinn Guðni er eins og áður segir prestur í Lindakirkju. Sú kirkja er ekki fullkláruð og Guðni hyggst styrkja kirkjuna sína með Stoke-peningunum.

„Ég var búinn að afskrifa þessa peninga úr heimilisbókhaldinu og átti aldrei von á þeim. Ef þeir koma, sem ég vona að þeir geri, þá fara þeir í söfnun sem kirkjan er með enda þarf að klára bygginguna,“ segir Guðni Már.

Ef aðrir Stoke-hluthafar hafa áhuga á að gera slíkt hið sama má nálgast upplýsingar um hvernig best sé að styrkja kirkjuna á heimasíðu kirkjunnar, www.lindakirkja.is.

Guðni Már segir að það hafi verið skemmtilegt að taka þátt í þessu ævintýri og sér alls ekki eftir því að hafa spilað með á sínum tíma.

„Ég sé ekkert eftir þessu og þetta hefur bara verið skemmtilegt. Ég skal samt fúslega viðurkenna að aldrei átti ég von á því að ofurinnköst Rory Delap myndu enda í kirkjusjóði Lindakirkju. Það er lyginni líkast,“ sagði Guðni Már Harðarson prestur, kátur að lokum.

henry@frettabladid.is

Gunnar Þór Gíslason, fyrrverandi stjórnarformaður Stoke Holding, um peningana sem eiga að skila sér:

# Peningarnir eru fastir í banka í Lúxemborg

**FÓTBOLTI** Eins og fram kemur í viðtalinu við séra Guðna Má Harðarson hér til vinstri þá áttu íslensku fjárfestarnir í knattspyrnufélaginu Stoke City að fá greiðslu frá Stoke Holding síðasta haust þar sem Stoke komst upp í úrvalsdeild. Sú greiðsla hefur ekki skilað sér.

Önnur greiðsla á að berast til fjárfestanna á þessu ári þar sem liðinu tókst að halda sæti sínu í efstu deild.

Fréttablaðið sló á þráðinn til Gunnars Þórs Gíslasonar, fyrrverandi stjórnarformanns Stoke Holding, og spurði hann um afdrif peninganna.

„Það er ekki búið að borga út til hluthafanna, það er rétt. Þeir munu því fá þetta í einni greiðslu en það verður ekki fyrr en seint í sumar í fyrsta lagi. Það var ekki hægt að greiða þetta út í fyrra þar sem peningarnir festust í bankahruninu,“ segir Gunnar Þór en eru þessir peningar til?

„Það erum við að vona. Peningarnir eru í Kaupþingi í Lúxemborg. Sá banki er í greiðslustöðvun og við vitum ekki hvað verður fyrr en því ferli lýkur. Á meðan eru peningarnir fastir í bankanum. Svo hefur líka verið erfitt að ná peningum frá kaupendunum en þeir eru búnir að borga núna það sem þeir áttu að borga,“ segir Gunnar Þór sem réði flestu hjá Stoke meðan á ævintýrinu stóð.

Gunnar segir ánægjulegt að fylgjast með því hversu vel gangi hjá Stoke og hann gráti ekkert í koddann yfir því að hafa þurft að selja félagið á sínum tíma.

„Það er ágætt að fylgjast með úr fjarlægð. Liðið stendur sig vel og við fögnum því. Þetta hefur ekki gerst af sjálfu sér. Það þarf að fjárfesta til að ná þessum árangri. Við vorum búnir með okkar peninga og það sýndu engir aðilar áhuga á að taka þátt í þessu lengur með okkur. Þessu var því sjálfhætt á sínum tíma,“ segir Gunnar Þór, sem segist enn styðja félagið.

Hann hefur ekki farið mikið utan til að fylgjast með liðinu síðan hann hætti að starfa hjá félaginu en fór þó utan í fyrra og sá einn leik.

„Það var mjög gaman og ég horfi líka á leiki með öðrum liðum og hef gaman af,“ segir Gunnar Þór Gíslason, fyrrverandi stjórnarformaður Stoke Holding. - hbg



**GUNNAR ÞÓR GÍSLASON** Vonast til þess að geta greitt hluthöfum í Stoke á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**BYRJAR VEL** Halldór Orri Björnsson hefur átt þátt í 5 mörkum í fyrstu 3 leikjum sínum í úrvalsdeild. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pepsi-deild karla í fótbolta:

## Stjörnumenn eiga þá þrjá marksæknustu

**FÓTBOLTI** Steinþór Freyr Þorsteinsson, Halldór Orri Björnsson og Arnar Már Björgvinsson voru langt frá því að vera þekktustu nöfn Pepsi-deildar karla fyrir tímabilið. Tveir þeir síðastnefndu höfðu aldrei spilað í úrvalsdeild karla og Steinþór hafði fengið fá tækifæri með Blikunum.

Þessir þrír eru hins vegar búnir að slá í gegn í fyrstu þremur umferðum Pepsi-deildar karla og eiga mikinn þátt í því að Stjörnuliðið situr eitt í efsta sætinu með fullt hús og tólf mörk í aðeins þremur leikjum. Þeir Steinþór, Halldór og Arnar Már eru nú þeir þrír leikmenn sem hafa átt þátt í flestum mörkum í Pepsi-deild karla í fyrstu þremur umferðunum.

Arnar Már er markahæsti maður deildarinnar með 4 mörk á aðeins 80 spiluðum mínútum eftir að hafa skorað tvisvar tvö mörk eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

Steinþór hefur gefið flestar stoðsendingar, fimm talsins, auk þess að eiga stóran þátt í undirbúningi þriggja annarra marka. Hann hefur komið við sögu í níu af tólf mörkum Stjörnuliðsins en telst hafa átt þátt í sex mörkum með beinum hætti.

Halldór Orri er síðan eini leikmaður deildarinnar sem hefur bæði skorað fleiri en tvö mörk og gefið fleiri en tvær stoðsendingar. Halldór Orri hefur skorað 2 mörk og gefið 3 stoðsendingar í fyrstu þremur leikjum sínum í efstu deild

Til að teljast eiga þátt í marki þarf leikmaður að skora, gefa stoðsendingu, fiska víti sem gefur mark eða að skoti hans er fylgt á eftir og skorað. - óój

**ÞÁTTUR Í FLESTUM MÖRKUM SINNA LIÐA:**

| | |
|---|---|
| Steinþór Freyr Þorsteins., Stjörnunni (1 mark + 5 undirbúin) | 6 |
| Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni (2 mörk + 3 undirbúin) | 5 |
| Arnar Már Björgvinsson, Stjörnunni (4 mörk + 0 undirbúin) | 4 |
| Alfreð Finnbogason, Breiðabliki (3 mörk + 0 undirbúin) | 3 |
| Jónas Grani Garðarsson, Fjölni (2 mörk + 1 undirbúið) | 3 |
| Gunnar Örn Jónsson, KR (1 mark + 2 undirbúin) | 3 |


60 ára 1949 2009

AFMÆLISHÁTÍÐ ÞRÓTTAR

FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Í LAUGARDALNUM 23. MAÍ

Þróttur heldur upp á 60 ára afmælið á þessu ári og eru allir vinir Þróttar og íbúar í nágrenni Laugardalsins boðnir hjartanlega velkomnir á afmælishátíð félagsins laugardaginn 23. maí. Okkur þætti vænt um að sjá sem allra flesta samankomna á gervigrasvelli félagsins og í félagshúsi Þróttar, - milli Laugardalshallar og Laugardalsvallar. Eigum skemmtilegan dag saman.

Dagskráin

Kl. 13:30 **Ávarpi formann Þróttar,** Jórunn Frímannsdóttir

**Frumflutningi á Þróttarlagi** sem Andri Björn Róbertsson flytur.

**Felix Bergs** mætir á staðinn, verðlaun veitt í mynda- og ljóðasamkeppninni.

**Efnilegar skólahljómsveitir** úr hverfinu spila.

**Elísabet Ormslev** syngur

**Ceres 4** frumflytur 2 lög af plötunni sinni

**Dóri Gylfa og Ottó Tynes** syngja og leika

**Köttararnir** koma síðan öllum í stuð og lýkur formlegri dagskrá um kl. 15:30 með því að köttarinn er sleginn úr tunn-unni.

**Skrúðganga** verður síðan yfir á Valbjarnarvöll en þar fer fram stórleikur **Þróttar og Fjölnis** í Pepsí deild karla sem hefst kl. 16:00.

Þróttarar sem mæta á hátíðina geta nálgast boðsmiða á leikinn í félagshúsinu.

**Meðal annarra viðburða á Þróttar-svæðinu:**

**Veitingar**
**Risa afmælisterta**, bragðgóð og næringarrík, kaffi og gos. Ís fyrir börnin.

**Andlitsmálun**

**Hoppukastalar**

**Myndirnar í myndasamkeppninni** til sýnis í stóra salnum.

**Bílaklúbburinn Krúser** verður með bílana sína til sýnis á bílaplaninu ef veður leyfir.

**Skómarkaður unglingaráðs** þar sem foreldrar geta komið með gömlu takkaskónna og fengið aðra í skiptum.

**Keppni í knattspyrnu á gervigrasinu** milli Voganna, Langholtsins og Laugarnessins.

**Handboltaleikur á gervigrasinu** Partillecupfarar Þróttar leika.

**Íslands- deildar og bikarmeistaratitlarnir í blaki** Bikarar meistarflokks karla í blaki sýndir.

**Kökubasar** hjá 5.fl. kvk í knattspyrnu.

**Áheitahlaup** hjá 5.fl. kk í knattspyrnu, hvetjum alla til að heita á strákana.

**Sumarstarfið** í Þrótti kynnt.

**Þróttarvarningur til sölu** á svæðinu, m.a. gamlar Þróttartreyjur ofl. ofl.

Nánar um viðburðina má finna á heimasíðu félagsins trottur.is

----

Meðal annarra viðburða í Laugardalnum þennan dag má einnig nefna:

**Laugavegurinn** - gengið á vit sögunnar Viðburður á Listahátíð Reykjavíkur sem endar við Þvottalaugarnar í Laugardalnum.



Þróttur - Fjölnir

PEPSI DEILDIN

Valbjarnarvöllur
laugardagur 23. maí kl. 16.00

Þróttarar sem mæta á fjölklyduhátíðina geta nálgast boðsmiða á leikinn í félagshúsinu.

BANDALAGIÐ

NÚ MÆTA ALLIR OG EIGA LUKKULEGAN LAUGARDAG MEÐ ÞRÓTTURUM

www.trottur.is

> **Dalai Lama**

„Öll helstu trúarbrögð fela í sér sömu skilaboðin: að ást, samúð og fyrirgefning séu mikilvægust í okkar daglega lífi.“

***Sjónvarpið sýnir í kvöld heimildarmynd um Dalai Lama, handhafa friðarverðlauna Nóbels og andlegan leiðtoga Tíbets.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40

### Sjálfstætt fólk



Viðmælandi Jóns er Sigrún Pálína Ingvarsdóttir sem sakaði séra Ólaf Skúlason um að hafa beitt sig kynferðislegu ofbeldi á 8. áratug síðustu aldar. Sigrún Pálína trúði fjölda fólks fyrir atburðinum, meðal annars prestum þjóðkirkjunnar. Málið varð þó ekki opinbert fyrr en löngu seinna en þá hafði Pála, eins og hún er kölluð, komist að því að fleiri konur höfðu svipaða sögu að segja. Konurnar ásökuðu Ólaf en hann fór fram á opinbera rannsókn sem síðar var látin niður falla. Það hrikti í stoðum kirkjunnar og málið varð einnig að valdabaráttu innan hennar. Pálu varð ekki vært hér á landi og hún ákvað að flýja land ásamt fjölskyldu sinni og setjast að í Danmörku. Hún segist samt aldrei hafa fengið uppreisn æru og nú vill hún að kirkjan biðji hana opinberlega afsökunar og hefur fallist á að segja okkur sögu sína.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Prison Break
### Stöð 2 kl. 21.00

Scofield-bræður snúa aftur í kvöld og nálgast óðfluga takmark sitt sem er að verða frjálsir menn. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Geirharður Bojng Bojng, Litla risaeðlan, Krakkarnir í næsta húsi, Refurinn Pablo, Algjör Sveppi, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli og Lóa, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra og Aðalkötturinn.

**10.35 Úlfasumar** (Ulvesommer) (e)

**12.00 Kastljós - Samantekt**

**12.35 Hvað ætli við vitum?** (e)

**14.30 Fótspor mannsins** (e)

**15.25 Fangar fortíðar** (e)

**16.30 Táknmálsfréttir**

**16.40 Meistaradeildin í handbolta karla** Bein útsending frá leik Kiel og Ciudad Real.

**18.25 Stundin okkar** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Fréttaaukinn** Fréttaþáttur í umsjón Boga Ágústssonar og Elínar Hirst.

**20.10 Anna Pihl** (Anna Pihl) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn. (5:10)

**20.55 Rauði sprotinn** (The Red Baton) Heimildamynd eftir Bruno Monsaingeon um rússneska tónlist frá 1917 til 1990 og hljómsveitarstjórann Gennadij Rosdestvenskij.

**21.55 Dalai Lama svarar tíu spurningum** (10 Questions for the Dalai Lama) Margverðlaunuð heimildamynd um trúarleiðtogann Dalai Lama frá Tíbet.

**23.25 María full náðar** (Maria Full of Grace) (e)

**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.20** EastEnders **10.50** My Hero **11.20** My Hero **11.50** My Hero **12.20** The Weakest Link **13.10** The Chase **14.00** Dalziel and Pascoe **14.50** Dalziel and Pascoe **15.45** The Weakest Link **16.30** Any Dream Will Do **17.35** Doctor Who **18.20** The Chase **19.10** Jekyll **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Dalziel and Pascoe **21.40** The Chase **22.30** Jekyll **23.20** Dalziel and Pascoe

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Lalli, Þorlákur, Litla risaeðlan, Krakkarnir í næsta húsi, Refurinn Pablo, Algjör Sveppi, Gulla og grænjaxlarnir, Kalli og Lóa, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra og Aðalkötturinn.

**10.40 Underdog** Hundurinn Shoeshine sem fær ofurkrafta fyrir mistök á rannsóknarstofu. Jack er ungur drengur sem verður eigandi hans og saman berjast þeir gegn hinum illa Simon.

**12.00 Nágrannar**

**12.20 Nágrannar**

**12.40 Nágrannar**

**13.00 Nágrannar**

**13.25 American Idol** (37:40)

**14.10 American Idol** (38:40)

**15.00 Hell's Kitchen**

**15.55 Worst Week** (10:15)

**16.25 Two and a Half Men** (12:19)

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur** Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.59 Veður**

**19.10 Jamie At Home** (6:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best sé að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima.

**19.40 Sjálfstætt fólk** (36:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.

**20.15 Cold Case** (19:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

**21.00 Prison Break** (17:24)

**21.45 Damages** (12:13)

**22.30 Fringe** (18:21)

**23.20 60 mínútur**

**00.05 Twenty Four** (17:24)

**00.50 Have You Seen Andy?**

**02.10 The Door in the Floor**

**04.00 Cold Case** (19:23)

**04.45 Worst Week** (10:15)

**05.10 Two and a Half Men** (12:19)

**05.35 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.40 Gillette World Sport**

**08.10 Villarreal - Valencia**.

**09.50 Denver - LA Lakers** Útsending frá úrslitakeppni NBA.

**11.30 F1. Mónakó** Bein útsending.

**14.15 F1. Við endamarkið**

**14.45 Pepsímörkin 2009**

**15.45 Shakhtar Donetsk - Werder Bremen** Úrslitaleikur í Evrópukeppni félagsliða.

**17.35 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**18.05 The Science of Golf**

**18.30 Inside the PGA Tour**

**19.00 HP Byron Nelson Championship** Bein útsending.

**22.00 F1. Við endamarkið**

**22.30 Denver - LA Lakers** Útsending frá úrslitakeppni NBA.

**00.10 NBA tilþrif**

**00.35 Orlando - Cleveland** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.50 Portsmouth - Sunderland**

**10.30 Premier League World**

**11.00 Goals of the Season**

**11.55 Goals of the Season**

**12.50 PL Classic Matches** Arsenal - Chelsea, 1996.

**13.20 PL Classic Matches** Liverpool - Chelsea, 1996.

**13.50 PL Classic Matches** Southampton - Middlesbrough, 1998.

**14.20 Premier League Preview**

**14.50 Aston Villa - Newcastle** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Hull - Man. Utd Sport 4. Liverpool - Tottenham Sport 5. Sunderland - Chelsea Sport 6. Arsenal - Stoke

**16.50 Hull - Man. Utd.** Bein útsending.

**18.30 4 4 2**

**19.40 Liverpool - Tottenham** Bein útsending .

**21.20 Sunderland - Chelsea** Bein útsending .

**23.00 Arsenal - Stoke** Bein útsending.

**00.40 4 4 2**

## EXTRA

**15.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

**16.00 Hollyoaks** (191:260)

**16.25 Hollyoaks** (192:260)

**16.50 Hollyoaks** (193:260)

**17.15 Hollyoaks** (194:260)

**17.40 Hollyoaks** (195:260)

**18.05 Seinfeld** (3:13)

**18.30 Seinfeld** (4:13)

**19.00 Seinfeld** (15:22)

**19.30 Seinfeld** (16:22)

**20.00 Idol stjörnuleit** (14:14) Leitinni að poppstjörnu Íslands lauk í Vetrargarðinum í Smáralind í síðustu viku. Í þessum þætti verða rifjuðu upp eftirminnilegustu atvikin.

**20.50 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.

**21.35 The O.C.** (22:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**22.20 Sjáðu**

**22.55 Seinfeld** (3:13)

**23.20 Seinfeld** (4:13)

**23.45 Seinfeld** (15:22)

**00.10 Seinfeld** (16:22)

**00.35 Idol stjörnuleit** (14:14)

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir

**19.00 Mér finnst** Katrín Bessadóttir, Hödd Vilhjálmsdóttir og Vigdís Másdóttir

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson

**21.00 Maturinn og lífið** Fritz Jörgensen

**21.30 Ákveðin viðhorf** Ingibjörg Rósa Björnsdóttir og Áslaug Einarsdóttir

**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson

**23.00 Mér finnst** Katrínar Bessadóttir, Hödd Vilhjálmsdóttir og Vigdís Másdóttur

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**11.40 Rachael Ray** (e)

**12.25 Rachael Ray** (e)

**13.10 Rachael Ray** (e)

**13.55 Málefnið** (6:6) (e)

**14.35 The Game** (15:22) (e)

**15.00 The Game** (16:22) (e)

**15.25 America's Funniest Home Videos** (26:48) (e)

**15.50 All of Us** (6:22) (e)

**16.20 This American Life** (2:6) (e)

**16.50 What I Like About You** (2:24)(e)

**17.15 90210** (20:24) (e)

**18.05 America's Next Top Model** (e)

**18.55 The Biggest Loser** (17:24) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (27:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem frá venjulegum fjölskyldum.

**20.10 Psych** (13:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Shawn og Gus fá að leika sér með stóru strákunum í amerríska fótboltanum þegar sparkari eins liðsins hverfur sporlaust.

**21.00 Leverage** (6:13) Nate og félagar berjast við serbneska ættleiðingarstofu sem féflettir bandarísk pör sem reyna að ættleiða munaðarlaus börn.

**21.50 Brotherhood** (4:10) Þrátt fyrir að Tommy sé staðráðinn í að hætta í stjórnmálum hefur Eileen áhyggjur af því að hann geti ekki sagt alveg skilið við pólitíkina. Declan og Cassie fara í rómantíska helgarferð sem fer öðruvísi en ætlað var. Michael hefur áhyggjur eftir atvik í grillveislu hjá Nozzolli-fjölskyldunni og ekki batnar það þegar hann finnur hvorki Kath né Colin.

**22.40 Boston Legal** (12:13) (e)

**23.30 Jay Leno** (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 The Murder of Princess Diana**

**10.00 Nacho Libre**

**12.00 Cars**

**14.00 The Murder of Princess Diana**

**16.00 Nacho Libre**

**18.00 Cars**

**20.00 House of D** Tom Warshaw er óhamingjusamur og stefnulaus en rifjar upp skrautleg æskuár sín til þess finna sjálfan sig.

**22.00 The Hoax**

**00.00 All the King's Men**

**02.05 Hellraiser. Inferno**

**04.00 The Hoax**

**06.00 Half Nelson**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Family Guy **10.55** SPAM - Din digitale medieguide **11.15** Chapper & Pharfar **11.30** Pigerne Mod Drengene **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Fantastiske mrs. Pritchard **13.40** Rytter på Island **14.10** Ridebanespringning. Grand Prix i Bernstorffsparken **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Når gorillaen er en chimpanse **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Landsbyhospitalet **18.00** Gasolin **19.00** TV Avisen **19.05** Kandidaterne 1 **19.45** Gasolin United **20.20** SportNyt med SAS liga **20.35** BlackJack **22.05** OBS **22.10** Dødens Detektiver

## NRK 1

**10.55** Drep ikke en sangfugl **13.00** Kunsten å bli kunstner **13.30** En reise til Asia med Berlinfilharmonikerne **14.30** Jorda rundt i 80 hager **15.30** Åpen himmel **16.00** Lennart og Kvirr **16.05** Ella på to stader **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** På dypet av Stillehavet **18.55** Illusjonisten **20.40** Festspillene i Bergen **21.10** Kveldsnytt **21.30** Slangebæreren **22.30** Hva skjer med toget?

## SVT 1

**10.20** Paradiset **11.20** Debatt **12.05** Fotboll under slöjan **13.00** The 90's - ett försvarstal **14.55** Babben & co **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hedebyborna **17.20** Konstverk berättar **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Mäklarna **18.30** Sportspegeln **19.15** Nip/Tuck **20.00** Språkresan **20.30** Härma naturen **21.00** Berlinerpopplarna




# Ný tónlist í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is




Lhasa - Lhasa




Eurovision 2009 Song Contest




Eminem - Relapse

## NÝ TÓNLIST Í SKÍFUNNI
























# 100 BESTU PLÖTUR Íslandssögunnar

Fást í Skífunni

## DVD FRÁ 999 KR.





> **Kevin Bacon**

„Ef þú tekur að þér hlutverk í kvikmynd og það skiptir þig engu máli hve stórt hlutverkið er, hversu mikið fé fer í myndina eða hve há laun þú færð, þá er það rétta hlutverkið fyrir þig.“

***Kevin Bacon leikur í myndinni Djúpt á sannleikanum sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON BROSIR GEGNUM KRÓKÓDÍLATÁRIN

# *Ef fegurðin fölnar er mér að mæta!*



Kóróna og veldissproti ungfrúar Íslands skiptu um hendur (og höfuð) í gærkvöldi. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hver hreppti hnossið, en það er líklega við hæfi að óska þeirri snót til hamingju með árangurinn. Vonandi hefur hún, eins og aðrir keppendur, öðlast aukið sjálfstraust með þátttökunni, eignast nýja vini og sofnað vært í gærkvöldi með colgate-bros á vör.

Það er þó líka við hæfi að upplýsa þá ljónheppnu stúlku, sem nú getur látið sig hlakka til að spranga um á baðfötum og háum hælum með lagningu fyrir alþjóðlega áhorfendur, um að samningurinn sem forsprakki keppninnar lét hana skrifa undir í upphafi er í besta falli verulega vafasamur og í versta falli gjörsamlega sið- og marklaust plagg. Þetta hefur raunar komið fram áður þegar ákvæði samningsins voru gerð opinber í Kastljósi á dögunum. En góð vísa er aldrei of oft kveðin.

Tökum dæmi: Ákveði keppnishaldarinn Arnar Laufdal að rifta samningnum við fegurðardísina eftir nokkra mánuði af því að honum finnst litarhaft hennar hafa færst upp eða niður um tón eða tvo (eins og hann áskilur sér rétt til í samningnum) eða af því að honum finnst andlegu formi hennar hafa hrakað (eins og hann áskilur sér rétt til í samningnum) og gefur síðan þær skýringar á brottrekstrinum að hún hafi – tja – til dæmis orðið uppvís að fíkniefnaneyslu, þjófnaði og hórdómi (eins og hann áskilur sér rétt til í samningnum) þá getur hún **víst** farið í mál við keppnina, þótt annað standi í samningnum, enda er sá réttur kirfilega varinn af 70. grein stjórnarskrárinnar.

En kannski er ekki rík ástæða til að velta samningnum mikið fyrir sér, enda kynni hann að breytast fyrirvaralaust, samanber 18. lið hans sem kveður á um að skipuleggjandinn megi „að geðþótta falla frá eða breyta einhverjum þessara skilmála“.

En ég endurtek: Til hamingju með titilinn.

## LAUGARDAGUR



▶ **11.45 F1. Mónakó, tímataka, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **18.00 Sjáðu** STÖÐ 2



▶ **19.35 Fjölskylda mín** SJÓNVARPIÐ




▶ **19.45 America's Funniest Home Videos** SKJÁREINN



▶ **20.00 Idol stjörnuleit** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pósturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Snillingarnir, Húrra fyrir Kela!, Elías knái, Hænsnakofinn, Ólivía og Fræknir ferðalangar.

**10.30 Leiðarljós** (e)

**11.10 Leiðarljós** (e)

**12.00 Kastljós** (e)

**12.35 Skólahreysti** (Úrslitakeppnin) (e)

**14.25 Húsbóndi á sínu heimili** (e)

**16.00 Svarta örin** (Black Arrow) (e)

**17.30 Hvað veistu? - Langskip víkinga**

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Lincolnshæðir** (7:13)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

▶**19.35 Fjölskylda mín** (My Family VII) (1:9) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans. Aðalhlutverk: Robert Lindsay, Zoë Wanamaker, Gabriel Thompson og Daniela Denby-Ashe.

**20.10 Tryllitækið** (The World's Fastest Indian) Nýsjálensk bíómynd frá 2005 um kappann Burt Munroe sem smíðaði sér vélhjól og setti á því hraðamet árið 1967. Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Iain Rea, Tessa Mitchell og Aaron Murphy. (e)

**22.15 Djúpt á sannleikanum** (Where the Truth Lies) Kanadísk bíómynd frá 2005. Blaðakona grennslast fyrir um ástæðu þess að tveir grínistar slitu samstarfi sínu eftir að þeir lík ungrar stúlku fannst á hótelherbergi þeirra. Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Colin Firth og Alison Lohman.

**00.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 27 Dresses**

**08.00 Amber Frey. Witness for the Prosecution**

**10.00 The Last Mimzy**

**12.00 Ástríkur og víkingarnir**

**14.00 Amber Frey. Witness for the Prosecution**

**16.00 The Last Mimzy**

**18.00 Ástríkur og víkingarnir**

**20.00 27 Dresses**

**22.00 Danny the Dog**

**00.00 16 Blocks**

**02.00 Æon Flux**

**04.00 Danny the Dog**

**06.00 House of D**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli á þakinu, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Lalli, Algjör Sveppi, Þorlákur, Blær, Refurinn Pablo, Sumardalsmyllan, Boowa and Kwala, Elías, Hvellur keppnisbíll, Svampur Sveinsson, Könnuðurinn Dóra, Flintstone krakkarnir og Kalli litli Kanína og vinir.

**11.35 Njósnaskólinn**

**12.00 Bold and the Beautiful**

**12.20 Bold and the Beautiful**

**12.40 Bold and the Beautiful**

**13.00 Bold and the Beautiful**

**13.25 Idol stjörnuleit** (14:14)

**14.30 Gossip Girl** (16:25)

**15.20 The New Adventures of Old Christine** (1:10)

**15.45 Ashes to Ashes** (1:8)

**16.40 Sjálfstætt fólk** (35:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.

**17.15 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

▶**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.45 Íþróttir**

**18.52 Lottó**

**19.00 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.30 Veður**

**19.35 Flicka** Hugljúf fjölskyldumynd um unga stúlku sem ákveður að taka að sér og temja villihest í þeim tilgangi að sýna og sanna fyrir föður sínum að hún hafi alla burði til þess að taka við búgarði hans þegar tími er til kominn.

**21.10 Poseidon**

**22.50 Network** Sígild verðlaunamynd Sidney Lumet frá 1976 sem gerist á sjónvarpsstöð og fjallar á afar trúverðugan hátt um hina eilífu togstreytu milli sjálfstæði fréttastofu og eignarhaldsins.

**00.50 Cow Belles**

**02.20 Amber Frey. Witness for the Prosecution**

**03.50 Marines**

**05.25 The New Adventures of Old Christine** (1:10)

**05.50 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.25 F1. Mónakó / Æfingar**

**08.55 F1. Mónakó / Æfingar**

**10.05 Inside the PGA Tour 2009**

**10.25 World Supercross GP**

**11.15 F1. Við rásmarkið**

▶**11.45 F1. Mónakó / Tímataka** Bein útsending frá tímatökunni.

**13.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**13.50 Pepsímörkin 2009**

**14.50 Keflavík - Fram** Bein útsending frá leik í Pepsídeild karla.

**17.00 Spænsku mörkin**

**17.30 Fréttaþáttur spænska boltans**

**18.00 Pepsímörkin 2009**

**19.00 Villarreal - Valencia** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

**21.00 Ultimate Fighter - Season** Fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**21.50 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**22.35 Keflavík - Fram** Útsending frá leik í Pepsídeild karla.

**00.30 Denver - LA Lakers** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.00 Premier League World**

**10.30 Newcastle - Fulham**

**12.10 Premier League Preview**

**12.40 PL Classic Matches** Tottenham - Newcastle, 1994.

**13.10 PL Classic Matches** Blackburn - Liverpool, 1995.

**13.40 Enska úrvalsdeildin. Chelsea - Everton** Útsending frá leik Chelsea og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**15.20 Liverpool - Arsenal**

**17.00 Season Highlights 2004 - 2005**

**17.55 Season Highlights 2004 - 2005**

**18.50 Football Rivalries**

**19.20 Football Rivalries**

**19.50 PL Classic Matches** Man United - Middlesbrough, 1996.

**20.20 PL Classic Matches** Liverpool - Chelsea, 1997.

**20.50 Man. Utd. - Man. City**

**22.30 Arsenal - Chelsea**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Rachael Ray** (e)

**12.45 Rachael Ray** (e)

**13.30 The Game** (12:22) (e)

**13.55 The Game** (13:22) (e)

**14.20 The Game** (14:22) (e)

**14.45 America's Funniest Home Videos** (24:48) (e)

**15.10 America's Funniest Home Videos** (25:48) (e)

**15.35 Leiðin að titlinum** (1:1) (e)

**16.25 Ungfrú Ísland 2009** (e)

**18.25 Survivor** (13:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru. (e)

**19.15 The Office** (19:19) Gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006. (e)

▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (26:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Nýtt útlit** (10:11) Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit. (e)

**21.00 Victoria's Secret Fashion Show 2008** Árleg tískusýning undirfatarisans Victoria's Secret.

**22.00 Ungfrú Ísland 2009** (e)

**00.00 Brotherhood** (3:10) (e)

**00.50 The Game** (14:22) (e)

**01.15 The Game** (15:22) (e)

**01.40 The Game** (16:22) (e)

**02.05 Jay Leno** (e)

**02.55 Jay Leno** (e)

**03.45 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson

**19.00 Mér finnst** Katrín Bessadóttir, Hödd Vilhjálmsdóttir og Vigdís Másdóttir

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson

**21.00 Frumkvöðlar** Elinóra Inga Sigurðardóttir

**21.30 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson

**22.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir

**23.00 Mér finnst** Katrín Bessadóttir, Hödd Vilhjálmsdóttir og Vigdís Másdóttir

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Ekki borga
15.000 kr.
að óþörfu!




**Þann 1. júní leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðaðar bifreiðar og vagna** (ekki ferðavagna) með **endastafinn 3 í bílnúmeri**. Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

Aðalskoðun

**Skoðunarstöðvar:**

**Reykjavík**
Skeifunni 5
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

**Kópavogur**
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344

www.adalskodun.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0855

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 14.50
### Keflavík - Fram



Hörkuviðureign suður með sjó þar sem Keflvíkingar taka á móti Fram. Síðast þegar þessi lið mættust í lokaumferðinni í fyrra var dramatíkin gríðarleg og misstu Keflvíkingar af Íslandsmeistaratitlinum þegar þeir töpuðu fyrir Fram, 1-2. Heimamenn eiga harma að hefna frá því í fyrra og ætla sér að byrja Pepsi-deildina af krafti í ár. Liðið er þekkt fyrir leiftrandi sóknarknattspyrnu en þarf að taka á hinum stóra sínum til að brjóta öflugan varnarleik Fram á bak aftur. Tvö af sterkustu liðum síðasta tímabils mætast í sannkölluðum stórslag sem enginn má láta fram hjá sér fara.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Poseidon
### Stöð 2 kl. 21.10

Stjörnum hlaðin endurgerð frá 2006 á samnefndri stórslysamynd frá 1972 sem fjallar um hetjulega baráttu farþega á sökkvandi skemmtiferðaskipi fyrir lífi sínu. Aðalhlutverk: Kurt Russell, Richard Dreyfuss, Josh Lucas og Jacinda Barrett.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Hringsól
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Hraustir menn
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Heimurinn dansar
**21.10** Gullöld revíunnar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**17.55 Nágrannar**
**18.15 Nágrannar**
**18.35 Nágrannar**
**18.55 Nágrannar**
**19.15 E.R.** (12:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
▶**20.00 Idol stjörnuleit** (14:14) Leitinni að poppstjörnu Íslands lauk í Vetrargarðinum í Smáralind í síðustu viku. Í þessum þætti verða rifjuð upp eftirminnilegustu atvikin og skemmtilegustu augnablikin.
**20.45 American Idol** (37:40) Úrslitaslagurinn er hafin í American Idol og aðeins 3 bestu eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.
**21.30 American Idol** (38:40) Nú kemur í ljós hvaða 2 keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**22.15 Ally McBeal** (1:21) Í fyrsta þætti nýrrar þáttaraðar öðlast Ally kynlífsreynslu sem slær John út af laginu. John stóð í þeirri meiningu að konur þyrftu að vera ástfangnar af elskhuga sínum til að geta notið kynlífs með honum.
**23.00 X-Files** (12:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**23.45 E.R.** (12:22)
**00.35 American Idol** (37:40)
**01.20 American Idol** (38:40)
**02.05 Sjáðu**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** The Inspector Lynley Mysteries **10.45** The Inspector Lynley Mysteries **11.30** EastEnders **12.00** EastEnders **12.30** EastEnders **13.00** EastEnders **13.30** The Weakest Link **14.15** The Inspector Lynley Mysteries **15.00** The Inspector Lynley Mysteries **15.45** The Weakest Link **16.30** Any Dream Will Do **17.30** Rob Brydon's Annually Retentive **18.00** Rob Brydon's Annually Retentive **18.30** Lead Balloon **19.00** Extras **19.30** Holby Blue **20.20** Rob Brydon's Annually Retentive **20.50** Lead Balloon **21.20** The Chase **22.10** Holby Blue **23.00** Rob Brydon's Annually Retentive **23.30** Lead Balloon

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Family Guy **10.55** S, P eller K **11.05** Boogie Update **11.40** S, P eller K **12.10** DR1 Dokumentaren. Stein Baggers bedrag **13.10** DR1 Dokumentaren. Tro, håb og Ikea **14.10** Skatteøen på Ledreborg **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Geniale dyr **17.30** Hvem ved det! **18.00** Een pige og 39 sømænd **19.50** Kriminalkommissær Barnaby **21.30** Katastrofen lurer **23.05** Boogie Listen

## NRK 1

**10.15** Seabiscuit **12.30** Freske fraspark **13.55** Lys og varme - KORK feirer Åge Aleksandersen **15.05** En kongelig familie **16.01** Pippi Langstrømpe **16.30** Habib **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lottotrekning **17.55** Harald Heide-Steen - en grenseløs gjøgler **18.55** 20 spørsmål **19.20** Sjukehuset i Aidensfield **20.05** Jobben er din! **21.05** Kveldsnytt **21.20** Evig din **23.05** Etter at du dro

## SVT 1

**10.25** Lappsjukan **11.25** Sanna Nielsen **11.55** Fyra syskon och en restaurang **12.55** Berättelsen om Moulin Rouge **13.50** Draknästet **14.50** Uppdrag Granskning **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** Bobster **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Babben & co **19.00** The 90's - ett försvarstal **20.55** Brottet och straffet **22.05** Pistvakt **22.35** Sjukan **23.05** Go **00.45** Sändningar från SVT24


MERKJA OUTLET

Stærsta Outlet landsins!

KORPUTORGI

| Dömufatnaður | Herrafatnaður |
| Íþróttafatnaður | Sundfatnaður |
| Barnafatnaður | Skór | Töskur | DVD |

Verðdæmi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dömubolir | 695 | FRØKEN PIL blússur | 2.495 |
| Dömubuxur | 995 | FRØKEN PIL buxur | 3.995 |
| Dömutöskur | 995 | FRØKEN PIL kjólar | 6.995 |
| Dömublússur | 1.595 | | |
| Kjólar | 1.995 | Barnabolir | 495 |
| | | Barnanáttföt | 995 |
| Bikinítoppar og buxur | 595 | Barnaskór | 995 |
| Arena sundskýlur, stráka | 2.495 | Barnabuxur | 1.495 |
| Arena sundbolir | 2.995 | | |
| Arena sundskýlur, karla | 3.495 | Markmannshanskar f/börn | 1.000 |
| | | Solla stirða, strigaskór | 2.495 |
| Gallabuxur, karla | 3.995 | Barbie, stelpuskór | 2.495 |
| Didriksons útivistarbuxur | 2.495 | Íþróttaálfurinn, strigaskór | 2.495 |
| Íþróttaskór, karla og kvenna | 5.495 | Æfingabuxur, stelpu | 2.995 |
| Didriksons útivistargalli, barna og unglinga | 4.995 | DVD | 500 |
| Viking barnastígvél | 1.895 | Tölvuleikir | 500 |
| Gúmmístígvél, svört (35-40) | 3.995 | DVD Þáttaraðir | 1.000 |

arena FRØKEN PIL Reebok ICHI VIKING DIDRIKSONS 1913 RUGBY JEANS CO. true ZARA

Allir kvenmannsskór með hæl á 1.000!

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400

## PERSÓNAN



*Hrafna Hanna Elísa Herberts-dóttir*

**Aldur:** 21 árs.
**Starf:** Vinnur í Löngubúð sem er kaffihús á Djúpavogi.
**Foreldrar:** Jónína Björk Ingvarsdóttir og Herbert Jón Hjörleifsson, skógræktarbændur.
**Búseta:** Teigarhorn í Berufirði.
**Stjörnumerki:** Meyja.

Hrafna Hanna er Idolstjarna ársins 2009. Hún bar sigurorð af Önnu Hlín í úrslitunum og hlaut tvær milljónir í verðlaun.

# Ekkert vín hjá Jóhönnu Guðrúnu

„Ég veit ekki af hverju fólk er að velta þessu fyrir sér, ég hef sagst vera bindindismanneskja og hef enga ástæðu til að ljúga um það, ég skil ekki hvers vegna fólk er að reyna að hanka mig á því,“ segir Jóhanna Guðrún Jónsdóttir. Eins og gefur að skilja er Jóhanna Guðrún nú í kastljósi fjölmiðlanna eftir frækilega frammistöðu í Moskvu. Hún má sig nú varla hreyfa án þess að næsti maður veiti því athygli.

Fréttablaðinu bárust þannig nokkrar ábendingar um mynd sem er að finna á Facebook-síðu förðunarfræðingsins Elínar Reynisdóttur. Þar stendur Jóhanna með glas í hendi og rauðleitur vökvi þess minnir eilítið á rauðvín. „Nei, þetta er orkudrykkur, rússneskur, og heitir Adrenalín, við vorum tvær bindindismanneskjur í Eurovision-hópnum og sötruðum á þessu þegar aðrir voru með áfengi um hönd,“ segir Jóhanna.

Söngkonan hefur annars í nægu að snúast þessa dagana, hefur verið að syngja og mæta í viðtöl hjá nánast allri íslensku pressunni eins og hún leggur sig. Á borði hennar er síðan aragrúi af tilboðum frá hinum og þessum stöðum. Eitt af þeim mest spennandi eru tónleikar í Tyrklandi. „Það yrði mjög gaman að koma þangað, tyrkneska söngkonan yrði þarna líka,“ segir Jóhanna en bæði Danir og Svíar hafa óskað eftir því að nýjasta þjóðareignin heiðri þá með nærveru sinni. **- fgg**



**EKKERT VÍN** Jóhanna er bindindismanneskja og skilur ekki, af þeim sökum, af hverju fólk er velta því fyrir sér hvort hún drekki eða ekki.



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** tveir eins, **8.** stroff, **9.** spíra, **11.** átt, **12.** gefið nafn, **14.** rými, **16.** hróp, **17.** segi upp, **18.** niður, **20.** drykkur, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** himna, **3.** frá, **4.** foksandur, **5.** sóða, **7.** geðsjúkrahús, **10.** máttur, **13.** lík, **15.** klettur, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** java, **6.** kk, **8.** fit, **9.** ála, **11.** na, **12.** nefnd, **14.** pláss, **16.** óp, **17.** rek, **18.** suð, **20.** te, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT:** **1.** skán, **3.** af, **4.** vindset, **5.** ata, **7.** kleppur, **10.** afl, **13.** nár, **15.** sker, **16.** ósa, **19.** óð.









## MARÍA LIND SIGURÐARDÓTTIR: DÚXAÐI Í KVENNASKÓLANUM Í REYKJAVÍK

# Fékk 10 í öllum prófunum

„Ég er ekkert sérstaklega skipulögð og á ekki einu sinni dagbók,“ segir María Lind Sigurðardóttir, dúx Kvennaskólans í Reykjavík. María útskrifaðist í gær af náttúrufræðibraut, líffræðilínu, með 9,61 í einkunn á stúdentsprófi en frá því hún byrjaði í skólanum hefur hún árlega verið með hæstu einkunn og var með tíu á öllum lokaprófum þessa árs. Hún situr ekki auðum höndum utan skóla, því frá barnsaldri hefur hún æft körfubolta með Haukum sem urðu nýlega Íslandsmeistarar og spilar á píanó í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Spurð hvernig hún komi öllu fyrir í dagskránni segist hún aldrei hafa vanist öðru en að hafa mikið að gera. „Ég byrjaði svo snemma í körfunni og píanónáminu að þetta komst upp í vana. Ég hef aldrei pælt í því hvernig væri að hætta. Þetta getur verið mjög erfitt á köflum, en maður kemst alltaf einhvern veginn í gegnum það. Ef það eru erfiðar vikur fram undan reyni ég að búa til plan og þegar ég sé að ég hef tíma fyrir þetta allt róast ég,“ segir María brosandi.

Maríu hefur alla tíð gengið vel í skóla, en segist aldrei hafa verið langt á undan samnemendum sínum og jafnöldrum. „Ég man ekki hvernig þetta var frá fyrsta upp í sjöunda bekk, en mér gekk mjög vel í unglingadeild. Ég var samt aldrei eins og sumir sem voru langt á undan og kláruðu stærðfræðibækurnar á undan öllum hinum. Ég hef alltaf tekið þetta á mínum tíma og reynt að vanda mig frekar en að drífa mig,“ segir María og telur að skólagangan, píanónámið og körfuboltinn spili vel saman. „Maður getur tekið eitthvað úr öllu og notað það, til dæmis agann úr tónlistinni og keppnisskapið úr íþróttunum, þegar maður vill standa sig vel í skólanum og gera betur en síðast.“



**FRÁBÆR ÁRANGUR** María Lind er ekki bara frábær námsmaður heldur er hún Íslandsmeistari í körfubolta með Haukum og er á 6. stigi í píanónámi við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðspurð segist María ekki vera í föstu sambandi en gefa sér tíma til að stunda félagslífið og rækta vinina. „Maður reynir að mæta á böll og svo eru vinirnir margir í körfuboltanum svo maður hittir þá daglega, en stundum koma auðvitað tímabil þegar það er mikið að gera og maður hefur engan tíma,“ útskýrir María og segist hlakka til sumarsins. „Ég er að fara að vinna í sumarbúðum fyrir fatlaða í Reykjadal í Mosfellssveit. Ég byrjaði sumarið eftir tíunda bekk í afleysingum í eldhúsinu og hef ekkert farið síðan. Ég var í eldhúsinu í tvö sumur og hef verið fóstra núna. Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og ég hlakka alltaf til,“ segir hún. „Ég er ekki búin að ákveða hvað ég geri næsta vetur, en ég fer líklega í Háskóla Íslands í einhverjar raungreinar. Ég á bara eftir að ákveða hvað ég skrái mig í, en ég ætla að leggjast yfir þetta um helgina.“ **alma@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Ómar R. Valdimarsson** PR-maður og laganemi hefur í nægu að snúast. Hann skrifaði tölvert fyrir Reuters-fréttaveituna þegar bankahrunið reið yfir þjóðina og hér voru haldnir blaðamannafundir nánast daglega í Iðnó. Ómar hefur nú söðlað um og verður Bloomberg-fréttaveitunni innan handar við að afla upplýsinga um hvað er hér á seyði. Þetta þýðir hins vegar að Ómar verður í samkeppni við föður sinn, Ómar Valdimarsson, sem starfar fyrir Reuters.



Ekki er óalgengt að popptónlistarmenn hafi umboðsmann sér til halds og traust. Hins vegar fer ekki mörgum sögum af því að klassískir tónlistarmenn séu með slíka aðila innan sinna vébanda. **Hjörleifur Valsson**, einn vinsælasti fiðluleikari landsins, hefur þó neyðst til að ráða sér umboðsmann enda hefur hann vart undan að taka við tónleikabókunum og öðrum beiðnum. Sá heppni ku heita Hallur Hallsson og er liðsmaður Varsjárbandalagsins.

Og það er varla hægt að sleppa við Eurovision alveg strax enda svífur þjóðin enn um á bleiku skýi. Samkvæmt áhorfstölum hafa aldrei fleiri horft á úrslitakvöldið og nú. Tæplega 122 milljónir áhorfenda sátu límdar við skjáinn þegar **Jóhanna Guðrún** söng sig inn í hug og hjörtu Evrópu með Is It True? Samkvæmt niðurstöðum EBU, samtaka evrópskra sjónvarpsstöðva, náðist að bæta áhorfið um sautján milljónir frá því í Belgrad í fyrra. **- fgg**








# Spurningaspil í atvinnuleysi

Nýtt spurningaspil, Spurt að leikslokum, kemur út 5. júní. Höfundar eru félagarnir Steinþór Steingrímsson og Ölvir Gíslason, sem misstu báðir vinnuna í haust. Ætla þeir að eyða næstu tveimur vikum í að raða spilinu sjálfir ofan í kassa. „Okkur datt í hug að dútla við þetta upp úr áramótum. Svo ákváðum við að láta slag standa fyrir tveimur mánuðum og klára þetta,“ segir Steinþór.

Spurt að leikslokum er ekki borðspil og er án tenings og því er hægt að spila það hvar sem er, meðal annars í bílnum eða útilegunni. Í því eru 1.620 spurningar sem er skipt í sex flokka.

Steinþór og Ölvir eru síður en svo óreyndir úr spurningabransanum því þeir hafa samið spurningar fyrir spurningakeppnina á Grand Rokk auk þess sem þeir hafa hist í heimahúsi ásamt fleiri vinum og haldið spurningakvöld undanfarin ár. Þeir skemmtu sér vel við gerð nýja spilsins. „Við skemmtum okkur konunglega sjálfir og vonum að fólk sem spili það skemmti sér jafn vel. Ef það gerir það verður þetta besta spurningaspil sem hefur komið út,“ segir Steinþór og sparar ekki stóru orðin. Spurt er um marga kunna Íslendinga í spilinu og ætla þeir félagar að bjóða þeim öllum í útgáfupartíið sem verður haldið á næstunni. Þar má nefna Jóhönnu Sigurðardóttur, Hannes Smárason, Júlíus Brjánsson, Júlla í Draumnum, Olgu Færseth og Halla, bróður Ladda. „Þetta verður skemmtilegt partí. Þetta eru mörg hundruð manns sem við þurfum að bjóða en við gerum kannski ekki ráð fyrir að allir mæti.“

Spilið verður til sölu í verslunum og á heimasíðunni Spurtadleikslokum.is þar sem það kostar 2.990 krónur á sérstöku kynningarverði. Steinþór segir þá félaga alls ekki sjá eftir að hafa nýtt atvinnuleysið á þennan skapandi hátt. „Við sjáum ekki eftir því, nema þetta geri okkur gjaldþrota. Þá verðum við bara gjaldþrota með bros á vör.“ **- fb**



**SPURNINGASÉNÍ** Steinþór Steingrímsson (til hægri) og Ölvir Gíslason, höfundar spurningaspilsins Spurt að leikslokum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


heima
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
Afnemum virðisaukaskattinn og gefum 10% auka afslátt
SÍÐASTI DAGUR!
Öndvegi
rúm
kommóður
rúmfatnaður
koddar
teppi
púðar
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
mood
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
Minnum á lagersöluna okkar í Askalind 2a, 201 Kóp. Sími 568 3242.
40-70% afsláttur.
Opið laugardag 12-17, sunnudag 13-17.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Daviðs Þórs Jónssonar

## *Fljótandi Smáralind á sterum*

Það er ekkert að því að veiða sér til matar. Þannig má sameina holla útiveru sjálfsbjargarviðleitni sem manninum virðist vera eðlislæg. Að á menn renni drápsæði þannig að allt kvikt, sem á vegi þeirra verður, liggi örent á eftir flokkast ekki undir það. Sömuleiðis er ekki stigsmunur á því að kunna að meta góð vín með góðum mat og því að vera fullur allan sólarhringinn sjö daga vikunnar, heldur eðlismunur. Hófsemi er dyggð, hún þarf ekki að fela í sér neinn niðurdrepandi meinlætalifnað.

**NÚ** er skemmtiferðaskip í Reykjavíkurhöfn. Því fylgir gjaldeyrir sem okkur veitir ekki af. Auk þess hefur fólk gott af því að skipta um umhverfi og anda að sér fersku sjávarlofti. Það bætir líka hvern mann að skoða heiminn og kynnast framandi þjóðum og menningu þeirra. Það er ekkert rangt við að eiga frí og nota það til ferðalaga.

**AFTUR** á móti runnu á mig tvær grímur þegar það var upplýst að nóttin um borð kostar hálfa milljón. Ferðin hingað til lands kostar því um fimm milljónir króna. Að vísu er fæðið innifalið í verðinu, en um borð eru nokkrir veitingastaðir. Á einum þeirra er trosið meira að segja étið af Versace-diskum. Einnig eru sundlaugar, verslanir og spilavíti um borð. Þarna er sem sé boðið upp á hvers konar afþreyingu í formi sömu verslunar, neyslu og þjónustu og farþegarnir eiga að venjast heima fyrir. Að vísu reikna ég með því að það sé frítt í sund.

**NÚ** vil ég ekki hljóma eins og krumpaður fýlupoki, en ég get ekki að því gert að mér finnst dálítið úrkynjað að borga margar milljónir fyrir að fá að vera lokaður inni í einhverri fljótandi Smáralind á sterum dögum saman, jafnvel þótt manni gefist kostur á að brjóta upp búðarápið með því að kíkja á Gullfoss og Geysi eins og einn eftirmiðdag. Það er eitthvað rangt við það, eitthvað sem storkar velsæmiskennd minni. Reyndar myndi ég ganga svo langt að segja að það sýni slíkan skort á lágmarksdyggðum í ætt við hófsemi, samhygð og smekkvísi að jaðri við úrsögn úr samfélagi siðaðra manna.

**ÁRIÐ** 1986 var tveim hvalbátum sökkt í Reykjavíkurhöfn. Einhverjir ofurhugar gerðu sér lítið fyrir og losuðu botnlokur skipanna til að vekja athygli á málstað sínum. Hérmeð auglýsi ég eftir þeim sem þar voru að verki. Ég er með verkefni handa þeim.

## GÓÐAN DAG!

**í dag er laugardagurinn 23. maí 143. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.48 | 13.24 | 23.03 |
| Akureyri | 3.08 | 13.09 | 23.14 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


